

**Guðmundur St. Sigurðarson  
Bryndís Zoëga**

# **Fornleifaskráning Skagabyggðar: Kálfshamar, Saurar og Ós**



**Bygðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2012/122**

Forsíðumynd: Kálfshamarsnes, horft til vesturs.



© Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga  
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki  
2012/122

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Tilgangur fornleifaskráninga .....	2
Aðferð við skráningu .....	3
Kálfshamar – söguágrip .....	4
Fornleifaskrá .....	6
Klauf (Í Klaufinni) .....	33
Saurar – söguágrip .....	42
Fornleifaskrá .....	44
Saurasel .....	69
Sel í Sellág .....	72
Sel gegnt Tjarnarseli .....	74
Ós - söguágrip .....	80
Fornleifaskrá .....	82
Gullkelda .....	99
Viðbætur – áður óskráðar minjar í landi Tjarnar .....	106
Samantekt og niðurstöður .....	109
Heimildir .....	115

## ***Inngangur***

Haustið 2010 lauk þriðja áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið og voru eftirtaldar jarðir skráðar í þessum áfanga: Krókur, Hólmi, Björg (Ytri og Syðri), Sviðningur, Kálfshamarsvík, Saurar, Ós, Mánavík og Ásbúðir.

Í þessari skýrslu er fjallað um jarðirnar Kálfshamarsvík, Saura og Ós. Um er að ræða heildarskráningu á þessum jörðum þar sem fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar eru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Heimildavinna vegna skráningarinnar fór fram vordögum 2009 og 2010 og var í höndum Berglindar Þorsteinsdóttur og Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðinga. Vettvangs- vinna fór fram síðsumars 2010 og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Guðmundi sem sá að auki um skýrslugerð.

Landeigendum og heimildamönnum kunnum við bestu þakkir fyrir veittar upplýsingar og aðstoð.

### ***Tilgangur fornleifaskráninga***

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

### ***Aðferð við skráningu***

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær bæjarstæðið á Kálfshamri númerið 1 (auðkennt Kálfshamar - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Kálfshamar - 1, 13555.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is). Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjunum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á svonefndum túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## Kálfshamar – söguágríp



Mynd 1, horft til suðausturs heim að gamla bæjarstæði Kálfshamars. Bærinn stóð á hól í túninu fyrir miðri mynd neðan við óslegna brekku vinstra megin við miðju. Beint niður af óslegna blettinum er fjárhústóft sunnan við veginn. Önnur fjárhús stóðu þar sem steinsteypta hlaðan stendur og tvenn útihús stóðu neðan (vestan) við gamla bæinn.

Í Húnaþingi II segir um Kálfshamar: „Þar eru nú engin bæjarhús. Bærinn stóð áður norðaustan við samnefndan hamar, við sunnanverða Kálfshamarsvík. Á Kálfshamri er sæmilega gott til ræktunar og fjárbeit góð til lands og sjávar. Útræði ágætt.“ (Húnaþing II, 85).

Kálfshamars er fyrst getið í Sigurðarregistri frá 1525, þar talin með óbyggðum jörðum í eigu Þingeyrarklausturs<sup>1</sup>. Í reikningum frá 1552 er jörðin í byggð og enn í eigu Þingeyrarklausturs.<sup>2</sup>

### Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabók frá 1708 segir að túninu spilli „grjótsuppgangur“ og vatn sem sígi á völinn og éti rótina til stórskaða. Engjaheyskapur takmarkist við það sem hægt er að hirða í hagmýrum og votum brokflóum. Réttur til upprekstrar á afrétt tilheyrði ekki jörðinni en kvikfé sagt stafa hætta af mýrardýjum sem oft hafi hlotist skaði af. Til hlunninda er talin torfrista og stunga næg og mósukurður til eldiviðar sömuleiðis. Þá er trjáreki sagður sæmilegur, en hvalreki tilheyrir ekki jörðinni. Heimræði er sagt sæmilegt og lending góð og skip heimabónda hafi gengið eftir því sem hann kom því við en sjaldan fleiri en eitt. Uppsátur var áður leigt út einu skipi fyrir einn fisk af hverjum róðri (svonefndan lóðarfisk).<sup>3</sup>

### Ábúð

Kálfshamar var eins og áður sagði í eyði 1525 en í byggð 1552, þegar manntalið var tekið árið 1703 virðist jörðin aftur hafa verið komin í eyði<sup>4</sup> og í jarðabók frá 1708 segir: „Þessi jörð hefur í eyði verið í næstu tvö ár.“<sup>5</sup> Árið 1835 voru 11 skráðir til heimilis á Kálfshamri og 16 þegar flest er árið 1890. Jörðin var í byggð fram til 1956 en eftir það nytjuð frá Saurum.<sup>6</sup>

Árið 1855 voru þrjár skráðir til heimilis á Kálfshamarsnesi sem skilgreint var sem þurrabúð en hennar er ekki getið í öðrum manntölum<sup>7</sup>. Árið 1860 var Jón Guðmundsson, skráður tómthúsmaður, til heimilis í Kálfshamarsvík ásamt eiginkonu og 4 börnum en

<sup>1</sup> Íslenskt Fornbréfasafn IX, 314.

<sup>2</sup> Íslenskt Fornbréfasafn XII, 451.

<sup>3</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 471.

<sup>4</sup> Jarðarinnar er í það minnsta ekki getið í manntalinu frá 1703.

<sup>5</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 470.

<sup>6</sup> Húnaþing II, 85.

<sup>7</sup> Þ.e. rafrænum manntölum sem aðgengileg eru á Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands.

Kálfshamarsvíkur er ekki getið í öðrum manntölum.<sup>8</sup> Á fyrri hluta 20. aldar byggðist upp lítið sjávarþorp á Kálfshamarsnesi við Kálfshamarsvík með um 100 íbúa þegar mest var á þriðja áratugnum, byggðin varði þó stutt og lagðist af uppúr 1940.<sup>9</sup>

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Kálfshamar	1686 <sup>10</sup>	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	3
Kálfshamar	1696 <sup>11</sup>	Þingeyrarklaustur	10 hndr	60 álnir	1 ½
Kálfshamar	1708 <sup>12</sup>	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	2
Kálfshamar	1847 <sup>13</sup>	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	2
(mat hreppstjóra)	1847 <sup>14</sup>	-	-	-	1
Kálfshamar	1861 <sup>15</sup>	-	8,7 hndr	-	-

## Sel

Í jarðabók frá 1708 segir að Kálfshamar eigi selstöðu í Sviðningslandi „og hefur brúkast átölulaust oflega meðan jörðin byggðist“ en í mót hafði Sviðningur skipsstöðu í Kálfshamarslandi.<sup>16</sup>

### *Kálfshamarsvík/Kálfshamarsnes*

Óvíst er um aldur elstu byggðar á Kálfshamarsnesi en þar voru fornar tóftir þegar Ólafur Olavíus var á ferð undir lok 18. aldar, og hugmyndir um að þar væru verslunarhús sem Írar eða Hamborgarmenn hefðu rekið.<sup>17</sup> Undir lok 19. aldar voru sett niður nokkur hús á nesinu og fljótlega upp úr aldamótunum tók að myndast þar töluverð byggð og var orðið að litlu sjávarþorpi með um 100 íbúa á milli 1920 og 1930 eins og fram hefur komið. Þegar mest var umleikis voru tvær bryggjur í vikinni og íshús. Viti var á nesinu ásamt 15-20 kotum og barnaskóla. Byggðin lagðist svo af uppúr 1940 og voru mörg húsanna rifin og flutt, sum á Skagaströnd en önnur að Blönduósi.<sup>18</sup> Töluverð ummerki eru um þessa gömlu byggð, tóftir torfbygginga ásamt grjóthlöðunum og steiptum húsgrunnum og sökklum. Þessar minjar hafa allar verið merktar með nafni og ártali fyrir upphaf og enda byggðar. Engin uppistandandi hús eru nú í nesinu önnur en Vitinn og hreinlætisaðstaða fyrir ferðafólk en ein skemma stendur við víkina skammt frá gamla íshúsinu.

<sup>8</sup> *Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*. Skoðaður þann 11.04.2011.

<sup>9</sup> Sjá umfjöllun um Kálfshamarsvík í *Árbók Ferðafélags Íslands*, 2007, 198-199.

<sup>10</sup> Björn Lárússon (1967), 242.

<sup>11</sup> Björn Lárússon (1967), 242.

<sup>12</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 470.

<sup>13</sup> *Jarðatal á Íslandi*, 243.

<sup>14</sup> *Jarðatal á Íslandi*, 243.

<sup>15</sup> *Ný jarðabók*, 90.


<sup>16</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 471.

<sup>17</sup> Ólafur Olavíus, *Ferðabók 2.bindi*.

<sup>18</sup> Sjá umfjöllun um Kálfshamarsvík í *Árbók Ferðafélags Íslands*, 2007, 198-199.



## Fornleifaskrá



Mynd 2, Túnakort eftir Ágúst B. Jónsson frá 1921 lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni. Nr. 1 bærinn, 2 fjósið o.s.frv. Samkvæmt upplýsingum á kortinu hefur túnið verið 2 ha. Eða  $6\frac{1}{4}$  dagslátta og matjurtagarður  $60m^2$ .

### Kálshamar - 1

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Bæjarhóll/dældir

**Staðhættir**

Bærinn stóð á hól fyrir miðju gamla túninu og var fjós sambyggt honum (Túnakort frá 1921).

**Lýsing**

Bæjarhóllinn er stór ávalur náttúruhóll um  $22 \times 30m$  að utanmáli. Einu sjáanlegu leifar bæjarins eru fjórar dældir á hólnum  $20-70m$  djúpar.

**Aðrar upplýsingar**

Á túnakortinu frá 1921 eru útmörk túnsins sýnd og hús merkt inn, þar stendur við bæjarsamstæðuna, „bær og fjós“ í úttekt á jörðum Þingeyrarklausturs frá árinu 1829 er hins vegar sagt að fjárhús séu sambyggð bænum. Þá samanstendur bærinn nánar til tekið af: baðstofu, eldhúsi, búrhústóft, „fjárhústóft innanbæjar“, göngum, útidyrum og áfastur við bæjardyrnar var kofi (Úttekt nr. 101). Árið 1832 er fjárhústóftin horfin og komið nýtt búrhús: þá eru baðstofa, skáli, búrhús, eldhús og anddyri. Þar segir jafnframt að undir öllum bænum sé hlaðin stétt (Úttekt nr. 108).

### Kálshamar - 2

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Dældir

**Staðhættir**

Bærinn stóð á hól fyrir miðju gamla túninu og var fjós sambyggt honum (Túnakort frá 1921).

## Lýsing

Bæjarhóllinn er stór ávalur náttúruhóll um 22x30m að utanmáli. Einu sjáanlegu leifar bæjarins eru fjórar dældir á hólnum 20-70sm djúpar.

### Aðrar upplýsingar

Á túnakortinu frá 1921 eru útmörk túnsins sýnd og hús merkt inn, þar stendur við bæjarsamstæðuna, „bær og fjós“ í úttekt á jörðum Þingeyrarklausturs frá árinu 1829 er hins vegar sagt að fjárhús séu sambyggð bænum. Þá samanstandur bærinn nánar til tekið af: baðstofu, eldhúsi, búrhústóft, „fjárhústóft innanbæjar“, göngum, útidyrum og áfastur við bæjardyrnar var kofi (Úttekt nr. 101). Árið 1832 er fjárhústóftin horfin og komið nýtt búrhús: þá eru baðstofa, skáli, búrhús, eldhús og anddyri. Þar segir jafnframt að undir öllum bænum sé hlaðin stétt (Úttekt nr. 108).

### Kálfshamar - 3

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1921 eru sýnd tvö frístandandi hús í túninu rétt vestan við bæ. Það syðra (nr. 3) um helmingi stærra en hitt (nr. 4). Engar leifar þessara húsa sáust á yfirborði við vettvangsskráningu 2010. Hnit voru tekin af loftmynd sem búið var að leggja túnakortið yfir og verður því að hafa nokkurn fyrirvara á nákvæmni þeirra.

### Kálfshamar - 4

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Á túnakorti frá 1921 eru sýnd tvö frístandandi hús í túninu rétt vestan við bæ. Það syðra (nr. 3) um helmingi stærra en hitt (nr. 4). Engar leifar þessara húsa sáust á yfirborði við vettvangsskráningu 2010. Hnit voru tekin af loftmynd sem búið var að leggja túnakortið yfir og verður því að hafa nokkurn fyrirvara á nákvæmni þeirra.

### Kálfshamar - 5

**Hlutverk:** Óþekkt/útihús

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Á túnakorti frá 1921 er sýnt útihús á óræktarbletti um 80m suðaustur af bæ. Þarna er í dag steinsteypt hlaða, byggð 1976 (samkvæmt vef Fasteignamats Ríkisins, [www.skra.is](http://www.skra.is), skoðað 4.12.2012).

### Aðrar upplýsingar

Á túnakortinu frá 1921 eru teiknaðar inn þrjár punktalínur sem óvíst er hvernig skal túlka, en hugsanlega er um götur eða slóðir innan túns að ræða. Ef svo er þá hefur gata legið yfir túnið neðan við nr. 3 og 4 og slóð niður á hana frá bænum norðaustan við hús nr. 4. Sömuleiðis virðist gata hafa legið á ská yfir túnið til suðausturs frá bænum í átt að húsi nr. 5, þar sem nú er steinsteypt hlaða.

## Kálfshamar - 6

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1921 er sýndur afgirtur kálgarðsreitur suður af fjárhúsunum nr. 5, það var þá utan ræktaðs túns en er nú í sléttu túni og sáust engin merki matjurtagarðsins við vettvangsskráningu 2010.



Mynd 3, leifar brunns suður af bæ á Kálfshamri, brunnhúss, samkvæmt túnakorti frá 1920.

## Kálfshamar - 7

**Hlutverk:** Óþekkt, brunnur

**Tegund:** Niðurgröftur með hleðslu.

### Staðhættir

Á túnakorti frá 1921 er sýnt brunnhús suður af bæ. Í sléttu túni, rúmlega 30m suður af bæjarhólnum eru leifar brunnhússins, niðurgröftur með hleðslu.

### Lýsing

Niðurgröfturinn er um 1m í þvermál og 30-50sm djúpur með grjóthlaðinni innbrún að austanverðu.

## Kálfshamar - 8

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Á túnakorti frá 1921 er sýnd heimreið, sem liggur til norðausturs af bæjarhlaðinu. Þarna er slétt tún í dag og sáust engin merki heimreiðarinnar við vettvangsskráningu 2010.

### Aðrar upplýsingar

Á túnakortinu frá 1921 eru teiknaðar inn þrjár punktalínur sem óvíst er hvernig skal túlka, en hugsanlega er um götur eða slóðir innan túns að ræða. Ef svo er þá hefur gata legið yfir túnið neðan við nr. 3 og 4 og slóð niður á hana frá bænum norðaustan við hús nr. 4. Sömuleiðis virðist gata hafa legið á ská yfir túnið til suðausturs frá bænum í átt að húsi nr. 5, þar sem nú er steinsteypt hlaða.

## Kálfshamar - 9

**Hlutverk:** Fjárhús


**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Í túni, 65m norðan við bæjarhólinn, fast sunnan við veginn sem liggur að Kálfshamarsvík er tóft.

### Lýsing

Tóftin snýr NNA/SSV og er 10x18,5m að utarmáli. Veggir eru 40-110sm og mest rúmlega 1,5m á breidd, þeir eru grasi grónir. Erfitt er að átta sig á innra fyrirkomulagi tóftarinnar vegna mikils gróðurs. Nyrst virðist vera einhölukró eða kofi af einhverju tagi og sunnan við hana garðahús, en hlaða bak við (austan við) hvort tveggja. Syðst eru önnur samföst hús með garða en engin hlaða austan við þau.



### Kálfshamar - 10

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í sléttu túni, rúmlega 50m VSV af bæjarhólnum er smá hóll eða þúst.

**Lýsing**

Þústin er 4,5x7m að utanmáli, 20-40sm há með ávölum brúnum og virðist manngerð.



### Kálfshamar - 11

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í sléttu túni, um 55m suðvestur af bæjarhólnum er tóft.

**Lýsing**

Austurhluti tóftar er greinilegur, 18m langur veggur sem liggur í boga frá norðri til suðurs, 10-20sm hár. Vestan við virðist vera ógreinilegur veggur, tæplega 20m langur og 10sm hár. Breidd tóftar er um 11m og er austurveggur um 2m á breidd en mögulegur vesturveggur allt að 3m. Mögulegt er að vesturveggur sé ekki manngerður og austurveggur gæti þá verið náttúrulegt hrun.

### Kálfshamar - 12

**Hlutverk:** Torftökusvæði

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Sunnan við gamla túnið á Kálfshamri eru óljós ummerki um torftöku á um 0,2 ha svæði í votlendri brekku sem hallar til norðvesturs. Um 20-30sm háir bakkar sjást á nokkrum stöðum undan brekkunni, en svæðið er algróið.

### Kálfshamar - 13

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Sunnan við torftökusvæðið (sjá nr. 12) eru farnar tóftir sem liggja í röð frá norðaustri til suðvesturs.

**Lýsing**

Fyrsta tóftin að norðan er 5x6m að utanmáli og er í órækt innan núverandi túngirðingar. Veggir eru 20-70sm háir, algrónir grasi og hlaupnir í þúfur. Þeir eru rofnir til suðurs og vesturs en heillegri til norðurs og austurs. Óvíst er hvort dyr/hlið hefur verið á tóftinni en þá hefur það að líkindum verið til suðurs eða vesturs.



**Kálfshamar - 14****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Sunnan við torftökusvæðið (sjá nr. 12) eru farnar tóftir sem liggja í röð frá norðaustri til suðvesturs.

**Lýsing**

Önnur tóft að norðan snýr norðaustur/suðvestur og er 4x6m að utanmáli. Veggir eru 30-60sm háir, rúmlega 1m á breidd og algrónir grasi. Engar dyr eru greinanlegar.

**Kálfshamar - 15****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Sunnan við torftökusvæðið (sjá nr. 12) eru farnar tóftir sem liggja í röð frá norðaustri til suðvesturs.

**Lýsing**


Þriðja tóftin að norðan liggur norður/suður og dyr gætu verið á norðvesturhorni. Tóftin er algróin grasi og hvergi sér í grjóti. Hún er 5x8m að utanmáli, veggir eru 30-60sm háir og mest um 1,5m á breidd.

**Kálfshamar - 16****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Hættumat:** Tóftin er í hættu vegna landbrots**Staðhættir**

Sunnan við torftökusvæðið (sjá nr. 12) eru farnar tóftir sem liggja í röð frá norðaustri til suðvesturs.

**Lýsing**

Syðsta tóftin liggur um 1,5m frá bjargbrún, hún er opin til vesturs. Tóftin er 4x5m að utanmáli, grasi gróin og veggir 20-40sm.



### **Kálfshamar - 17**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir og lýsing**

Um 300m suður af bæjarhólnum á Kálfshamri eru umfangsmiklar mógrafir tæplega ½ ha að flatarmáli. Grafirnar eru algrónar á bilinu 20-60sm djúpar.

### **Kálfshamar - 18**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

#### **Staðhættir og lýsing**

Norðvestan við mógrafarsvæði (nr. 17) eru þrennar mótóftir. Vestust er tóft sem liggur norður/suður, 3x4,5m að utanmáli með 40-50sm háa vegg um 1m breiða.

### **Kálfshamar - 19**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

#### **Staðhættir og lýsing**

Norðvestan við mógrafarsvæði (nr. 17) eru þrennar mótóftir. Fyrir miðið er þúst sem er um 6m í þvermál og 100-150sm há, algróin grasi.

### **Kálfshamar - 20**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

#### **Staðhættir og lýsing**

Norðvestan við mógrafarsvæði (nr. 17) eru þrennar mótóftir. Austust er þúst sem liggur norðvestur/suðaustur, 4x5,5m að utanmáli og 50x100sm á hæð. Hún er algróin grasi.



*Mynd 4, horft til suðurs eftir vegslóða meðfram túninu þar sem Nýibær stóð áður. Steinn með upplýsingum um bæinn sést fyrir miðri mynd vestan við veginn en grjótið sem hreinsað hefur verið úr túninu austan hans, hugsanlega að einhverju leyti hleðslugrjóti úr byggingunni.*

### **Kálfshamar - 21**

**Sérheiti:** Nýibær

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Nýibær stóð skammt sunnan við núverandi afleggjara niður að Kálfshamarsvík, tæpum 600m austan við bæjarstæði Kálfshamars og um 200m vestan Skagavegar. Þar er í dag ræktað tún vestan undir mosagrónum sjávarkömbum og vegslóði meðfram austurjaðri túnsins.

## Lýsing

Engar minjar um þetta býli fundust við vettvangsskráningu 2010. En grjóthruga í austanverðum túnjaðrinum kann að geyma hluta af hleðslugrjóti bygginga sem jafnaðar hafa verið við túnrækt. Grjóthrúgan er um 80sm há og um 3,2x4,2m á kant (NA-SV).

### Aðrar upplýsingar

Hnit voru tekin á steini með skilti með upplýsingum um Nýabæ og ábúendur hans, en þar kemur farm að bærinn hafi verið byggður 1912 af Sigurjóni Hallgrímssyni sem bjó þar til 1915 en þá var bærinn rifinn. Í örnefnaskrá segir: „Fyrir austan flóann, sunnan vegar, var Nýibær. Nokkuð langt er síðan hann var byggður, lagðist hann í eyði og var byggður aftur 1913. Eftir það var hann fá ár í byggð.“ (ÖJB, 8).

## Kálfshamar - 22

**Sérheiti:** Jaðar

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Jaðar stóð skammt austur af sumarbústaðnum sem stendur í túninu norðan afleggjarins niður að Kálfshamarsvík. Smá óræktar blettur er austan við bústaðinn og þar er steinn með upplýsingum um býlið Jaðar. Engar húsarústir eða byggingaleifar fundust á vettvangi 2010.

### Aðrar upplýsingar

Á skiltinu segir að bærinn hafi verið byggður skömmu eftir 1920 af Lárusi Guðjónssyni en síðast hafi þar búið Frímenn Lárússon ásamt konu og börnum fram til ársins 1934. Í örnefnaskrá segir: „Suður eða suðaustur frá Steinholtbrekkum er Húsabrunn. Nafnið er dregið af fjárhúsum, sem voru þar; líklega eru enn fjárhús þar. Þar voru tómthúsmannabústaðir, Jaðar, Blómsturvellir og Garðshorn (fyrirnefnt), allt saman kot, sem öll eru löngu komin í eyði.“ (ÖJB, 8).



Mynd 5, horft til norðurs yfir rústir Garðshorns, byggt eftir 1900 farið í eyði 1962.

## Kálfshamar - 23

**Sérheiti:** Garðshorn

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Rústir býlisins Garðshorns eru um 25m norður af sumarbústaðnum norðan vegarins niður að Kálfshamarsvík.

### Lýsing

Torfveggir eru sitthvoru megin við steiptan sökkul. Veggirnir eru að mestu hrundir og grónir um 1-2m breiðir og 50sm háir. Leifar af skorsteini og gamalli eldavel eru innan sökkulsins ásamt öðrum byggingaleifum. Vestan sökkulsins er einföld tóft og virðist hafa verið gengt í gegnum hana meðfram húsinu. Austan við er þrískipt tóft, ein að norðanverðu með dyrum til austurs og tvær sem liggja þvert á hana og hafa líklega verið með þilstafni suður á hlaðið.

### Aðrar upplýsingar

Á skilti við rústirnar segir að Garðshorn hafi verið byggt af Júlíusi Jósefssyni eftir 1900 og síðast hafi þar búið Margrét Pálsdóttir með dætrum sínum fram til 1962. Í örnefnaskrá segir: „Suður eða suðaustur frá Steinholtbrekkum er Húsabrún. Nafnið er dregið af fjárhúsum, sem voru þar; líklega eru enn fjárhús þar. Þar voru tómthúsmannabústaðir, Jaðar, Blómsturvellir og Garðshorn (fyrrnefnt), allt saman kot, sem öll eru löngu komin í eyði.“ (ÖJB, 8).

### Kálfshamar - 24

**Hlutverk:** Vatnsból/brunnur

**Tegund:** Niðurgröftur með hleðsla

#### Staðhættir og lýsing

Um 10m suðvestur af rústum Garðshorn er niðurgrafinn og hlaðinn brunnur við skurðbakka. Brunnurinn er um metri að þvermáli og annað eins að dýpt.




### Kálfshamar - 25

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir og lýsing

Um 40m NNV af rústum Garðshorns er lítil tóft. Tóftin er 5x5m að utanmáli og snýr NNV-SSA með dyr til norðurs, veggir eru á bilinu 50-130sm háir og rúmlega 1m breiðir.



### Kálfshamar - 26

**Sérheiti:** Blómsturvellir

**Hlutverk:** Híbýli/tómthús


**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir og lýsing

Samkvæmt skilti sem stendur niður við afleggjarann að Kálfshamarsvík var býlið Blómsturvellir við norðausturhorn túnsins sem er norðan afleggjarans og gengt túnunum á Kálfshamri sunnan vegar. Engar minjar um þetta býli fundust við vettvangsskráningu 2010.

### Aðrar upplýsingar

Í Húnavöku segir: „Fyrir ofan Garðshorn voru Blómsturvellir. Það var torfbær með timburhálfgafla að framan, þann bæ byggði Páll Benediktsson, sem áður bjó á Framnesi.“ (Húnavaka 1982, 40). Í örnefnaskrá segir: „Suður eða suðaustur frá Steinholtbrekkum er Húsabrún. Nafnið er dregið af fjárhúsum, sem voru þar; líklega eru enn fjárhús þar. Þar voru tómthúsmannabústaðir, Jaðar, Blómsturvellir og Garðshorn (fyrrnefnt), allt saman kot, sem öll eru löngu komin í eyði.“ (ÖJB, 8). Ekkert fjárhús fannst á þessum slóðum við vettvangsskráningu 2010.





### Kálfshamar - 27

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir


Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkja, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkju er Húsabrún; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Upp á Steinholti eru nokkrar hleðslur og tóftir sem erfitt er að segja hvaða tilgangi hafa þjónað.

#### Lýsing

Syðst er aflöng tóft, líkust smalabyrgi, 2x3m (A-V) að utanmáli með dyr eða op til vesturs. Veggir eru grjóthlaðnir um 1m háir og um 70-100sm breiðir.

#### Aðrar upplýsingar

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir Jón Ól Benónýsson: „Sagnir eru um, að útlendir ofríkismenn eða sjómenn hafi verið drepnir uppi á Steinholti og dysjaðir þar.“ (ÖJB, 8). Hugsanlega er sú sögn tilkomin vegna þessara hleðslna, en ekkert bendir sérstaklega til að hér sé um dysjar að ræða þótt erfitt sé að fullyrða um það. Holtið sem minjarnar standa á er afar grýtt og óljós skil eru milli hruninna hleðslna og náttúrulegra ójafna á holtinu. Undir tóft nr. 27 og hleðslu nr. 28 er líkt og aflöng tóft um 6m löng og 4,5m breið að utanmáli sem opnast til VSV, ekki er ljóst hvort um náttúrumyndun eða mannvirki er að ræða.



### Kálfshamar - 28

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

#### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkja, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkju er Húsabrún; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Upp á Steinholti eru nokkrar hleðslur og tóftir sem erfitt er að segja hvaða tilgangi hafa þjónað.

#### Lýsing

Næst syðsta hleðslan er hringlaga um 2m í þvermál að utanmáli og um 70sm í þvm. að innanmáli, með 40sm háa vegg.

#### Aðrar upplýsingar

Sjá nánar nr. 27.

**Kálfshamar - 29****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkja, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkju er Húsabrún; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Upp á Steinholti eru nokkrar hleðslur og tóftir sem erfitt er að segja hvaða tilgangi hafa þjónað.

**Lýsing**

Um 3m norðan við hleðslu nr. 28 er önnur og stærri hleðsla. Hún er um 3x4m að utanmáli og liggur samsíða brekkubrúninni NNV-SSA. Dæld er í miðjunni um 1x1,4m. Veggir eru grjóthlaðnir um 10-30sm háir að utanverðu en 30-40sm að innanverðu.

**Aðrar upplýsingar**

Sjá nánar nr. 27.

**Kálfshamar - 30****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkja, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkju er Húsabrún; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Upp á Steinholti eru nokkrar hleðslur og tóftir sem erfitt er að segja hvaða tilgangi hafa þjónað.

**Lýsing**

Um 4m austan við hleðslu nr. 29 er niðurgráfin lítil tóft, 1,7x1,8m að utanmáli. Einföld steinaröð efst, opin til suðurs, en 50-60sm djúp hola innan þeirra, stórgrýtt í hliðum og botni.

**Aðrar upplýsingar**

Sjá nánar nr. 27.

**Kálfshamar - 31****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkja, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkju er Húsabrún; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Upp á Steinholti eru nokkrar hleðslur og tóftir sem erfitt er að segja hvaða tilgangi hafa þjónað.

**Lýsing**

Rúman metra austur af minjum nr. 30 er annar niðurgröftur með hleðslu. Tóftin eða niðurgröfturinn er 3x3m að utanmáli með hlöðnum veggjum á bilinu 20-30 sem háum og 80-160sm breiðum, ögn niðurgráfin að innanverðu. Í niðurgreftrinum er netadræsa og fleira rusl.

**Aðrar upplýsingar**

Sjá nánar nr. 27.

**Kálfshamar - 32****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkja, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkju er Húsabrún; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Upp á Steinholti eru nokkrar hleðslur og tóftir sem erfitt er að segja hvaða tilgangi hafa þjónað.

### Lýsing

Um 1m suður af minjum nr. 31 er enn niðurgröftur með hleðslu. Grjóthrúga um 4,5m að þvermáli og allt að 150sm hærrí en umhverfið, með niðurgreftri eða holu að norðanverðu sem er ögn aflöng austur-vestur, 170x120sm og um 50sm djúp.

### Aðrar upplýsingar

Sjá nánar nr. 27.

### Kálfshamar - 33

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla

### Staðhættir


Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkka, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkku er Húsabrun; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Upp á Steinholti eru nokkrar hleðslur og tóftir sem erfitt er að segja hvaða tilgangi hafa þjónað.

### Lýsing

Um 8m norðvestur af minjum nr. 31 er önnur grjóthrúga líkt og nr. 32, næsta hringlaga 30-40sm há og um 4,5m í þvermál. Inní miðri hrúgunni er hringlaga hola um 40sm djúp.

### Aðrar upplýsingar

Sjá nánar nr. 27.



### Kálfshamar - 34

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkka, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkku er Húsabrun; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Fyrir suðausturenda Vaðals er garðlag sem liggur suðvestur-norðaustur upp á suðvesturhorn Steinholtubrekkku.

### Lýsing

Garðlagið er slitrótt en sést þó á þremur stöðum á rúmlega 100m kafla, ofarlega í brekkunni við Steinholt í smá lægð, aftur undir næsta hjalla og svo í sléttu mýrlendi (sem nefnist Vaðall) niður að afleggjaranum heim að Kálfshamarsvík. Garðlagið liggur SV-NA og er á bilinu 150-200sm breitt og 40-80sm hátt. Hærra og mjórra upp í brekkunni en lægra og breiðara niður á flatanum.

### Kálfshamar - 35

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkka, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkku er Húsabrun; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Fyrir suðausturenda Vaðals, sem er flói út við sjó norðaustan við afleggjarann að Kálfshamarsvík, er garðlag sem liggur suðvestur-norðaustur upp á suðvesturhorn Steinholtubrekkku. Svolítill þúst er fast sunnan við garðlagið niður á flatanum.

**Lýsing**

Þústin er ögn aflöng NA-SV um 8m löng og 6m breið. Engin veggjalög eru greinileg en þústin er um 5-80sm hærri en umhverfið.

### Kálfshamar - 36

**Hlutverk:** Mógrafir


**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bak við Vaðal er Steinholtubrekkka, þá Steinholt. Í suður frá Steinholtubrekkku er Húsabrun; á henni: Jaðar, Garðshorn og Blómsturvellir.“ (ÖK, 2). Undir suðvesturhorni Steinholtubrekkku er uppþurrkuð mýri og fast undir brekkunni niðurgroftir líklega mógrafir.

**Lýsing**

Grafirnar eru um 30-100sm djúpar og sjást á um 200m<sup>2</sup> kafla, en skurður sker neðrihluta þeirra og gætu þær því hafa náð yfir heldur stærra svæði.



### Kálfshamar - 37

**Hlutverk:** Óþekkt/heytóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Vaðall er mýri eða flói, sem liggur meðfram Kálfshamarsmölinni að norðanverðu.“ (ÖJB, 6). Í Vaðlinum norðanverðum er tóft skammt suður af merkjum Saura og Kálfshamars.

**Lýsing**

Tóftin er næsta ferhyrnd um 6x6m á kant að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, veggir eru um 30-40sm háir og 1-1,5m breiðir. Engar dyr eru greinanlegar.

### Kálfshamar - 38

**Hlutverk:** Óþekkt/Mótóft


**Tegund:** Tóft


**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Vaðall er mýri eða flói, sem liggur meðfram Kálfshamarsmölinni að norðanverðu.“ (ÖJB, 6). Í Vaðlinum norðanverðum er tóft skammt suður af merkjum Saura og Kálfshamars og önnur um 60m vestar.

**Lýsing**

Tóftin er um 3x3m á kant, með dyr til vesturs, veggir eru 80-100sm breiðir og 30sm háir.





### Kálfsamar - 39

**Sérheiti:** Bárubúð/Bárutóftir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu vegna rofs og landbrots vegna nálægðar við sjó.

#### Staðhættir

Akvegur liggur meðfram sjávarsíðunni út að Kálfsamarsnesi sveigir ögn til norðurs fyrir tvennar tóftir skammt suðaustur af suðurenda Kálfsamarstjarnar, það eru tóftir býlanna Malarlands (nr. 40) og Bárubúðar (nr. 39).

#### Lýsing

Tóftir Bárubúðar liggja við grjótfjöru (Kálfsamarsmöl) og er 10x21m að utanmáli. Veggir eru grasi grónir en rofnir og frá 10-150sm háir og mest um 2m á breidd. Tóftin er a.m.k. þrískipt.

#### Aðrar upplýsingar

Bárubúð var torfbær (Bjarni Th. Guðmundsson, 34). „Kálfsamarsmöl er á móts við Fláttu [grunnið á Kálfsamarsvík], frá Hól (sjá síðar) út að lendingunni. Malarland og Bárubúð (Bára) voru á mölinni inn af lendingunni. Þar eru nú Mallandstóftir og Bárutóftir.“ (ÖJB, 4). „Árið 1901 eða 1902 keypti Sigurður Jóhannsson Hafsstaðabúð (við Hafsstaðavík í Höskuldsstaðasókn) og reif hana og flutti á Kálfsamarsmöl og byggði þar; kallaði húsið þá Báru eða Bárubúð. Var búíð þar í nokkur ár, stóð húsið síðan autt um tíma, en síðar var búíð þar aftur. Loks var húsið rífið (Bárutóftir nú).“ (ÖJB, 4).

### Kálfsamar - 40

**Sérheiti:** Malarland/Mallandstóftir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu vegna rof og nálægðar við sjó

#### Staðhættir

Akvegur liggur meðfram sjávarsíðunni út að Kálfsamarsnesi sveigir ögn til norðurs fyrir tvennar tóftir skammt suðaustur af suðurenda Kálfsamarstjarnar, það eru tóftir býlanna Malarlands (nr. 40) og Bárubúðar (nr. 39).

## Lýsing

Tóftirnar liggja við fjörुकambinn og hefur grjóti skolað upp í miðja tóft. Hluti veggja, til suðurs, norðurs og norðvesturs, eru horfnir en veggir til austurs og hluti vesturveggjar standa enn, að mestu hlaðnir út torfi en hluti vesturveggjar er úr grjóti. Tóftasvæðið er um 8x15m á kant.

## Aðrar upplýsingar

Malarland var torfbær með timburgafli að framan og rífið nokkru eftir 1920 (Bjarni Th. Guðmundsson, 36). „Kálfshamarsmöl er á móts við Fláttu [grunnið á Kálfshamarsvík], frá Hól (sjá síðar) út að lendingunni. Malarland og Bárubúð (Bára) voru á mölinni inn af lendingunni. Þar eru nú Mallandstóftir og Bárutóftir.“ (ÖJB, 4).

## Kálfshamar - 41

**Hlutverk:** Óþekkt/hey-/mótóft

**Tegund:** Þúst/hóll

### Staðhættir og lýsing

Um 10m austur af suðurenda Kálfshamarstjarnar er lítil þúst eða manngerð upphækkun, um 65m norðvestur af tóftum Malarlands. Þústin er 7x4m að utanmáli, aflöng frá norðaustri til suðvesturs, 40-70sm hærri en umhverfið.

## Kálfshamar - 42


**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgroftur

### Staðhættir og lýsing

Um 10m austur af suðurenda Kálfshamarstjarnar er lítil þúst eða manngerð upphækkun, um 65m norðvestur af tóftum Malarlands. Handgrafinn skurður er um 6m sunnan við þústina og liggur um 40m til norðausturs í vélgrafinn skurð sem þar er. Handgrafni skurðurinn er um 50sm breiður.

## Minjar á Kálfshamarsnesi



Mynd 6, númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í fornleifaskránni: 43 Salthús; 44 Carlsbúð; 45 óþekkt; 46 Benediktshús/Ásbyrgi/Gróttá; 47 vatnsból; 48 útihús; 49 brunnur; 50 öskuhaugur; 51 torftaka; 52

útihús; 53 Hátún; 54 Lambastaðir; 55 Miðhús; 56 Iðavellir; 57 Klettur; 58 öskuhaugur; 59 Klöpp; 60 vatnsból/brunnur; 61 óþekkt. Húsgrunnar yngri en 100 ára teljast samkvæmt fornminjalögum ekki til fornleifa og fá því ekki númer í skránni en nöfn staðann eru þó höfð hér með til skýringar.



Mynd 7, horft VSV yfir grunn svonefnds Salthúss sem var byggt skömmu fyrir 1900.

### **Kálfshamar - 43**

**Sérheiti:** Salthús

**Hlutverk:** Híbylí, samkomustaður og salt-/fiskgeymsla

**Tegund:** Steinsteypa

#### **Staðhættir**

Austast á Kálfshamarsnesi er tvískiptur grunnur svonefnds Salthúss.

**Hættumat:** Minjarnar eru að hluta niðri í fjöru skammt frá sjó og teljast í nokkurri hættu af þeim sökum.

#### **Lýsing**

Tvískiptur steinsteypdur grunnur út við fjöruna, samanlagt um 8x12m. Lending virðist hafa verið austan við húsið og sex staurar hafa verið reknir niður í sandinn fast vestan við húsið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Steinn með upplýsingaskilti er á grunninum, þar segir: „Salthús var byggt skömmu fyrir 1900 af Höepfnersverslun á Skagaströnd. Stórt tvílyft timburhús. Á neðri hæð var salt- og fiskgeymsla en á efri hæð sjómannaíbúðir og samkomusalur. Húsið var rífið skömmu eftir 1930.

### **Kálfshamar - 44**

**Sérheiti:** Carlsbúð

**Hlutverk:** Híbylí/sjóbúð

**Tegund:** Tóft/grunnur

#### **Staðhættir**

Austast á Kálfshamarsnesi er tvískiptur grunnur svonefnds Salthúss, 5m vestan hans eru tóftir svonefndrar Carlsbúðar.

**Hættumat:** Minjarnar eru um 3m frá sjávarbakka og verða því að teljast í nokkurri hættu af þeim sökum.

#### **Lýsing**

Algróinn húsgrunnur að hluta til grjóthlaðinn. Óreglulegur í lögun alls 10x8,5m á kant að utanmáli (sjá nánar teikningu á bls. 21).

#### **Aðrar upplýsingar**

Um 6m norðvestan tófta Carlsbúðar er skilti með upplýsingum um svonefndan Kjartansskúr, þar segir: „Kjartansskúr var byggður skömmu eftir 1930 af Kjartani Sveinssyni. Húsið var



Mynd 8, horft til suðurs yfir grunn Carlsbúðar.

rifið 1944 og endurbyggt á Skagaströnd undir nafninu Valhöll.“ Kjartansbúð er ekki nógu gömul til að teljast til fornleifa og engar minjar eru um hana úr torfi og grjóti, hún fær því ekki númer í fornleifaskráningunni (hnit ISN93: A435179 N614195).

### Kálfshamar - 45

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Austast á Kálfshamarsnesi er tvískiptur grunnur svonefnds Salthúss, 5m vestan hans eru tóftir svonefndrar Carlsbúðar og um 8m suðvestur af þeim er önnur tóft.

**Hættumat:** Minjarnar eru um 2m frá sjávarbakka og verða því að teljast í nokkurri hættu af þeim sökum.

**Lýsing**

Tóftin er 4x8m að utanmáli (NA-SV). Tóftin er tvískipt, lítið hólf að norðan 80x140sm að innanmáli með hugsanlegar dyr til vesturs. Syðra hólfid er stærra með dyr til suðurs og rofinn austur vegg. Veggir eru grasi grónir 20-50sm háir og 1-2m breiðir.

### Kálfshamar - 46

**Sérheiti:** Benediktshús/Ásbyrgi/Gróttu

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft með niðurgrefti og hleðslu

**Staðhættir**

Um 5m suður af tóft nr. 45 eru tóftir bæjar.

**Lýsing**

Það sem eftir er þessara bygginga eru óljós og gróin veggjalög, grjóthlaðinn kjallari og hluti af steypum tröppum. Húsið hefur verið um 8x6m að utanmáli og snúið norðaustur-suðvestur með forstofu fyrir miðjum suðausturvegg. Kjallarinn er í norðurhluta hússins, um 1m djúpur og 180x240sm á kant og snýr þvert á bygginguna (NV-SA).

### Kálfshamar - 47

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Niðurgreftur og hleðsla


**Staðhættir**

Um 4,5m suður af nr. 46 er brunnur á grónum og sléttum bakka.

**Hættumat:** Minjarnar eru í um 8m fjarlægð frá sjávarbakka og teljast í hættu af þeim sökum.

**Lýsing**

Brunnurinn er um 120-130sm í þvermál og 80-110sm djúpur, grjóthlaðinn að innanverðu.



Mynd 9, horft til suðurs yfir brunn suður af Benediktshúsi/Ásbyrgi/Gróttu (nr. 46) og rétt austan við grunn Hvamms. Í baksýn eru fjárhús (nr. 48).



### Aðrar upplýsingar

Um 3m suðvestur af brunninum er steypur sökkull hússins Hvamms, sem samkvæmt upplýsingaskilti var byggður 1924 og rifinn 1942. Bærinn fær ekki númer í skýrslunni þar sem hvorki er um að ræða minjar úr torfi eða grjóti né minjar eldri en hundrað ára.

### Kálfshamar - 48

**Hlutverk:** Fjárhús/hesthús?

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Um 4,5m suður af nr. 46 er brunnur á grónum og sléttum bakka og um 16m sunnar er fjárhústóft.

**Hættumat:** Minjarnar eru út á brún á sjávarbakka og teljast í hættu af þeim sökum, þótt ekki sé enn farið að brjóta af þeim.

#### Lýsing

Tóftin er 6x12m og snýr suðvestur norðaustur. Hún er tvískipt, hugsanlega hlaða að sunnanverðu 3x3m að innanmáli með dyrum til austurs, að norðan er garðahús með dyrum til vesturs. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti á bilinu 20-150sm háir og um 1-1,5m breiðir.

### Kálfshamar - 49

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Um 4,5m suður af nr. 46 er brunnur á grónum og sléttum bakka.

**Hættumat:** Mikil hætta, minjarnar eru út á brún á sjávarbakka og teljast í hættu af þeim sökum, þótt ekki sé enn farið að brjóta af þeim.

#### Lýsing

Tóftin er mjög sokkin og gróin, 6,5x10m á kant og snýr nálega austur-vestur. Veggir eru á bilinu 10-40sm háir og 1-3m breiðir. Tóftin virðist tvískipt en engar dyr eru greinanlegar.

### Aðrar upplýsingar

Um 3m norðvestur af tóft nr. 49 er gróin hola um 50sm í þvermál og um 40sm djúp.

### Kálfshamar - 50

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Hóll

#### Staðhættir

Syðst á Kálfshamarsnesi er lágur öskuhóll sem er að brotna í sjó fram.

**Hættumat:** Minjarnar eru út á brún á sjávarbakka og hefur þegar brotið töluvert af þeim.

#### Lýsing

Stór geil hefur myndast í suðvestanverðan hóllinn en hann virðist hafa verið um 15m í þvermál miðað við það sem eftir er af honum nú en óvíst er hve mikið hefur brotnað af honum. Hóllinn er um 20-30sm hærri en umhverfið en í sniðinu sést að móaskan sem hóllinn samanstendur að mestu af er um 50sm þykk í miðju en þynnist út til hliðanna.



Mynd 10, horft til SA yfir móöskuhaug sem er að brotna í sjó.

### Kálfshamar - 51

**Hlutverk:** Torfskurður

**Tegund:** Niðurgröftur

#### Staðhættir og lýsing

Ummerki um torfskurð eru sunnarlega á Kálfshamarsnesi, torfgrafirnar eru á bilinu 30-40sm djúpar, algrónar og taka yfir um 400m<sup>2</sup> svæði.

### Kálfshamar - 52

**Hlutverk:** Fjánhús og meira

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Vestarlega á Kálfshamarsnesi, um 10m norðvestur af torfgröfunum nr. 51 er tóft.

#### Lýsing

Tóftin er 12x13m að ummáli, „L“-laga og snýr norðaustur-suðvestur. Að suðvestan eru tvenn hús með sameiginlegan inngang, lítil garðahús að vestanverðu um 4x4m að innanmáli og viðlíka stórt hús án garða að austanverðu. Bak við (norðan við) garðahúsin er einföld tóft með dyr til norðvesturs, 2,5x5m að innanmáli. Veggir eru á bilinu 30-150sm háir og um 1m breiðir.

### Kálfshamar - 53

**Sérheiti:** Hátún

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir


Um 18m austur af fjárhús tóft nr. 52 og 8m vestur af grunni Skólahússins eru tóftir býlisins Hátúns.

#### Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr norðaustur-suðvestur, syðra húsið er 2,3x3,4m (NV-SA) með dyr til suðausturs. Norðan við er stærra hús 3x6m (SV-NA) með dyr til suðausturs og steiptan skorstein fyrir miðjum norðvesturvegg. Veggirnir eru úr torfi, strenghlaðnir, um 20-150sm háir, og um 1m breiðir.

#### Aðrar upplýsingar

Á upplýsingaskilti við tóftina segir: „Hátún var byggt 1906 af Jóhanni Helgasyni. Síðast bjó hér Jóhannes Einarsson útgerðarmaður 1961. Hann var síðasti íbúinn á Kálfshamarsnesi.“ Grunnur svonefnds Skólahúss er austan við tóftina, Skólahús fær ekki númer í fornleifaskránni þar sem minjarnar eru hvorki úr torfi og grjóti né nægilega gamlar til að teljast til fornleifa.



#### **Kálfshamar - 54**

**Sérheiti:** Lambastaðir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 6m norðvestur af tóftum Hátúns (nr. 53) eru tóftir Lambastaða og Miðhúsa fast norðaustan þeirra.

**Lýsing**

Lambastaðir eru ekki byggðir fyrr en 1921 og því ekki um eiginlegar fornleifar að ræða aldursins vegna en þar sem um torfhús virðist hafa verið að ræða eru tóftirnar mældar upp og skráðar. Tóftin er mjög sokkin og óljós um 9x8m í ummál og virðist hafa snúið norðvestur-suðaustur. Um 10sm djúp lægð er í miðri tóftinni, um 2x4m (NV-SA). Húsið var rifið 1934 og veggbleifarnar sem eftir standa eru um 1,3-3,4m breiðar og 10-30sm háar.

**Aðrar upplýsingar**

Á upplýsingaskilti við tóftina segir: „Lambastaðir voru byggðir 1921 af Þorsteini Þorsteinssyni sem bjó hér með konu sinni þar til 1934 að húsið var rifið.“

#### **Kálfshamar - 55**

**Sérheiti:** Miðhús

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 6m norðvestur af tóftum Hátúns (nr. 53) eru tóftir Lambastaða og Miðhúsa fast norðaustan þeirra.

**Lýsing**

Tóftin er mest 6x7m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur, engar dyr greinilegar. Húsið var rifið árið 1924 en eftir standa lágar og grónar veggbleifar, 20-40sm að hæð og 70-140sm að breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Á upplýsingaskilti við tóftina segir: „Miðhús var byggt 1900-1910 af Sigurði Ferdinandssyni sem bjó í því með hléum til 1924. Húsið var rifið það sama ár.“

#### **Kálfshamar - 56**

**Sérheiti:** Iðavellir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 6m norðaustur af tóftum Miðhúsa (nr. 55) eru leifar Iðavalla.

**Lýsing**

Húsið var rifið árið 1938 og sér því fremur lítið eftir af því, þó sjást leifar af steyptum sökkli ásamt lágum grjóthleðslum og að því er virðist sokknum torfveggjum. Veggir eru á bilinu 10-30sm háir og 1-1,5m breiðir. Sökkullinn er 4x5,5m á kant og snýr norðaustur-suðvestur, umhverfis eru gróin veggjalög og vestan við er ferköntuð grjóthleðsla, líkt og grunnur að kofa og vestan við það hugsanlegar leifar lítils sambyggðs torfkofa. Grjóthrúgan er 2x3m á kant og snýr líkt og sökkullinn en kofinn vestan við virðist hafa verið um 2,3x1,8m á kant að innanmáli og snúið þvert á hleðsluna og sökkullinn. Engar dyr eru greinanlegar en framhliðin á húsinu virðist hafa verið til suðvesturs. Þar er jafnframt gróin hleðsla 10-30sm há.

**Aðrar upplýsingar**

Á skilti við minjarnar stendur: „Iðavellir voru byggðir á árabilinu 1900-1910 af Jóhannesi Jóhannessyni sem bjó þar með fjölskyldu sinni til 1937. Húsið rifið 1938 og flutt til Skaga-

strandar og endurbyggt þar.“ Um 6m austan við Iðavelli var annað hús, Árnínuhús, byggt árið 1925 og rífið 1934. Ekki er um fornleifar að ræða aldursins vegna og húsið ekki byggt úr torfi og grjóti, það fær því ekki sérstakt númer í fornleifaskránni.



Mynd 11, leifar býlisins Kletts og að því er virðast eldri minjar norðvestan þeirra, nær á myndinni.

### **Kálfshamar - 57**

**Sérheiti:** Klettur

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**


Um 22m norður af rústum Iðavalla eru tóftir býlisins Kletts. Í örnefnaskrá segir: „Á nesinu sjálfu voru mörg tómthúsbyli, m.a. Klöpp og Klettur.“ (ÖJB, 4).

#### **Lýsing**

Tóftin er margskipt, 5-7 hús eða herbergi. Húsið hefur staðið upp á svolitlum hól en aflíðandi brekku vestan við húsið eru leifar mannvirkis sem virðist geta verið eldra (nr. 109). Hugsanlega lítil rétt. Húsið uppá hólnum tekur yfir svæði sem er um 14x14m en mannvirkið í brekkunni vestan við um 15x9 (A-V). Svo virðist sem gengið hafi verið inní húsið að vestanverðu og þar verið göng og innangengt úr þeim í tvenn hús til og eitt til norðurs (1,8x3,5m N-S) og hugsanlegt afherbergi er fyrir enda gangsins að vestan og annar inngangur. Norðan við austurinnanganginn er annað hús með sér inngangi um litla forstofu að austan. Veggir hússins eru á bilinu 50-170sm háir.

#### **Aðrar upplýsingar**

Á upplýsingaskilti við tóftirnar stendur: „Klettur var byggður 1924 af Sigurði Ferdinantssyni. Síðast bjó hér Þorsteinn Þorsteinsson 1951.“ Býlið telst því ekki til fornleifa hvað aldur snertir en er skráð hér og gefið númer þar sem um byggingu úr torfi og grjóti er að ræða.



### Kálfsþamar - 58

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Hóll

**Staðhættir**

Um 11m norðvestur af tóftum býlisins Kletts (nr. 57) er lítil móðskubingur, um 5x2m, sem rótað hefur verið í og sjást þar á yfirborði gler og keramikbrot.

**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna nálægðar við sjó.

**Aðrar upplýsingar**

Um 17m austan við tóftir Kletts er endi á grjóthleðslu sem nær um 28m til norðvesturs og er líklega leifar af hleðslu undir girðingu.

### Kálfsþamar - 59

**Sérheiti:** Klöpp

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 40m vestur af tóftum býlisins Kletts eru tóftir af býlinu Klöpp. (ÖJB, 4). Í ornefnaskrá segir: „Á nesinu sjálfu voru mörg tómthúsbyli, m.a. Klöpp og Klettur.“ (ÖJB, 4).

**Lýsing**

Tóftin er um 13x14m að ummáli, fimmskipt og snýr norðaustur-suðvestur. Vestast er tóft sem er 2,3x5,5m, opin til suðvesturs þar sem líklega hefur verið tréþil. Austan við er önnur tóft sem hefur líklega einnig verið með tréþili til suðvesturs. Hún er heldur lengri 2,3x7m og virðist hafa verið innangengt úr henni í aðra tóft norðaustan við sem er 3x3,5m að innanmáli (NA-SV) með dyr að norðaustan. Austan við hana er lítil tóft, um 3x3,5m (NV-SA) með sér inngangi á austurvegg. Önnur lítil tóft er svo suðvestan við hana, 2x4m að innanmáli (NV-SA) með dyr til suðvesturs.

**Aðrar upplýsingar**

Í ornefnaskrá segir: „Á Kletti var búið í stuttan tíma. Á Klöpp var fyrst búið um miðja síðustu öld, en hún féll úr ábúð. Þar var byggt aftur fyrir aldamót [1900] og búið þar fram um 1930-40, en þá lögðust Klöpp og Klettur og öll byggð á nesinu í eyði.“ (ÖJB, 4). Á upplýsingaskilti við tóftirnar stendur: „Klöpp var elsta bæjarhús á Kálfsþamarsnesi, byggt 1880-1890 af Jóni Guðmundssyni. Síðast bjó hér Ögmundur Björnsson og fjölskylda 1933.“

### **Kálfshamar - 60**

**Hlutverk:** Vatnsból/brunnur

**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla

**Staðhættir**

32m suðvestur af tóftum Klappar (nr. 59) er grjóthlaðinn brunnur.

**Lýsing**

Brunnurinn er mest um 110sm breiður, en hann er ögn sporöskjulaga (N-S) vegna hruns, og um 110-120sm djúpur. Svolítill bolli er í nesinu þar sem brunnurinn hefur verið grafinn en landið lækkar heldur til vesturs.

**Aðrar upplýsingar**

Á skilti við brunninn stendur: „Brunnur – Í þessum brunni var saltblandað vatn og ekki notað nema fyrir skepnur. Neysluvatn var tekið úr „Stokki“.“ En Stokkur nefnist lækurinn sem rennur inní Vaðal, mýrarsundið, austur af Kálfshamarsnesi.



*Mynd 12, brunnur (nr. 60) vestarlega á Kálfshamarsnesi.*

### **Kálfshamar - 61**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 30m austur af vitanum á Kálfshamarsnesi er lítil tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 1,6x2m að innanmáli (N-S) með dyr til suðurs. Veggir mjög sokknir, algrónir og á bilinu 2-3m breiðir og 20-30sm háir. Mikið af fjörugrjóti er upp að tóftinni að norðan en óvíst er hvort það er náttúrulegt eða dregið saman af manna völdum.

### **Kálfshamar - 62**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan frá sjó ræður bein lína úr hamrinum milli Kálfshamarsness og Einarsness í vörðu á Steinholtinu; þaðan í vörðu, sem hlaðin er í Kálfshamarsflóa; [...]“ (ÖJB, 2).

**Lýsing**

Á klettinum er grjóthlaðið garðlag, um 1,5m breitt og 7m langt, töluvert hrúnið og nú á bilinu 10-40sm hátt.



*Mynd 13, leifar garðlags (nr. 62) milli á grónum hamar í Voginum milli Kálfshamarsness og Einarsness. Kálfshamarstjörn í baksýn og bærinn Kálfshamar í fjarska.*

### **Kálfshamar - 63**

**Sérheiti:** Stokkur

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Lækur

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bak við mölina er Vaðall. Meðfram mölinni neðst í Vaðli er Stokkur (lækur).“ (ÖK, 2).

**Lýsing**

Búið er að þurrka Vaðal (mýrina milli Kálfshamarsness og Kálfshamars) upp að mestu en farvegur Stokksins sést enn við suðausturhorn Kálfshamarstjarnar.

**Aðrar upplýsingar**

Á skilti við brunninn (nr. 60) á Kálfshamarsnesi stendur: „[...] Neysluvatn var tekið úr „Stokki“ Stokkur er lækurinn sem rennur inní Vaðal, mýrarsundið, austur af Kálfshamarsnesi.



Mynd 14, horft til norðausturs yfir mógrafarsvæðið (nr. 64) austan túns og norðan afleggjarans niður að Kálfshamarsvík.

### **Kálfshamar - 64**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Umfangsmiklar mógrafir eru austan við túnin þar sem nú stendur sumarbústaður byggður 2006. Mógrafa og -tóftasvæðið nær um 50m norður fyrir túnin, austur að skurði sem grafinn er norður-suður í gegnum flóann austan sumarhússins og suður að veginum niður í Kálfshamarsvík.

**Lýsing**

Mógrafirnar eru ekki samfelldar, tvær allstórar grafir og margar smærri, samanlagt um 1 ha. Grafirnar eru algrónar á bilinu 20-100sm djúpar.

**Aðrar upplýsingar**

Það fórst fyrir að mæla upp grafirnar og mótóftirnar sumarið 2010 og var ekki hægt vegna snjóá þegar lokið var við skýrsluna í nóvember 2012. Grafirnar og mótóftirnar voru því mældar upp og hnitsettar af loftmynd og verður að hafa nokkurn fyrirvara á nákvæmni skráningarinnar, einkum hvað varðar mótóftirnar.

Í örnefnaskrá segir: „Byrgislækur er lítill lækur (upptök Stokks), sem rennur að mestu neðanjarðar, en opnast öðru hverju. [...] Byrgislækur gæti hafa verið nefndur svo vegna móbyrgja. Móbyrgi voru hlaðin utan um mófúlgur, sem voru móstaflar (hleðslan var kölluð móbyrgi). Mörg móbyrgi voru í flóanum og e.t.v. þarna nálægt læknum.“ (ÖJB, 7). Nú er grafinn skurður á merkjum Kálfshamars og Saura og rennur Byrgislækur/Stokkur eftir honum.

### **Kálfshamar - 65**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Um 40m norðan við veginn niður að Kálfshamarsvík, gegnt gamla bæjarstæði Nýabæjar er líkt og hrunin hleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan er um 2,5x2,5m að utanmáli, bogadregin og opnast til vesturs, 3-4 raðir af grjóti, um 40sm á hæð og 60-70sm að breidd. Hugsanlega er um byrgi af einhverju tagi að ræða en ekki er hægt að útiloka að þetta tengist grjóthrúgum sem eru með reglulegu millibili eftir Rindanum, hugsanlega ummerki eftir raflínu- eða símastaura.

**Aðrar upplýsingar**

Í framhaldi af þessari hleðslu eftir Rindanum til norðausturs eru smá grjóthrúgur á 40-60m millibili í því sem næst beinni línu. Hrúgurnar eru flestar á bilinu 20-40sm háar og 50-100sm í þvermál. Samskonar hrúgur með svipuðu millibili er að finna eftir Rindanum ofan við túnin á Sviðningi, sunnan við Kálfshamar.



*Mynd 15, horft til austurs yfir hleðslu (nr. 65) norðan Nýabæjar.*

### **Kálfshamar - 66**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla/varða

**Staðhættir**

Uppi á Rindanum um 170m suðaustur af bæjarstæði Nýabæjar og 100m vestur af Skagavegi eru grónar hleðsluleifar.

**Lýsing**

Um er að ræða gróna bungu, um 2m í þvermál og 30sm háa, sem sker sig greinilega úr umhverfinu. Á stöku stað glittir í grjót sem er stærra en það sem er umhverfis.



*Mynd 16, gróin hleðsla (nr. 66) á Rindanum suðaustur af Nýabæ.*

### **Kálfshamar - 67**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða/hleðsla

**Staðhættir**

Lág varða er á Rindanum austan við syðstu sléttuna í landi Kálfshamars, um 160m norður af merkjum Kálfshamars og Sviðnings.

**Lýsings**

Varðan er á bilinu 20-30sm há og um 1m í þvermál. Hleðslan sjálf er gróðurvana en Rindinn er mosa og lynggróinn melur.



*Mynd 17, syðsta varða/hleðsla (nr. 67) á Rindanum Vestan Skagavegar.*





Mynd 18, horft til norðausturs upp að vörðu nr. 68, beggja vegna vörðunar má sjá sneiðinga upp brekkuna.

### **Kálfshamar - 68**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varðan er um 240m austur af Skagavegi, þar sem hægt er að beygja út af veginum í grjótnámu sem þar er.

**Lýsing**

Varðan er 160-180sm há og um 1m í þvermál. Hringhlaðin og stendur á stórum steini á brekkubrún. Hleðslan sjálf er gróðurvana en umhverfis er stórgrýtt melbrúnin gróin lyngi og mosa.

**Aðrar upplýsingar**

Göturarnar í framhaldi af sneiðingunum liggja áleiðis austur að Kleif og má rekja þær langleiðina upp að tóftum býlisins.

### **Kálfshamar - 69**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varða er uppi á svonefndum Rana austan við Leirdalstjörn, um 100m austur af miðri tjörninni.

**Lýsing**

Varðan er á bilinu 140-150sm há, ferköntuð um 1m á kant, hleðslan er sjálf gróðurlaus en umhverfis eru mosa- og lynggrónar klappir og steinhellur.



Mynd 19, varða (nr. 69) á Rana, Leirtjörn í baksýn, horft í vestur.

### **Kálfshamar - 70**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Um 220m ASA af suðurenda Leirtjarnar eru vörðuleifar á svonefndum Rana.

**Lýsing**

Nokkrum steinum hefur verið raðað saman í einfalda grjótröð og mynda þeir ferhyrndan flöt um 1m á kant.

**Aðrar upplýsingar**

Um 50m ASA eru leifar grjóthlaðins smalakofa eða byrgis.

### **Kálfshamar - 71**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Á svonefndum Rana um 270m ASA af suðurenda Leirtjarnar eru leifar grjóthlaðins byrgis eða smalakofa.

**Lýsing**

Byrgið er um 4x2m á kant og snýr SV-NA, hrúnið hefur fyrir dyrnar sem virðast hafa verið að norðvestan. Suðvesturhluti byrgisins er líkastur hrúninni vörðu og má vera að hún hafi að hluta til verið rifin til að hlaða byrgið.



*Mynd 20, horft til NA yfir leifar grjóthlaðins byrgis eða smalakofa (nr. 71) á svonefndum Rana.*

### **Kálfshamar - 72**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Á norðvesturenda svonefnds Borgarstykkis austan við Leirdalsbrekku er varða.

**Lýsing**

Varðan er 50-70sm há og um 80sm í þvermál, og stendur á mosa- og lynggróinni klapparbrún.



*Mynd 21, varða (nr. 72) á norðvesturenda Borgarstykkis, horft til VNV Kálfshamar í og Kálfshamarsvík í baksýn.*

### **Kálfshamar - 73**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Á norðvesturenda svonefnds Borgarstykkis austan við Leirdalsbrekku er varða og önnur rúmum 300m suðaustar.

**Lýsing**

Varðan er 50-70sm há og um 80sm í þvermál, og stendur á mosa- og lynggróinni klapparbrún.



*Mynd 22, varða (nr. 73) á Borgarstykki.*

### **Kálfshamar - 74**

**Hlutverk:** Óþekkt/heystæði

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Gróin þúst, hugsanlega heystæði, er við svonefndan Ferðamannaflóa suður af Laxá þar sem hún beygir til norðurs í átt að Laxárvatni.

**Lýsing**

Þústin er tæplega 4x6m á kant og snýr NA-SV og er um 30-50sm hærri en umhverfið og gróskumeiri, gróin grasi mosa og lyngi, en umhverfis eru lyngmóar og blaut mýri (Ferðamannaflói) sunnan við.



Mynd 23, horft til SA yfir Ferðamannaflóa, Klaufarhóll í baksýn en handan hans eru tóftir býlisins Klauf/Kleif. Tvískipt tóft nr. Sést í miðri brekku til hægri á myndinni, upp við brekkuræturnar til vinstri og fyrir miðri mynd eru mógrafir og mótóft.

### Kálfshamar - 75

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Austast í svonefndum Ferðamannaflóa undir rótum Klaufarhóls eru mógrafir og mótóftir.

**Lýsing**

Mógrafir eru á nokkrum stöðum í austanverðum flóanum en þær stærstu upp við rætur Klaufarhóls, um 130m<sup>2</sup> og um 20-40sm djúpar og að mestu grónar.

### Kálfshamar - 76

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Austast í svonefndum Ferðamannaflóa undir rótum Klaufarhóls eru mógrafir og mótóft (nr. 76) rétt norðan þeirra.

**Lýsing**


Tóftin er um 4x6m á kant að utanmáli, veggir á bilinu 20-40sm háir og um 1m breiðir og dyr til norðvesturs. Tóftin er algróin, grasi mosa og lyngi og lyngi gróin brekka Klaufarhóls til austurs en blautur flói (Ferðamannaflói) til vesturs og suðurs.

### Kálfshamar - 77

**Hlutverk:** Óþekkt/mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**



Austast í svonefndum Ferðamannflóa undir rótum Klaufarhóls eru mógrafir og mótóft (nr. 76) rétt norðan þeirra og hugsanlega önnur óljósari (nr. 77) um 50m sunnan grafanna.

#### Lýsing

Tóftin er 4x6,5m að utanmáli og snýr NV-SA og stendur í nokkrum halla opin til NV undan brekkunni. Veggir eru 20-40sm háir og um 80-100sm breiðir.

#### Kálfshamar - 78

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Í miðri brekku suðvestan í svonefndum Klaufarhól er tvískipt tóft.

#### Lýsing

Tóftin er 8x10m á kant og snýr rétt við áttum með tvennar dyr til vesturs. Hólfín eru jafn stór 4,5x2,5m að innanmáli. Veggir eru lyngi grónir 30-60sm háir og um 1m breiðir. Tóftin stendur í miðri brekkunni eins og áður segir, svolitlum bolla, og hallar nokkuð til vesturs.

#### Kálfshamar – 79 (sama og Saurar - 112)

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla/varða


#### Staðhættir og lýsing

Vörðunefna er á merkjum Kálfshamars og Sviðnings miðað við landamerkjabeckju Nytjalands, um 360m norðvestur af tóftum býlisins Klaufar. Hleðslan er um 30-40sm há og innan við 1m á kant og stendur á smá gróðurtorfu á annars gróðurrýrum leirmel.



Mynd 24, hleðsla (nr. 79) á merkjum Kálfshamars og Saura norðvestan við Klauf.

#### Klauf (Í Klaufinni)



Mynd 25, horft yfir kotið Klauf og Klaufarflóa. Bæjarrústir neðarlega til hægri á myndinni en útihúsaleifar ofar og til vinstri.

**Kálfshamar - 80****Sérheiti:** Klauf (Í Klaufinni)**Hlutverk:** Híbyli**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Klaufaflói er í Klaufunum eða Klaufinni, eins og hvammurinn hét líka. Norðan í Klaufarhól var mannabústaður; hét hann Í Klaufinni eða Klauf; það var kot frá Kálfshamri. Saurar eiga upp að Klaufarhól að austan.“ (ÖJB, 10).

**Lýsing**

Bæjartóftin er þyrping sambyggðra tófta, alls 15x26m að utanmáli. Svo virðist sem gengið hafi verið inní sjálfan bæinn að austan og eru þar tvö herbergi að sunnan og þrjú að norðan. Norðan við eru svo veigaminni tóftaleifar sem gætu verið leifar eldri byggingar (nr. 81). Veggir eru á bilinu 20-120sm háir. Grjót sést í veggjum en hleðslur sumstaðar hrundar og grónar á bilinu 100-150sm breiðar. Sambyggt bæjarhúsunum að sunnan er einfalt garðahús (fjánhús) með hlöðu vestan við og litlum kofa. Fjánhúsið snýr austur/vestur en dyr virðast hafa verið til suðurs við austurenda þeirra og líklega innangengt af garðanum inní hlöðuna vestan við. Krærnar eru á bilinu 6-6,5m langar og rúmlega 1m breiðar. Veggir eru á bilinu 20-120sm háir. Grjót sést í veggjum en hleðslur sumstaðar hrundar og grónar á bilinu 100-150sm breiðar.

**Kálfshamar - 81****Sérheiti:** Klauf (Í Klaufinni)**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Norðan við bæjartóftirnar (nr. 80) eru lægri og veigaminni veggir, hugsanlega leifar eldri byggingar.

**Lýsing**

Veggir eru algrónir, um 1m breiðir, 10-30sm háir, hugsanlega eldri en veggir aðaltóftarinnar sem virðast hafa verið byggðar upp að eða jafnvel ofaná þessum að hluta. Það sem sést af þessu mannvirki er um 10x6m á kant, en kann að hafa náð lengra til suðurs yndir nr. 80.

**Kálfshamar - 82****Sérheiti:** Klauf (Í Klaufinni)**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Tæplega 30m norðan við bæjartóftirnar í Klaufinni er stórt fjánhús.

**Lýsing**

Fjánhúsin snúa VSV-ANA og eru 10x18m að utanmáli, hlaða að vestan og einfalt garðahús austan við með dyr til ANA í framhaldi af syðri krónni. Krærnar eru 10,5m langar og rúmlega 1m breiðar.

### Kálfshamar - 83

**Sérheiti:** Klauf (Í Klaufinni)

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 4m austan við stóra fjárhúsið (nr. 82) norðan bæjar í Klaufinni eru óljós veggjalög, hugsanlega leifar lítillar tóftar.

**Lýsing**

Veggirnir eru grasi grónir, á bilinu 20-40sm háir og 50-100sm breiðir og snúa langveggir þvert á fjárhústóftina NNV-SSA, alls 4x5m að utanmáli. Dyr kunna að hafa verið syðst á báðum langveggjum.



### Kálfshamar - 84

**Sérheiti:** Klauf (Í Klaufinni)

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 5m suðaustur af stóru fjárhúsunum norður af bæjartóftunum á Klauf er, þrí- eða fjórskipt tóft, hugsanlega leifar eldri bæjarhúsa eða sels.

**Lýsing**

Tóftin snýr nálega austur vestur og er um 8x12m að ummáli. Veggir eru á bilinu 30-110sm háir og um 1m breiðir, á köflum mjög hrundir og því erfitt að átta sig á innra fyrirkomulagi tóftarinnar. Grjót sést í veggjum á stöku stað en þeir eru annars algrónir.



### Kálfshamar - 85

**Sérheiti:** Klauf (Í Klaufinni)

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 20m norðaustur af bæjartóftinni á Klauf er tóft niður við brekkuræturnar.

**Lýsing**

Tóftin snýr NNV-SSA og virðist þrískipt, um 6,5x9m að utanmáli. Stærsta hólfið er að austan 2x4,5m að innanmáli og dyr til suðurs. Að suðvestan er lítið hólfið 140x180sm að innanmáli og að því er virðist dyr að sunnan og norðan inni hólfið norðan við. Norðara hólfið er 1,5x3,5m að innanmáli og dyr útúr því til vesturs syðst og til austurs nyrst. Veggir eru á bilinu 10-60sm

háir og mest um 110sm breiðir, grjóthleðslur sjást á nokkrum stöðum í tóftinni en hún er annars að mestu gróin lyngi og grasi.

### **Kálfshamar - 86**

**Sérheiti:** Klauf (Í Klaufinni)

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Austan við Klaufarflóa er gömul tóft grafin inn í brekkuna gengt rústum kotsins Klaufar.

**Lýsing**

Tóftin snýr eftir brekkunni NV-SA og er tvískipt, alls 12,5x4,5m að ummáli, stærra hólfið að norðan 2,5x3m að innanmáli með dyr til norðvesturs. Smærra hólfið sunnan þess, 1,4x2m að innanmáli með dyr til suðvesturs. Veggir eru á bilinu 20-40sm háir en bakkinn þar sem tóftirnar eru grafnar inn í brekkuna um 50-80sm hár. Veggirnir eru ávalir, algrónir mosa og lyngi og skera sig ekki úr umhverfinu hvað gróður varðar.



### **Kálfshamar - 87**

**Sérheiti:** Ferðamannaflói

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Götur

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Ferðamannaflói er vestan við Klaufarhólinn og Klaufina og um hann lá fjölfarinn vegur til Hafna og Hafnabúða, sem voru fjölmennar útróðrarstöðvar. Sýnilegt er, að þarna lá fjölfarinn vegur. Þegar farið var norður, var farið yfir Fossá á Brangatnavaði (Jón telur, að göturnar yfir Örlygsstaða-, Kurfs- og Hróarsstaðalönd (o.fl.) hafi heitið Brangötur, en Hofsgötur sunnan við Hof), en hún er í Krókssels- og Bjargarlöndum. Síðan er haldið áfram norður og kemur þá fljótlega að læk, Leggjabrjót. Yfir hann er farið, og þá er komið á Ferðamannaás. Fyrir norðan hann eru hólar og klettar, grjóthólar og smáfell, og þar yfir liggja göturnar áframhaldandi, og er þá komið að Ferðamannaflóa fyrrnefndum. Fyrir vestan hann (eiginlega austast í Kálfshamarsborgum) liggja margar götur áfram til norðurs, yfir Laxá í Nesjum, fyrir neðan Laxárvatn (í Tjarnar-, Óss- og Sauralandi), og áfram norður yfir Hæðirnar (Tjarnarfjall) yfir að gömlu Hafnabúðum.“ (ÖJB, 10).

**Lýsing**

Greinilegar götur liggja með austurhlíð Kálfshamarsborga.

**Aðrar upplýsingar**

Sellág heitir norðan við Ferðamannaflóa (ÖÓ, 10). Í norðanverðri Sellág eru tóftir, en samkvæmt landamerkja þekju Nytjalandis er það í landi Saura og þessar minjar því skráðar með þeirri jörð (sjá Saurar - 88-91).

### **Kálfshamar - 88**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Fast vestan við tóftir Kletts (nr. 57) er mannvirki af einhverju tagi, með lægri og óverulegri vegg en hústóftin.

**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna nálægðar við sjó.

### Lýsing

Veggir tóftarinnar eru á bilinu 40-60sm háir og allt að 2m breiðir, sokknir og algrónir grasi. Innanmál tóftarinnar er um 4x10m og hefur verið hlið eða útgangur á því til suðurs fyrir miðjum vegg. Austan við hann er veggur eða hrun sem gengur inní suðausturhorn mannvirkisins, við vestur innganginn úr húsinu.

**Kálfshamar – 89** (sama og Saurar- 98)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Í örnefnaskrá segir um landamerki Saura: „Að sunnan frá sjó ræður bein lína úr hamrinum milli Kálfshamarsness og Einarsness í vörðu á Steinholtinu; þaðan í vörðu, sem hlaðin er í Kálfshamarsflóa; [...].“ (ÖJB, 2). Varðan fannst ekki við vettvangsskráningu.

**Kálfshamar – 90** (Saurar- 99)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Landamerki Saura og Kálfshamars: frá vörðu í Kálfshamarsflóa í Digruvörðu. (ÖJB, 2). Digravarða fannst ekki við vettvangsskráningu.

**Kálfshamar – 91** (sama og Saurar - 100)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Varða

### Staðhættir

Landamerkin voru úr Digruvörðu í vörðu á Leirdalsbrún og þaðan í stein á há-Sviðningsborgunum, sem merktur er L.M.; [...]. (ÖJB, 2).

### Lýsing

Varðan á Leirdalsbrún er á bilinu 40-60sm há og um 1,5x1,5m að grunnfleti. Varðan sjálf er gróðurlaus en umhverfis er mosa- og lynggróinn hellumelur.



Mynd 26, landamerkjavarða milli Kálfshamars og Saura á Leirdalsbrún.

**Kálfshamar – 92** (sama og Saurar - 101)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing

Landamerkin voru úr Digruvörðu í vörðu á Leirdalsbrún og þaðan í stein á há-Sviðningsborgunum, sem merktur er L.M.; [...]. (ÖJB, 2). Steinninn fannst ekki við vettvangsskráningu, en hnit voru tekin samkvæmt landamerkjagrunni Nyttjálans og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Kálfshamar – 93** (sama og Saurar - 102)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir og lýsing



Landamerkjavarða var norðanvert í Selhól og þaðan bein lína eins og vörður vísuðu í syðri enda Draughylstjarnar. (ÖJB, 2). Varðan fannst ekki á vettvangi en hnit voru tekin samkvæmt landamerkjapækju Nyttjálans og verður að hafa fyrirvara á nákvæmni hennar.

**Kálfshamar – 94** (sama og Saurar - 103)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Landamerkjavarða var norðanvert í Selhól og þaðan bein lína eins og vörður vísuðu í syðri enda Draughylstjarnar. (ÖJB, 2). Engar vörður fundust á þessari línu, hins vegar er varða við norðvesturenda Draughylstjarnar (sjá Saurar - 93).

**Kálfshamar – 95** (sama og Saurar - 104)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Frá Draughylstjörn voru merkin í stein á brún austan tjarnarinnar og var hann merktur L.M. og frá þeim steini í vörðu sem var á milli Saurasundanna. (ÖJB, 2). Þessi steinn fannst ekki á vettvangi.

**Kálfshamar – 96** (sama og Saurar - 105)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Frá Draughylstjörn voru merkin í stein á brún austan tjarnarinnar og var hann merktur L.M. og frá þeim steini í vörðu sem var á milli Saurasundanna. (ÖJB, 2). Ekki var farið austur fyrir Selreiðartjörn í landi Kálfshamars og þessarar vörðu því ekki leitað á vettvangi.

**Kálfshamar – 97** (sama og Saurar - 106)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Frá Saurasundum lágu merkin eins og vörður vísuðu til Illukeldu við Laxá og var þar hlaðin varða. (ÖJB, 2). Ekki var farið austur fyrir Selreiðartjörn í landi Kálfshamars og þessara varða því ekki leitað á vettvangi.

**Kálfshamar – 98** (sama og Saurar - 107)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Frá Saurasundum lágu merkin eins og vörður vísuðu til Illukeldu við Laxá og var þar hlaðin varða. (ÖJB, 2). Ekki var farið austur fyrir Selreiðartjörn í landi Kálfshamars og þessarar vörðu því ekki leitað á vettvangi.

**Kálfshamar - 99** (sama og Sviðningur – 28)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Á milli Sviðnings og Kálfshamars eru merki þessi: „Úr Sviðnings nýrri lækjarfarveg, þar sem hann fellur fram af bjarginu, og er þar varða hlaðin [...]“ (ÖJB, 2). Engin varða fannst á þessum stað við vettvangsskráningu og kann hún að hafa brotnað í sjó fram.

**Kálfshamar – 100** (sama og Sviðningur - 29)

**Sérheiti:** Brunnþúfa

**Hlutverk:** Landamerki/Brunnur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á milli Sviðnings og Kálfshamars eru merki þessi: „Úr Sviðnings nýrri lækjarfarveg, þar sem hann fellur fram af bjarginu, og er þar varða hlaðin, í Brunnþúfu; [...]“ (ÖJB, 2).

**Lýsing**

Brunnþúfa sést ekki lengur en skurður er grafinn eftir merkjunum og órækt norðan við en tún sunnan við.

**Aðrar upplýsingar**

Undir Leirdalsbrekku um 580m ASA af horninu við Brunnþúfu er stór steinn (Grásteinn?) og svo virðist sem jarðvegi hafi verið ýtt upp að steininum og þannig myndaður ruðningur austan og vestan steinsins sem girt hefur verið eftir. Uppá brúninni eru auk þess girðingaleifar og leifar hleðslna undan henni ásamt lítilli vörðu (nr. 101) upp á Leirdalsbrún. Hnit á steininum eru, ISN93: A 436957 N 613241.



*Mynd 27, ruðningur undan girðingu, líklega vélgerður. Stór steinn er í miðjum ruðningnum, hugsanlega Grásteinn sem nefndur er í landamerkjalyfingu.*



*Mynd 28, varða á Leirdalsbrún.*

**Kálfshamar – 101** (sama og Sviðningur - 40)

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Uppá Leirdalsbrún skammt frá Dagmálalág er hlaðin varða.

**Lýsing**

Varðan er 30-40sm á og um 1x1m að grunnfleti. Hleðslan er gróðurvana en stendur á lyngtorfu á smá klöpp, leifar girðingar eru NV og SA við vörðuna.

### **Kálfshamar - 102**

**Sérheiti:** Skógarmannavík

**Hlutverk:** Þjóðsaga

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Skógarmannavík er vík inn í Kálfshamarsnesið utan við Sendlingaklett. Munnmæli segja, að þar hafi verið drepnir útlendir menn, sem hafi komið þar að landi og líklega sýnt af sér nokkurt ofríki.“ (ÖJB, 5).

#### **Lýsing**

Engar sagnir eru um dysjar tengdar þessum drápum og fundust heldur engin merki slíks. Hnit voru tekin í miðri Skógarmannavík.

### **Kálfshamar - 103**

**Hlutverk:** Dys

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Reimt var við Klettinn á Vognum. Dys var við Klettinn, og átti að vera þar eitthvað óhreint. Spánverjar höfðu verið unnir á Einarsnesi, og voru þar dysjar.“ (ÖATH, 1).

#### **Lýsing**

Engin líkleg dys fannst við Klettinn í Vognum, þar er hins vegar hlaðið garðlag sem liggur uppá klettinn (sjá Kálfshamar – 62).

### **Kálfshamar – 104**

**Sérheiti:** Naust

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Eyrin er vestan og utan við lendinguna (Naust) og ver hana fyrir brimi; þar brimar aldrei. Brim kom upp víkina, en beygði ekki fyrir Eyrina. Naustin voru þar fyrir innan. Lending þótti mjög góð. Sagt var, að aldrei færust skip, sem ýtti af Naustum.“ (ÖJB, 4).

#### **Lýsing**

Engin naust voru skráð þarna á vettvangi en þarna er sandfjara og góð lending. Hnitpunktur var tekinn upp á mölinni 15m NNA af grunni Salthússins (Kálfshamar – 43) og má gera ráð fyrir 20-50m skekkju.

### **Kálfshamar – 105**

**Sérheiti:** Naust

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Eyrin er vestan og utan við lendinguna (Naust) og ver hana fyrir brimi; þar brimar aldrei. Brim kom upp víkina, en beygði ekki fyrir Eyrina. Naustin voru þar fyrir innan. Lending þótti mjög góð. Sagt var, að aldrei færust skip, sem ýtti af Naustum.“ (ÖJB, 4).

#### **Lýsing**

Engin naust voru skráð þarna á vettvangi en þarna er sandfjara og góð lending, hnitpunktur var tekinn um 18m norðaustur af grunni Salthússins (Kálfshamar – 43) og má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju, en sjálfsagt hefur mátt lenda þarna á allstóru svæði í fjörunni.

## **Aðrar upplýsingar**

Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar var bryggja á þessum stað.

### **Kálfshamar - 106**

**Hlutverk:** Móbyrgi

**Tegund:** Tóftir

#### **Staðhættir og lýsing**

Umfangsmiklar mógrafir eru austan við túnin þar sem nú stendur sumarbústaður byggður 2006. Mógrafa og -tóftasvæðið nær um 50m norður fyrir túnin, austur að skurði sem grafinn er norður-suður í gegnum flóann austan sumarhússins og suður að veginum niður í Kálfshamarsvík. Það fórst fyrir að mæla upp grafirnar og mótóftirnar sumarið 2010 og var ekki hægt vegna snjóá þegar lokið var við skýrsluna í nóvember 2012. Grafirnar og mótóftirnar voru því mældar upp og hnitsettar af loftmynd og verður að hafa nokkurn fyrirvara á nákvæmni skráningarinnar, einkum hvað varðar mótóftirnar.

### ***Óstaðsettar minjar***

### **Kálfshamar - 107**

**Sérheiti:** Húsbrún

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Suður eða suðaustur frá Steinholtbrekkum er Húsabrún. Nafnið er dregið af fjárhúsum, sem voru þar; líklega eru enn fjánhús þar.“ (ÖJB, 8). Ekki er ljóst hvar nákvæmlega þessi hús hafi staðið, engar fjárhústóftir fundust á þessu svæði við vettvangsskráningu sumarið 2010.

### **Kálfshamar - 108**

**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Ekki er ljóst nákvæmlega hvar þetta uppsátur hefur verið þótt líklegt sé að það hafi verið á sama stað og lendingin við Naust, norðaustan við Eyrina svonefndu (sjá Kálfshamar – 104 og 105). Í jarðabók Árna og Páls segir: „Skipsuppsátur á jörðin í Kálfshamarsnesi árið um kring, mót selstöðu í Sviðningslandi, og hefur ábúandi brúkað þetta skipsuppsátur átölulaust.“ (JÁM, 470). Og í Kálfshamarslýsingu segir: „Selstöðu á jörðin í Sviðningslandi, og hefur brúkast átölulaust oftlega meðan jörðin byggðist; Sviðningur á hjer í mót skipsstöðu í Kálfshamarsnesi ut supra.“ (JÁM, 471).

## Saurar – söguágrip



Mynd 29, bæjarhóllinn á Saurum, horft til norðurs.

Í Húnaþingi II segir um Saura: „Bærinn stendur örskammt frá sjó. Tún er raklegt, en beit allgóð bæði til lands og sjávar. Laxá í Nesjum rennur til sjávar norðan við túnið.“<sup>19</sup>

Saura er fyrst getið í kaupbréfi frá árinu 1390.<sup>20</sup> Jarðarinnar er næst getið í ágripi af vitnisburðarbréfi um landamerki Saura þar sem segir að jörðin eigi merki út að Laxá og suður að grjótgarði þeim sem er fyrir utan jörðina Ytranis [Einarsnes].<sup>21</sup>

### Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabók frá 1708 segir að túninu spilli „grjótsuppgangur“ og vatn sem sígi á völlinn og éti rótina og geri víða svarðleysu til stórskaða. Engjaheyskapur takmarkist við það sem hægt er að hirða í brokflóum sem séu mjög blautir og votsóktir. Réttur til upprekstrar á afrétt tilheyrði ekki jörðinni en kvikfé sagt stafa hætta af mýrardýjum sem oft hafi hlotist skaði af. Vatnsbólið er sagt bregðast oft um vetur og þá erfitt að sækja vatn. Til hlunninda er talin torfrista og stunga næg. Móskurður er sagður nægur til eldiviðar á þrætuparti milli Saura og Óss við Laxá, en ekki hafi verið skorið úr með dómi hvorum tilheyrði. Rekavon er sögð lítil en jörðin eigi allan viðarreka en hvalreki fylgi ekki jörðinni. Heimræði er sagt sémilegt og landing ein fyrir landi og skip gangi eins og ábúandi fái við komið, þó sjaldan fleiri en tvö. Þá segir að skip fylgi jörðinni og skylda hvíli á leiguliða að fleyta því meðan aflavon sé og hafi hann 40 álnir í formannskaup árlega.<sup>22</sup>

### Ábúð

Árið 1703 voru 4 skráðir til heimilis að Saurum, þriggja manna fjölskylda og vinnupiltur. Enginn var skráður til heimilis þar 1835 en 26 þegar flestir voru árið 1901.<sup>23</sup> Jörðin var í byggð mestan part 20. aldar, en er nú í eyði.

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Saurar	1686 <sup>24</sup>	Bændaeign	-	-	-
Saurar	1696 <sup>25</sup>	Biskupstóllinn á Hólum	10 hndr	60 álnir	2
Saurar	1708 <sup>26</sup>	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	2

<sup>19</sup> Húnaþingi II (1978), 84.

<sup>20</sup> Íslenskt Fornbréfasafn III, 452.

<sup>21</sup> Íslenskt Fornbréfasafn XII, 79.

<sup>22</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 472.

<sup>23</sup> Mannaltisvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðaður þann 11.04.2011.

<sup>24</sup> Björn Lárusson (1967), 242.

<sup>25</sup> Björn Lárusson (1967), 242.

<sup>26</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 471.

Saurar	1847 <sup>27</sup>	Bændaeign	10 hndr	60 álnir	2
Saurar	1861 <sup>28</sup>	-	7,6 hndr	-	-

### *Fornbýlið Einarsnes*

Í jarðabók frá 1708 segir um fornbýlið: „Einarsnes í Nesium. Þetta er forn eyðijörð og hefur ei bygð verið í manna minni, en er brúkuð lángrandi frá Saurum, og segja menn, að þetta eyðiból sje talið jafnt við Saura, áður þetta lagðist til. Þetta hefur verið haldin ein jörð til alls fyrirsvars meir en í sextíu ár, og ekki hefur hjer síðan bygt verið. Ekki má hjer aftur byggja fyrir landþröng.“<sup>29</sup> Einarsnes hefur líka verið nefnt Ytraness eins og getið er hér að framan.

### *Litli-Ós*

Getgátur voru um það á fyrri hluta 18. aldar að bærinn Ós hafi fyrrum staðið sunnan Laxár þar sem heitir Litli-Ós og var þar þrætupartur milli Óss og Saura<sup>30</sup>, en allt land sunnan Laxár er nú talið tilheyrja Saurum.

---

<sup>27</sup> *Jarðatal á Íslandi*, 243.

<sup>28</sup> *Ný jarðabók*, 90.

<sup>29</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 471.

<sup>30</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 471.

## Fornleifaskrá



Mynd 30, túnakort frá 1921 eftir Ágúst B. Jónsson, lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer mínja í skýrslunni, nr. 1 bærinn, nr. 7 fjárhús, o.s.frv. Samkvæmt upplýsingum á túnakortinu hefur túnið verið 1.4 ha. að stærð og matjurtagarðurinn (nr. 116) verið 84m<sup>2</sup>.

### Saurar - 1

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Bæjarhóll (tóft)

#### Staðhættir

Í ornefnaskrá segir: „Saurabærinn stendur á dálitlum hól, skammt norðan við kambinn, norðanvert við Sauravík.“ (ÖKE, 2). Innan við 10m frá sjávarbakkanum er tóft eða þúst.

#### Lýsing

Tóftin er mest 17x20m að utanmáli og veggir eru 50-190sm háir að utanverðu og grasi grónir. Svo virðist sem jarðvegi hafi verið mokað inní tóftina og ómögulegt er því að greina innra fyrirkomulag bæjarins.

#### Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1829 samanstóð bærinn af eftirfarandi húsum: baðstofu, búrhúsi, eldhúsi, göngum og kofa sem var sunnan við bæinn (*Kálfshamar í Nesjum*. Úttekt á jörðum Þingeyrarklausturs 1829. nr. 101. ). Um 20m ASA af bæjarrústunum er steinsteyptur grunnur, 6x8m að grunnfleti með útskoti til vesturs fyrir miðju, um 1,5x1,5m á kant.

## Saurar - 2

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Fast vestan við bæjarhólinn á Saurum er tóft að brotna í sjó fram.

**Hættumat:** Minjarnar hafa nú þegar að stórum hluta horfið vegna landbrots og teljast því í mikilli hættu af þeim sökum.

**Lýsing**

Það sem eftir er tóftarinnar er um 12m langur veggur, sem liggur samsíða bakkanum NV-SA og örlitlir vegg stubbar við hvorn enda sem vita að sjónum og eru að mestu horfnir. Veggir eru á bilinu 20-110sm háir og allt að 1m breiðir.



Mynd 31, tóft nr. 2 vestan bæjarhólsins á Saurum er að brotna í sjó fram.

## Saurar - 3

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag/þúst

**Staðhættir**

Rúmlega 35m suðaustur af bæjarstæði Saura er mannvirki af einhverju tagi úr torfi.

**Lýsing**

Óvíst er hverslags mannvirki hér um ræðir, þar sem það er að hálfu sokkið í mýri og er illgreinanlegt, um 8x9m á kant. Það sem enn sér eftir af veggjum er á bilinu 10-60sm hátt og um 1m breitt. Veggirnir eru algrónir grasi, fremur ólögulegir og mynda spíss til norðausturs en hverfa í mýrina til suðvesturs. Útbrúnir veggja eru nokkuð beinar en innbrúnir bogadregnar.

## Saurar - 4

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Grjótlögn

**Staðhættir**

Um 70m suðaustur af bæjarstæði Saura er ferhyrnd grjótlögn eða stétt, hugsanlega grunnur fiskhjalla.

**Lýsing**

Grjóthleðslan myndar ferhyrning 2x2,5m á kant og snýr NNA-SSV og stendur á svolitlum grýttum hávaða. Hleðslan er fremur illgreinanleg og gróin, 10-20sm há.





Mynd 32, horft til norðvesturs yfir tóft nr. 5, nokkru fjær og hægramegin á myndinni er grjótlögn nr. 4 og steiptur grunnur ofan og vinstra megin hennar, neðan við hann og til vinstri er tóft nr. 3 og bæjarstæði Saura nr. 1 þar fyrir ofan.

### Saurar - 5

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Rúma 80m suðaustur af bæjarstæði Saura er lítil tóft á suðurbakka lækjar sem liggur VNV-ASA úr flóanum til sjávar um 25m sunnan við bæjarstæði Saura.

**Lýsing**

Tóftin er um 5x7m á kant að utanmáli, með dyr til vesturs. Veggir eru á bilinu 40-60sm háir og um 1m breiðir, algrónir grasi. Lækur rennur upp við norðurvegg tóftarinnar en svæðið er allt fremur votlent.

### Saurar - 6

**Hlutverk:** Skurður


**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Handgrafnir skurðir eru umhverfis bæjarstæði Saura að norðan, austan og sunnan en sjór að vestan.

**Lýsing**

Að sunnan er um að ræða grunnan lækjarfarveg sem grafið hefur verið uppúr en að austan og norðan eru dýpri handgrafnir skurðir.



### Saurar - 7

**Sérheiti:** Barðhús

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**


Rúmlega 100m SSV af Laxárós er fjárhústóft, þrístæð garðahús með hlöðu.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr snúið til vesturs, utanmál er 14x23m. Sökkull hlöðunnar er steypdur og steypdar plötur eru á görðum auk fjárbaðs í garða hússins í miðjunni. Garðarnir eru grjóthlaðnir undir steypu plötunum en veggir fjárhúsanna hafa verið hlaðnir úr torfi- og grjóti en hlaðan asbest klædd. Torfveggirnir eru 10-60sm háir og mest um 1,5m á breidd. Þeir eru grasi grónir þar sem ekki sér í grjóthleðslur. Við norðvesturhorn tóftarinnar er þýfð þúst, 4x5m að utanmáli og um 30sm há og önnur stærri beint vestur af húsunum, 7x12m og snýr NNA-SSV, viðlíka há.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir norðan bæinn standa Barðhús. Nú eru þar fjánhús en var áður húsmannsbýli.“ (ÖKE, 2).



Mynd 33, horft til suðausturs yfir tóftir fjárhúsa (nr. 7).

### Saurar - 8

**Sérheiti:** Barðhús

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Rúmlega 100m SSV af Laxárós er fjárhústóft (nr. 7), þrístæð garðahús með hlöðu. Þar stóð áður húsmannsbýli nefnt Barðhús (ÖKE, 2) nú horfið.

**Lýsing**

Engin ummerki um þetta hús fundust á vettvangi og hefur því að líkindum verið rutt um þegar fjárhúsin (nr. 7) voru byggð.

### Saurar - 9

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Hætta

**Staðhættir**

Um 3m vestan við norðurhluta Bárðhúsa (nr.7) er lítil þúst.

**Lýsing**

Þústin er tæplega 4x5m að utanmáli og 30-40sm há. Hún er smáþýfð og algróin grasi.

### Saurar - 10

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Hætta

**Staðhættir**

Um 5m vestan við Barðhús er aflöng þúst.

**Lýsing**

Þústin liggur NNA-SSV er um 7x12m að utanmáli og 30-40sm há, gróin og smáþýfð.

### Saurar - 11

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Minjarnar eru í hættu vegna landbrots.

**Staðhættir**

Utan í fjörukambi, tæplega 60m VNV af Barðhúsum (sjá nr.7) er lítil tóft.

**Lýsing**

Tóftin er sporöskjulaga um 5x4m að utanmáli og snýr NV-SA. Dæld er í miðju en engar dyr greinilegar. Veggir eru á bilinu 30-40sm háir og um 70-100sm breiðir.



Mynd 34, tóft nr. 11, VNV af Barðhúsum.

### Saurar - 12

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Sunnan við Laxárós, vestur af enda heimreiðarinnar heim að Saurum er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 1x1m á kant og 30-40sm djúpur. Hlutverk er óþekkt.

### Saurar - 13

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Á suðurbakka Laxár, um 75m austur af ósnum, á grónum bakka er þúst.

**Lýsing**

Þústin er rúmlega 3m að þvermáli, grasi gróin og þýfð. Hún er um 20-40sm há. Hlutverk er óþekkt.

#### Saurar - 14

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Norður af vesturenda (um 70m frá endanum) heimreiðarinnar að Saurum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tæplega 4x4m á kant, grasi gróin og þýfð. Veggir eru 20-40sm háir og mest um 1m á breidd. Engar dyr eru greinanlegar.



Mynd 35, tóft nr. 14 norður af heimreiðinni að Saurum.



Mynd 36, horft til norðurs yfir mógrafir í landi Saura (nr. 15) í baksýn er bæjarstaði Óss handan Laxár.

#### Saurar - 15

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Á bökkum Laxár, norður af túninu á Litlaósi eru mógrafir.

**Lýsing**

Mógrafirnar eru rúmlega 2000m<sup>2</sup>, um 30-100sm djúpar.

#### Saurar - 16

**Hlutverk:** Óþekkt/mótóft?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á bökkum Laxár, við norðvesturenda mógrafanna er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er mögulega tvískipt og liggur austur undan garðlagi sem liggur eftir árbakkanum. Hún er um 3,5x3m að utanmáli, grasi gróin og hvergi sér í grjóti en veggir að hluta hlaupnir í þúfur. Veggir eru 20-30sm háir og mest um 1m á breidd. Engar dyr eru greinanlegar.

### **Saurar - 17**

**Hlutverk:** Óþekkt/túngarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Á bökkum Laxár, vestan við bæjarstæði Litla-Oss og á bakkanum norðvestan mógrafanna (nr. 15) er líkt og garðlag eftir bakkanum.

#### **Lýsing**

Garðlagið sést á um 200m kafla þó ekki alveg samfleytt, það er mest um 150sm hátt til vesturs að ánni en um 30sm til austurs að túninu og á bilinu 1-1,2m breitt.

### **Saurar - 18**

**Hlutverk:** Óþekkt/mótóft

**Tegund:** Þúst

#### **Staðhættir**

Á suðurbakka Laxár um 20m frá ánni og 80m norðaustur af mógröfunum (nr. 15) er smá þúst.

#### **Lýsing**

Þústin er fremur óljós um 30-40sm há en sker sig úr umhverfinu og er grænni og gróskumeiri en móinn umhverfis. Þústin er um 5x5m á kant og snýr skakkt við áttum (NV-SA). Líklega leifar mótóftar.

### **Saurar - 19**

**Sérheiti:** Litliós

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild/Bæjarhóll

#### **Staðsetning**

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir norðan bæinn standa Barðhús. Nú eru þar fjárhús en var áður húsmannsbýli. Austur af Barðhúsum, á dálitlum hól rétt fyrir sunnan Laxá, eru tóftarbrot sem heita Litliós. Sagnir eru um að þar hafi gamli bærinn á Ósi eitt sinn staðið. (Sbr. Jarðabók Á.M.). Stóð því deila milli Óss og Saura um landræmu sunnan Laxár“ (ÖKE, 2).

#### **Lýsing**

Bæjarstæði Litlaóss er illgreinanlegt vegna sléttunar en þó er svolítt hávaði um 22m í þvermál í túninu sem er líklega gamli bæjarhóllinn sem greint er frá í örnefnaskránni. Engir veggir eða dældir eru þó greinanlegar á þessum stað.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá frá 1974 segir: „Lyngnes er fyrir ofan Litlaós. Þar stendur hesthús.“ (ÖKE, 3). Ofan við meintan bæjarhól og suðaustast í gamla túninu á Litlaósi eru leifar útihúss frá 20. öld (ISN93: A435613 N615140). Húsið hefur verið rífið en eftir standa steipt haughús og steiptur sökkul á hlöðu aftan við, sem nú er búið að breyta í lítið gerði eða rétt. Leifar af asbest-plötum og timburstokkur eru í þessum húsaleifum.

### **Saurar - 20**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgroftur

#### **Staðhættir**

Um 160m suðaustur af bæ á Saurum, austan við Búðarhúsatjörn sem nefnd er í örnefnaskrá (ÖKE, 2) eru nokkuð umfangsmiklar mógrafir.

#### **Lýsing**

Mógrafirnar skiptast í tvö svæði en eru skráð hér sem heild og eru alls um 4400m<sup>2</sup> og 20-60sm djúpar.

### Saurar - 21

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir og lýsing

Innan stærra mógrafarsvæðisins beint austur af Búðarhústjörn er mótóft. Tóftin er aflöng og snýr NA-SV, 2,5x5,5m á kant og 30-40sm há.

### Saurar - 22

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir og lýsing

Við norðurenda mógrafanna nr. 20 er mótóft. Hún er gróin, um 2x3m að utanmáli og 20-40sm há.

### Saurar - 23

**Hlutverk:** Óþekkt/mótóft

**Tegund:** Þúst

#### Staðhættir og lýsing

Á milli mógrafanna er lítill hóll eða þúst 4x5m að utanmáli og 30-40sm hár. Hóllinn er grasi og mosa gróinn, hugsanlega leifar móstafla eða mótóftar.

### Saurar - 24

**Hlutverk:** Óþekkt/mótóft

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Á milli mógrafanna er lítill hóll eða þúst (sjá nr. 23) og austan við hana tóft.

#### Lýsing

Tóftin snýr austur/vestur og er 5x8m að utanmáli. Veggir eru þýfðir og nánast algrónir grasi og mosa en þó sér í grjóti í tóftinni. Hæð veggja er 10-40sm og breidd mest tæpir 2m.



Mynd 37, horft til vesturs yfir tóft nr. 24.

### Saurar - 25

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Rúma 30mm SSA af tóft (sjá nr.) er mótóft.

#### Lýsing

Tóftin er um 4x4m að utanmáli og veggir um 30-40sm háir og um metri á breidd. Veggir eru grónir grasi og mosa en þó sér í grjóti á stöku stað.



Mynd 38, mótóft nr. 25.

### Saurar - 26

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Um 110m austur af austara mógrafar-svæðinu (nr. 21) er varða á norður-endanum á stórgrýttum lágum ás sem liggur NV-SA.

**Lýsing**

Varðan er 20-70sm há og um 1x1m að grunnfleti.



Mynd 39, horft til vesturs yfir vörðu nr. 26 og hleðslu nr. 27 handan hennar til hægri. Í baksýn til vinstri er Einarsnes öðru nafni Framnes.

### Saurar - 27

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Um 110m austur af austari mógrafarsvæðinu (nr. 21) er varða (nr. 26) á norðurendanum á stórgrýttum lágum ás sem liggur NV-SA, um 6m vestan vörðunnar er lág aflöng hleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan er um 50sm há þar sem hún er hæst, hún er um 120x80sm breið og snýr N-S.

### Saurar - 28

**Sérheiti:** Búðarhús

**Hlutverk:** Sjóbúð, fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**


Tóftir Búðarhúsa standa á þurrum hávaða, í mýri, sunnarlega við Sauravík, um 40m suður af suðurenda Búðarhúsatjarnar sem getið er í örnefnaskrá (ÖKE, 2).

**Lýsing**

Tóftin er 13,5x14m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvesturs. Hún skiptist í 5 hólf og eru garðahús með heytóft eða hlöðu til norðvesturs. Dyr hafa verið á þeim sem snúa til suðvesturs, innangengt í hlöðu/heytóft og mögulega dyr á henni til norðvesturs. Þrjú hólf eru til suðausturs, eitt þeirra með dyr mót suðaustri en hin tvö til norðausturs. Hæð veggja er frá 20-110sm og mesta breidd 2m. Grjót- og torfhleðslur sjást í veggjum en tóftin er að öðru leyti gróin grasi.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Framnes er Sauravík. Við hana sunnanverða er svonefnt Búðarhús. Í Búðarhúsi héldu sjómenn til, aðallega yfir haustvertíðina. Þeir komu víða að úr Húnaþingi. Að Ósi fengu þeir oft bakað brauð og þveginn þvott. Verstöð þessi lagðist niður rétt eftir síðustu aldamót.“ (ÖKE, 1-2).



## Saurar - 29

**Sérheiti:** Gónhóll?

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Vestan við tóftir Búðarhúsa (nr. 28) er aflöng tóft, einna líkust fiskgarði.

**Lýsing**

Tóftin er ferhyrnd, reglulegt að lögun, 5x10m að utanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru 20-30sm háir og breidd um 1m. Grjót sést efst í veggjum en veggir annars grasi grónir. Engar dyr eru greinanlegar.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Rétt fyrir neðan Búðarhús er allstór hóll nefndur Gónhóll. Hann er mitt á milli Búðarhúss og sjóarbakkans. Eitt sinn var grafið jarðhús niður í Gónhól og búið þar. Það mun hafa verið um 1904 eða ´5. Hjónin, sem þar bjuggu, hétu Pétur Pétursson og Sigurlaug Jóhannesdóttir.“ (ÖKE, 2). Ekki er um verulegan hól að ræða á þessum stað en af lýsingunni að dæma kemur varla annar staður til greina mitt á milli Búðarhúss og sjávar eins og því er list í örnefnaskránni. Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar er Gónhóll hins vegar fast sunnan við Búðarhústjörn norðan við Búðarhús, við endann á mógröfunum nr. 21. Annar og líklegri staður er reyndar hóllinn við suðvesturhorn Framnestjarnar en þar eru greinileg ummerki um niðurgafnar byggingar í hólnum (sjá Saurar-32).



Mynd 40. Horft er eftir veginum til suðvesturs, Kálfshamarsnes og vitinn eru í baksýn.

## Saurar - 30

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Vegur

**Staðhættir**

Suður frá Búðarhúsum liggur upphlaðinn vegur.

**Lýsing**

Vegurinn liggur yfir mýri frá norðri til suðurs og er um 180m langur og mest um 3m á breidd.





### Saurar - 31

**Hlutverk:** Óþekkt/túngarður

**Tegund:** Garðlag


**Staðhættir**

Norðvestur af Búðarhúsum (nr. 28) við er garðlag meðfram sjávarkambinum.

**Lýsing**

Garðlagið er alls rúmir 50m að lengd en er rofið á tveimur stöðum. Það er ógróið, á bilinu 20-50sm hátt og um 1m breitt.

Mynd 41, grjóthlaðinn garður (nr. 31) meðfram sjávarkambinum norðvestur af Búðarhúsum.



Mynd 42, horft til suðvesturs yfir Framnestjörn, lengst til vinstri er Kálfshamarsnesviti, og bæjarhóll (nr. 32) fyrir miðri mynd.

### Saurar - 32

**Sérheiti:** Einarsnes/Framnes/Gónhóll?

**Hlutverk:** Híbýli, öskuhóll, fjárhús

**Tegund:** Bæjarhóll


**Staðhættir**

Myndarlegur bæjarhóll er við suðvesturhorn Framnestjarnar, rúma 50m suðaustur af rústum Framnesbæjarins.

**Lýsing**

Hóllinn er um 26x30m að utanmáli og 3,5m á hæð á honum eru dældir og veggjalög húsa sem þar hafa staðið. Dýpsti niðurgrofturinn er austan til í hólnum, um 3x3,5m á kant A-V og um 150sm djúpur. Í honum sést í móösku og rusl í brúnum en grjót neðst. Um 5m vestar á hólnum eru dældir sem benda til að þar kunni að hafa staðið fjárhús,


einfalt garðahús með hlöðu (ISN93 A435132 N614525). Dældirnar eru 20-30sm djúpar, ávalar og grónar, og minnir útlit þeirra á fjárhús eins og stundum má greina í sléttuðum



túnum, tvær aflangar samsíða dældir og ein breiðari þvert á þær fyrir öðrum endanum. Þá eru dældir víðar og möguleg veggjabrot víðar á hólnum, allt gróið og illgreinanlegt.

#### Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1832 segir frá „fjárhústóft yfir 30 kindur, vel um gengin og nýlega upp sett suður á Einarsnesi [...]“ (úttekt nr. 100), hugsanlega eru áður nefndar dældir í hólnum leifar þess. Þá segir í örnefnaskrá: „Rétt fyrir neðan Búðarhús er allstór hól nefndur Gónhóll. Hann er mitt á milli Búðarhúss og sjóarbakkans. Eitt sinn var grafið jarðhús niður í Gónhól og búið þar. Það mun hafa verið um 1904 eða ´5. Hjónin, sem þar bjuggu, hétu Pétur Pétursson og Sigurlaug Jóhannesdóttir.“ (ÖKE, 2). Staðarlýsing Gónhóls er ekki í samræmi við þennan hól en hann virðist engu að síður koma betur til greina en flest annað miðað við lýsinguna á niðurgröfnu húsi í hólinn (sjá Saurar-29).



#### Saurar - 33

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Niðurgröftur-hleðsla/tóft

#### Staðhættir

Á sjávarbakkanum suðvestur af bæjarhólnum nr. 32 er tvískipt tóft.

**Hættumat:** Minjarnar eru skammt frá sjávarbakka sem brýtur af og teljast því í hættu vegna landbrots.

#### Lýsing

Tóftin er um 8x9m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur og er ögn niðurgrafin í brekkuna til norðvesturs. Tvennar dyr virðast hafa verið undan brekkunni mót suðaustri. Veggir eru 30-60sm háir og mest um 2m á breidd.

### Saurar - 34

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**


Um 35m suðvestur bæjarhólnum nr. 32 er grjóthlaðið garðlag.

**Hættumat:** Hluti garðlagsins hefur brotnað í sjó fram og er garðlagið í mikilli hættu vegna frekara landbrots.

**Lýsing**

Garðlagið snýr VNV/ASA og nær frá suðvesturenda Framnestjarnar og suður í fjöruna og er rúmlega 40m á lengd og 30-70sm hátt á þessum kafla.

Þar beygir það til vesturs og hefur sjórinn nagað það í sundur á um 30m kafla en svo sést það aftur glögg þar sem það gengur til vesturs upp á brekkuna og er um 50m langt og svipað að hæð og breidd og áður.



*Mynd 43, horft til vesturs eftir garðlagi nr. 34, hluti þess hefur brotnað í sjó fram en það sést svo aftur upp á hæðinni þar sem það ber við himinn til vinstri á myndinni. Hægra megin við landbrotið sjást tvær aflangar dældir og óljós veggjalög umhverfis, naust nr. 33.*

### Saurar - 35

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Um 60m suðvestur af Gónhól er gróin hleðsla um 7m suður sunnan við garðlagið nr. 34.

**Hættumat:** Hleðslan stendur út á klettabrún við sjóinn og telst í hættu vegna hugsanlegs landbrots.

**Lýsing**

Hleðslan er ferhyrnd, 6,5x8,5m að utanmáli, með ávalar 10sm háar brúnir, grasi grónar og dæld í miðju. Hugsanlega húsgrunnur.



*Mynd 44, horft yfir tóftir Framness í landi Saura, bæjartóftin (nr. 36) lengst til hægri, næst fyrir miðri mynd er tóft nr. 38 og fjær til vinstri tóft nr. 37.*

### Saurar - 36

**Sérheiti:** Framnes

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta er vegna uppblásturs/foks

**Staðhættir**


Norðanvert á Framnesi, um 40m vestur af Framnestjörn, eru tóftir samnefnds býlis.

**Lýsing**

Tóftin er 13x18m að utanmáli og skiptist í að minnsta kosti 5 hólf. Aðeins einar dyr eru greinanlegar og snúa mót austri. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót- og torfhleðslur í veggjum m.a. þar sem veggir eru rofnir vegna foks. Hæð veggja er frá 40-130sm og mest um 1,5m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Á skilti við tóftina segir: „Hér var búið með hléum á síðari hluta 19. aldar. Árið 1903 er þess getið að hér dvelji Björn Árnason ásamt konu og barni. Síðast bjó hér Páll Benediktsson ásamt fjölskyldu 1923.“



### Saurar - 37

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna nálægðar við sjó

**Staðhættir**

Norðanvert á Framnesi, um 40m vestur af Framnestjörn, eru tóftir samnefnds býlis (sjá nr. 36) og á sjávarbakkanum norðan þess er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 4,5x5,5m að utanmáli en engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru lágir, grasi grónir, 10-20sm háir og breidd mest 1,5m.

### Saurar - 38

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna nálægðar við sjó

**Staðhættir**

Norðanvert á Framnesi, um 40m vestur af Framnestjörn, eru tóftir samnefnds býlis og á sjávarbakkanum norðvestan þess er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er rúmlega 4x5m að utanmáli, algróin og veggir 10-30sm háir og mest um 1,5m á breidd. Dyr eru á tóftinni og snúa til suðvesturs.



Mynd 45, tóft og hleðsla nr. 40 yst á Einarsnesi/Framnesi. Garðlag nr. 39 liggur þvert yfir tóftina.

### Saurar - 39

**Hlutverk:** Túngarður?

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Vestast (yst) á Einarsnesi/Framnesi er garðlag sem liggur SV-NA langleiðina yfir nesið.

**Lýsing**

Garðlagið liggur frá suðvestri til norðausturs og er um 30m langt, óljósara til norðausturs. Það er grjóthlaðið og hæð frá 30-100sm og mesta breidd 1m og liggur yfir tóft nr. 40.

### Saurar - 40

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft/Hleðsla

**Staðhættir**

Vestast (yst) á Framnesi er tóft eða hleðsla sem garðlagið nr. 39 liggur þvert yfir.

**Lýsing**

Tóftin/hleðslan snýr norðvestur/suðaustur og er 8x12m að utanmáli. Hún er gróin grasi og mosa, veggir 10-30sm háir og mest rúmlega metri á breidd. Grjóthrúga er í norðvesturhluta tóftarinnar/hleðslunnar sem gæti verið yngri. Grjót sést í veggjum og við þá og er að minnsta kosti hluti þess sjávargrjót sem borið hefur á land. Grjóthlaðið garðlag (nr. 39) sem er yngra liggur þvert yfir tóftina frá suðvestri til norðausturs.

### Saurar - 41

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir og lýsing**

Í svonefndum Sauraflóa austur af uppbyggða veginum sem liggur að Búðarhúsum eru mógrafir. Grafirnar eru á bilinu 20-50sm djúpar, algrónar og taka yfir um 225m<sup>2</sup> svæði.

### Saurar - 42

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Í svonefndum Sauraflóa austur af uppbyggða veginum sem liggur að Búðarhúsum eru mógrafir, austan þeirra er lítil þúst, líklega leifar mótóftar.

**Lýsing**

Þústin er algróin grasi, um 3x4m, aflöng N-S og um 30-40sm hærri en umhverfið.

### Saurar - 43

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Heimild/dældir

#### Staðhættir og lýsing

Í úttekt frá 1832 segir frá „fjánhústóft yfir 30 kindur, vel um gengin og nýlega upp sett suður á Einarsnesi [...]“ (*Kálfshamar í Nesjum*. Úttekt á jörðum Þingeyrarklausturs 1829. nr. 101). Ekki er ljóst af úttektinni hvar á Einarsnesi/Framnesi þetta hús hefur staðið.

#### Aðrar upplýsingar

Líkleg staðsetning er á hólnum við Framnestjörn en á honum eru dældir sem minna á fjánhús, tvær samsíða 5m langar dældir að sunnan og breið dæld þvert á þær að austan (sjá teikningu við Saurar-32).

### Saurar - 44

**Sérheiti:** Holt

**Hlutverk:** Híbylí

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna uppblásturs/foks

#### Staðhættir


Á grónu holti um 80m austan við norðurenda Kálfshamarstjarnar eru tóftir býlisins Holts.

#### Lýsing

Tóftin er 15,5x18m að utanmáli og skiptist í a.m.k. 7 hólf. Þrjár eða fjórar dyr hafa verið á vesturhlíð og mögulega einar til norðurs en aðrar dyr eru ekki greinanlegar. Veggir eru rofnir og sér í torf í þeim og grjóthleðslur sjást á nokkrum stöðum neðst í vegg en að öðru leyti eru þeir grasi grónir. Hæð veggja er frá 20-180sm og mest um 2,5m. Í syðsta hólfinu eru veggir hlaðnir úr torfi og grjóti en eru lægri en aðrir veggir, þar hefur mögulega verið rétt.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Nokkru fyrir norðan Ægissíðu, ca. 100-150 föðmum, eru tóftir af býlinu Holti. Síðasti ábúandinn þar hét Guðlaugur Eiríksson. Hann drukknaði árið 1914 ásamt bóndanum í Steinholti, Rögnvaldi Jónssyni.“ (ÖKE, 3). Á skilti við tóftina stendur: „Holt var byggt rétt eftir 1900 af Guðlaugi Eiríkssyni. Síðast bjó hér Guðmundur Einarsson með fjölskyldu. Húsið fór í eyði 1937.“



### Saurar - 45

**Sérheiti:** Holt

**Hlutverk:** Öskuhóll

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Hætta vegna uppblásturs/foks

**Staðhættir**

Á grónu holti um 80m austan við norðurenda Kálfshamarstjarnar eru tóftir býlisins Holts og austan við þær lágur og aflangur öskuhóll.

**Lýsing**

Hóllinn er 4x9m að utanmáli og um 10-100sm hár. Hóla hefur verið grafin í suðvesturhorn hólans og sér þar í móösku og rusl.



*Mynd 46. Þústin (sjá nr. 46) er fremst á mynd og ofan við hana sér í tóftir býlisins Holts (nr. 44). Lengst til hægri sést í endann á öskuhólnum (sjá nr. 45).*

### Saurar - 46

**Sérheiti:** Holt

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Á grónu holti um 80m austan við norðurenda Kálfshamarstjarnar eru tóftir býlisins Holts og rúmlega 10m norðvestan við þær er þúst.

**Lýsing**

Þústin er 4x5m að utanmáli og 30-40sm há. Hún er grasi gróin, að nokkru hlaupin í þúfur og hvergi sér í grjóti.

### Saurar - 47

**Hlutverk:** Óþekkt, mó-/torfþurrkun

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í mýri u.þ.b. miðja vegu milli Holts (nr. 44) og Steinholts (nr. 48) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er aflöng og liggur frá suðvestri til norðausturs, 2,5x10m að utanmáli og 30-50sm á hæð. Hún er grasi gróin og hlaupin í þúfur.

## Saurar - 48

### Sérheiti:

Steinsholt/Steinholt

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild


### Staðhættir og lýsing

Á skilti við tóft af býlinu Ægissíðu segir um Steinholt: „Var byggt 1911 af Rögnvaldi Jónssyni. Hann fórst í fiskiróðri ásamt skipshöfn sinni í júlí 1914. Rifið 1915.“ Síðar var býlið Ægissíða byggt á grunni Steinholts (Bjarni Th. Guðmundsson, 39).

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Var það torfbær með timbur-gafli og timburhlið að

framan. Voru þar herbergi fyrir sjómenn, [...]“ (Bjarni Th. Guðmundsson, 36). „Nokkru fyrir norðan Ægissíðu, ca. 100-150 föðmum, eru tóftir af býlinu Holti. Síðasti ábúandinn þar hét Guðlaugur Eiríksson. Hann drukknaði árið 1914 ásamt bóndanum í Steinholti, Rögnvaldi Jónssyni. Steinholt fór þá í eyði, en það stóð nokkru ofar en Ægissíða.“ (ÖKE, 3).



Mynd 47, horft til suðurs yfir tóftir Ægissíðu.

## Saurar - 49

**Sérheiti:** Ægissíða

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna rofs

### Staðhættir

Efst á grónu holti, rúmlega 30m norður af merkjum Saura og Kálfshamars eru tóftir býlisins Ægissíðu.



### Lýsing

Tóftin er aflöng og snýr norður/suður, 12x25m að utanmáli. Hún skiptist í fjögur hólf, nyrðri hluti tóftar hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti og eru veggir 50-180sm háir. Nyrst er lítið hólf og eru veggir þar lægri eða um 20-30sm háir. Syðri hlutinn er hlaðinn úr grjóti, 20-30sm háir og gæti að hluta verið undan torfvegg. A.m.k. tvennar dyr eru á tóftinni og snúa báðar mót vestri. Þriðju dyrnar eru mögulega á nyrsta hólfinu og snúa einnig til vesturs. Tvær grjóthrúgur, báðar um 30sm háar eru upp við tóftina.

### Aðrar upplýsingar

Í Húnavöku segir: „Sigurður Júlíusson byggði Ægissíðu um 1924, þá var það torfbær með timburgafla að sunnan og timburhlið. Stóð það hús á grunni Steinholts Rögnvalds Jónssonar, sem áður er getið. Eftir um það bil áratug reif hann Ægissíðu og flutti timbrið til Skagastrandar og endurbýggði bæinn þar.“ (Bjarni Th. Guðmundsson, 39). Ósamræmi er á milli heimilda um aldur bæjarins sem gæti stafað af misritun eða misminni. Í örnefnaskrá segir: „Ofan við Framnes er Framnestjörn. Þaðan í suðaustur eru Smáholt. Sunnarlega á Smáholtum eru húsatóftir, sem heita Ægissíða. Þar var síðast búið 1924. Síðasti ábúandinn hét Sigurður Júlíusson, nú gamall maður á Akranesi. Nokkru fyrir norðan Ægissíðu, ca. 100-150 föðmum, eru tóftir af býlinu Holti. Síðasti ábúandinn þar hét Guðlaugur Eiríksson. Hann drukknaði árið 1914 ásamt bóndanum í Steinholti, Rögnvaldi Jónssyni. Steinholt fór þá í eyði, en það stóð nokkru ofar en Ægissíða.“ (ÖKE, 3).

### Saurar - 50

**Hlutverk:** Íshús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 20m suðvestur af tóftum býlisins Ægissíðu (nr. 49), suðvestan í grónu holti, er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 7x9m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Hún er þrískipt, með dyr til norðausturs og líklega til suðvesturs líka. Hæð veggja er 30-160sm og breidd mest um 1,5m.

**Aðrar upplýsingar**

Á skilti af Kálfshamarsvík kemur fram að þarna hafi staðið íshús Sigurðar Júlíussonar.



Mynd 48, horft til suðvesturs yfir Íshústóft (nr. 50) suðvestur af Ægissíðu (nr. 49), Kálfshamarsnesi bakgrunni til hægri.

### Saurar - 51

**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Um 17m austur af tóftum býlisins Ægissíðu (nr. 49), sunnan til í grónu holti, er garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er 9x10m að utanmáli, að hluta hlaðið úr torfi og að hluta úr grjóti. Suðurveggur er ógreinilegur, mest um 10sm hár en mesta hæð veggja er 70sm og mesta breidd um 2m. Norðurveggur er hruninn við norðvesturhorn.

### Saurar - 52

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Rúmlega 30m austur af suðurenda tóftar býlisins Ægissíðu (nr. 49) er lítil tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 3x3m að utanmáli og hafa dyr verið á SV vegg. Hún er grasi gróin, veggir 50-60sm háir og um 1m á breidd, að nokkru komnir í þúfur.



Mynd 49, tóft nr. 52, suðaustur af Ægissíðu.

### Saurar - 53

**Hlutverk:** Óþekkt, hjallur, kofagrunnur

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Tæplega 15m SA af tóftum býlisins Ægissíðu (nr. 49), sunnan undir gróinni lágri brekku, er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er hlaðin úr grjóti, 3x4m að utanmáli og snýr NA/SV. Veggir eru 30-50sm háir, standa að hluta ágætlega en eru að hluta hrundir. Breidd veggja er mest um 1m. Dyr eða hlið hefur snúið mót norðvestri.



Mynd 50, hlaðinn tóft eða grunnur nr. 53 suður af Ægissíðu nr. 49.

### Saurar - 54

**Hlutverk:** Óþekkt, túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Rúmlega 30m SV af tóftum býlisins Ægissíðu (nr. 49) er grjóthlaðið garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið er um 10-30sm hátt, rúmlega 12m langt og liggur norður/suður. Að norðan eru grjóthrúgur á nokkrum stöðum líklega leifar garðsins sem gengið hefur í boga meðfram Ægissíðu að vestan, norðvestan og norðan.

### Saurar - 55

**Sérheiti:** Steinholt/Steinsholt

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Rúmlega 90m norðaustur af tóftum býlisins Ægissíðu (nr. 49) eru tóftir býlisins Steinsholts.

**Lýsing**

Tóftin er 10x10m að utanmáli, a.m.k. þrískipt og hafa verið dyr til vesturs og aðrar að líkindum til suðurs eða suðvesturs. Veggir eru 20-150sm háir og mest um 1,5m. Steypa er í grjóthleðslum og múrað hefur verið að innan suðaustanvert í tóftinni. Mikið grjót er í veggjum.

### Aðrar upplýsingar

Í Húnavöku segir: „Þá byggði Sumarliði Sigurðsson torfbæ með timburhálfgafla að sunnan. Nefndi hann þann bæ Steinsholt, stóð hann nokkuð fyrir ofan Ægissíðu.“ (Bjarni Th. Guðmundsson, 39-40).

### Saurar - 56

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Um 5m frá suðvesturhorni bæjartóftarinnar á Steinholti (nr. 55) er lítil þúst.

**Lýsing**

Þústin er óregluleg í laginu um 4,5m á kant, smáþýfð, gróin og um 40sm hærri en umhverfið.

### Saurar - 57

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 30m suður af tóftum Steinholt (nr. 55) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt um 5x12m að utanmáli, hún snýr norður/suður og hafa dyr verið við suðvesturhorn og snúið til vesturs. Veggir eru 30-60sm háir, grasi og mosa grónir og mest um 2m á breidd.

### Saurar - 58

**Hlutverk:** Óþekkt, rétt?


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á grýttum hól rúmlega 70m SSA af tóftum Steinholts (nr. 55) og tæpa 90m austur af tóftum Ægissíðu (nr. 49) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt, 11,5x12,5m að utanmáli. Veggir eru 30-110sm háir, illa farnir til vesturs vegna bleytu og rofs en tóftin liggur við mýri. Dyr eða hlið hefur verið til norðurs á austara hólfinu og á því vestara virðast hafa verið dyr við suðaustur horn sem hafa snúið til austurs. Veggir eru mest um 1,5m á breidd.



**Saurar - 59****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Staðhættir og lýsing**

Um 10m vestur af tóft nr. 58 er lítil þúst. Þústin er um 5m í þvermál og á bilinu 50-60sm há.

**Saurar - 60****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Þúst**Staðhættir og lýsing**

Um 10m vestur af tóft nr. 58 er lítil þúst nr. 59, 10m vestar er önnur eins þúst, um 5m í þvermál og 40sm há.

**Saurar - 61****Hlutverk:** Óþekkt/túngarður**Tegund:** Garðlag**Staðhættir**

Norðan og austan við tóftir Steinholts (nr. 55) eru leifar garðlags.

**Lýsing**

Garðurinn er að mestu hlaðinn úr grjóti en þó er torf í honum að norðaustan. Hann er á bilinu 20-110sm hár og liggur í beinni línu að norðan á 60m kafla (A-V) og að austan er hann 80m langur og liggur NNV-SSA.

**Aðrar upplýsingar**

Svo virðist sem girt hafi verið með girðingu vestan og suðvestan við bæinn og sjást hleðslur undan girðingu næst tóftinni á tveimur stöðum

**Saurar - 62****Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í mýri rúmlega 30m suðaustur af tóft (nr. 58) og um 30m norðan við svonefndan Stokk er lítil tóft. Stokkur er niðurgrafinn lækur sem skiptir löndum Kálfshamars og Saura.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 4x5m að utanmáli, opin til suðvesturs. Veggir eru 30-40sm háir, grasi grónir og mest rúmlega 1m á breidd.

**Saurar - 63****Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Um 40m ANA af mókofatóft nr. 62 er aflöng þúst rétt norðan við Stokk, sem er niðurgrafinn lækur sem skiptir löndum Kálfshamars og Saura.

**Lýsing**

Þústin er algróin, um 3x5,5m að ummáli og snýr NNA-SSV, engin veggjalög eru greinanleg en þústin stendur 40-50sm hærra en umhverfið.

#### Saurar - 64

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

#### **Staðhættir og lýsing**

Rúmlega 60m NNA af tóftum Steinholts (sjá nr. 55) eru mógrafir, sem ná yfir um 860m<sup>2</sup> svæði. Grafirnar eru algrónar á bilinu 20-70sm djúpar.

#### **Aðrar upplýsingar**

Til suðvesturs frá mógröfunum er handgrafinn skurður og kerfi handgrafinna skurða í framhaldi af honum að Kálfshamarstjörn.

#### Saurar - 65

**Hlutverk:** Ræsi

**Tegund:** Niðurgröftur/skurðir

#### **Staðhættir og lýsing**

Rúmlega 60m NNA af tóftum Steinholts (nr. 55) eru mógrafir út frá þeim til suðvesturs er handgrafinn skurður til að ræsa fram úr mógröfunum hann beygir svo til vestur og aftur beint til suðurs með stefnu á Ægissíðu þaðan til suðvesturs og sameinast kerfi skurða sem virðist hafa verið til þess að ræsa fram nýtanlegt land til sláttu eða beitar á austurbakka Kálfshamarstjarnar.

#### Saurar - 66

**Sérheiti:** Leiðarvarða

**Hlutverk:** Óþekkt/leiðarvarða/innsiglingarmerki

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Þessi þrjú býli [Ægissíða, Holt og Steinholt] voru öll tómthús. Þau stóðu öll á holti sem nefnist Steinholt. Beint austur af Steinholti er Leiðarvarða sem er miðuð við innsiglingarmerki á Sauramöl. Suður af vörðunni var Spánskadys, nú horfin.“ (ÖKE, 3).

#### **Lýsing**

Um 50m austur af norðausturhorni túngarðsins á Steinholti er varða á grónu og stórgrýttu holti (Smáholti). Varðan er 40-70sm há, nokkuð hrunin að austan.

#### **Aðrar upplýsingar**

Innsiglingamerki á Sauramöl fannst ekki við vettvangsskráningu, né heldur svonefnd Spánskadys, sjá kafla um óstaðsettar minjar.



Mynd 51, varða nr. 66 á svonefndu Smáholti, norðaustur af býlinu Steinholti.

#### Saurar - 67

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft/þúst

#### **Staðhættir**

Á suðurbakka Laxá, rúmlega 520m niður með ánni (til vesturs) frá þjóðveginum er tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin er 5x10m að utanmáli og snýr NNA/SSV. Veggir eru 10-40sm háir en engir innveggir greinanlegir. Sunnan við tóftina er blautt og þýft en þurr árbakki að norðan.

#### **Aðrar upplýsingar**

Tóftin líkist helst mótóft, en engar mógrafir fundust á þessum slóðum sunnan Laxár en tölverðar grafir og mótóftir eru hins vegar norðan árinna (sjá Ós- 35-38).

### Saurar - 68

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Á milli Laxár og heimreiðarinnar að Saurum, 45m vestur af þjóðveginum er mógröf.

**Lýsing**

Mógröfin er á uppbornuðum árbakka, rúmlega 20m suður af Laxá. Hún er grasi gróin, um 200m<sup>2</sup> að stærð og 50-150sm djúp.

### Saurar - 69

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Tæplega 30m suður af heimreiðinni að Saurum og 30m vestur af þjóðveginum eru umfangsmiklar mógrafir og mótóftir við þær í svonefndri Rindakeldu (sbr. örnefnaþekja E.G.).

**Lýsing**

Mógrafarsvæðið er um 3000m<sup>2</sup> og grafirnar frá 50-100sm djúpar.

### Saurar - 70

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Austan við mógrafirnar (nr. 69) er þúst.

**Lýsing**

Þústin er grasi gróin, þýfð, 40-60sm há og um 5x5,5m að utanmáli.

### Saurar - 71

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Innan um mógrafirnar (nr. 69) að sunnan er mótóft.

**Lýsing**

Tóftin er tæplega 3x3m að utanmáli, opin til vesturs. Hún er grasi gróin, þýfð og um 30-40sm há.


### Saurar - 72

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir og lýsing**

Norðan við mógrafirnar nr. 69 er hringlaga þúst, líklega leifar mótóftar. Þústin er um 3m á kant og 20sm hærri en umhverfið, slétt að ofan og engin veggjalög sýnileg.



### Saurar - 73

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir og lýsing**

Við suðurhluta mógrafanna nr. 69 er önnur þúst, um 3x2,5m á kant og 60sm há, hugsanlega leifar móstafla.

### Saurar - 74

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur og hleðsla

**Staðhættir**

Á gróðursnauðri melbrún, um 130m austur af brúnni yfir Laxá er niðurgröftur með hleðslu.

**Lýsing**

Niðurgrafið er á milli grjóthleðsla sem eru að mestu hrundar en þær eru 20-50sm háar. Þær liggja VNV/ASA um 5x7m að utanmáli og er niðurgröfturinn lyngi gróinn.



Mynd 52, horft til vesturs yfir niðurgrafið mannvirki nr. 74 í melbrún á bökkum Laxár.

### Saurar - 75

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Í l yngmóa, 10m suður af niðurgreftri (sjá nr. ) er þúst.

**Lýsing**

Þústin er 7x8m að utanmáli og er 30-40sm há, mosa og lyngi gróin. Hlutverk er óvíst.

### Saurar - 76

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Um 200m austur af þjóðveginum í löngu dragi austan við svonefnda Árgilshóla er mógröf.

**Lýsing**

Mógröfin er 20-30sm djúp og um 260m<sup>2</sup>.

### Saurar - 77

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Á l ynggrónum meltoppi, nyrst á svonefndum Borgum (rúmlega 300m austur af þjóðvegi) er varða.

**Lýsing**

Varðan er rúmlega 1x1m að grunnmáli, hrunin og um 20-30sm há.

**Aðrar upplýsingar**

Um Borgir segir í örnefnaskrá: „Fyrir austan Rinda, en sunnan Árgilshóla, heita Borgir.“ (ÖKE, 4).



Mynd 53, varða nr. 77 á svonefndum Borgum.



Mynd 54, grjóthlaðið lítið byrgi á svonefndum Borgum sunnan Laxár í landi Saura.

### Saurar - 78

**Hlutverk:** Skotbyrgi

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Nyrst á svonefndum Borgum (rúmlega 300m austur af Þjóðvegi) er skotbyrgi.

**Lýsing**

Byrgið er grjóthlaðið um 2,3x3m á kant, veggir sem eru að hluta hrundir eru 30-70sm háir og mest um 80sm breiðir. Tóftin er ógróin en umhverfis er lynggróður.

**Aðrar upplýsingar**

Um Borgir segir í örnefnaskrá: „Fyrir austan Rinda, en sunnan Árgilshóla, heita Borgir.“ (ÖKE, 4).

## Saurasel

### Saurar - 79

**Sérheiti:** Saurasel

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Um 530m austur af Þjóðvegi í mólendi við uppborð lækjar drag er seltóft og við hana nokkrar mógrafir.

**Lýsing**

Tóftin er 10x12m að utanmáli og skiptist í 7-8 hólf. Hún snýr frá norðvestri til suðausturs og hafa 5 dyr snúið til vesturs og dyr eða hlið mót norðvestri. Veggir eru grónir grasi og mosa, 40-50sm háir og mesta breidd þeirra er um 1,5m.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Rindann, út við ána, eru Árgilshólar. Þar fyrir ofan er Saurasel.“ (ÖKE, 3).

### Saurar - 80

**Hlutverk:** Mógrafir


**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Um 530m austur af Skagavegi í mólendi við uppborð lækjar drag er seltóft og vestan við hana nokkrar mógrafir.

**Lýsing**

Mógrafirnar liggja meðfram uppborðu lækjar dragi frá norðvestri til suður, alls 140m<sup>2</sup> að flatarmáli. Þær eru um 80sm djúpar.





### Saurar - 81

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir og lýsing**

Við svonefnt Ytra-Grenjarlágarghorn er illgreinanleg lítil tóft. Tóftin er 4x5,5m að utanmáli og snýr NA-SV. Veggir eru 20-30sm háir og um 1m breiðir, lyngi grónir og falla vel inni umhverfið. Engar dyr eru greinanlegar og tóftin öll óljós og sokkin.



*Mynd 55, óljós tóft nr. 81 er næst á mynd og varða nr. 82 efst á svonefndu Ytra-Grenjarlágarghorni í baksýn.*

### Saurar - 82

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir og lýsing**

Efst á svonefndu Ytra-Grenjarlágarghorni er varða. Varðan er mest um 130sm há að norðan en hefur hrunið töluvert til suðurs, hún er um 80sm breið og með hruni rúmum 2m á lengd og stendur á lynggrónu melhorni.



*Mynd 56, varða nr. 82 á Ytra-Grenjarlágarghorni.*

### Saurar - 83

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

#### **Staðhættir og lýsing**

Stæðileg varða stendur á lynggrónum melhól um 390m SSV af ósi Laxárvatns. Varðan lítur ekki út fyrir að vera mjög gömul. Hún er ferköntuð á bilinu 190-200sm há og um 1m á kant neðst.



*Mynd 57, varða suður af ósi Laxárvatns, sem sést í fjarska til hægri á myndinni.*

### Saurar - 84

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Norðaustast á svonefndum Borgum, tæpa 300m SA af stóru vörðunni nr. 83 er önnur varða (nr. 84) og hleðsla upp að henni að suðvestan (nr. 85).

**Lýsing**

Varðan er 140-150sm há, ferköntuð og um 80sm á kant. Varðan sjálf er gróðurvana en stendur á grónum meltoppi.

**Saurar - 85**

**Hlutverk:** Óþekkt/smalaþyrngi?

**Tegund:** Hleðsla/tóft

**Staðhættir**

Norðaustast á svonefndum Borgum, tæpa 300m SA af stóru vörðunni nr. 83 er önnur varða (nr. 84) og hleðsla upp að henni að suðvestan.

**Lýsing**

Hleðslan eða þyrngið stendur í nokkrum halla til suðvesturs. Það er um 3,4x2,5m að utanmáli og snýr NA-SV með dyr til suðvesturs. Veggir eru grjóthlaðnir, lágir og grónir, mest um 30sm háir og 50sm breiðir.

**Saurar - 86**

**Hlutverk:** Óþekkt/þyrngi

**Tegund:** Tóft/hleðsla

**Staðhættir**

Um 340m VSV af Efri-Laxárvatnsósi er grjóthlaðið þyrngi.

**Lýsing**

Þyrngið sem er um 2,3x1,7m að utanmáli er hlaðið upp að stórum jarðföstum stein sem myndar norðurvegg þess. Veggir eru á bilinu 30-50sm háir og um 50sm breiðir. Dyr hafa verið til austurs.

**Saurar - 87**

**Hlutverk:** Gata

**Tegund:** Gata

**Staðhættir**

Greinilegar götur eru meðfram Borgunum austanverðum en þar lá þjóðleið. Framhald af þessum götum til suðurs liggur yfir Ferðamannás í landi Kálfshamars (Kálfshamar – 87).




Mynd 58, varða nr. 84 og hugsanlegt smalaþyrngi nær á myndinni nr. 85.



Mynd 59, horft til vesturs yfir hlaðið þyrngi suðvestur af Laxárvatni. Í baksýn sést varða nr. 83.

## Sel í Sellág



### Saurar - 88

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í svonefndri Sellág suðvestan Laxár um 250m norður af Ferðamannaflóa í landi Kálfshamars eru tóftir sels.

**Lýsing**

Tóftin er þrí- eða fjórskipt og er alls um 8,5x14m að grunnfleti. Vestast er hólfi með dyr til norðurs, 2,5x4m að innanmáli, austan við það gangur eða sund sem opnast til norðurs 1m breitt og 4,5m langt. Þar austan við eru tvö hólfi það norðara 1,2x2,4m með dyr til norðurs og það syðra 3x4m og hafa hugsanlega verið dyr á því til suðurs. Veggir eru algrónir grasi, 30-60sm háir og um 1m breiðir. Tóftin stendur í gróskumiklu dragi, svonefndri Sellág, sem líklega er gamall farvegur Laxár.



Mynd 60, seltóft í Sellág, horft til norðvesturs eftir láginni sem er líklega gamall farvegur Laxár.

### Saurar - 89

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í Sellág um 100m norðvestan við seltóftina (nr. 88) er tvískipt tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 8x10m að grunnfleti, syðra hólfið og það stærra er mest um 3x4,5m að innanmáli og með dyr til vesturs. Nyrðrahólfið er um 1,5x3m og einnig með dyr til vesturs. Veggir eru á bilinu 20-50sm háir og um 1m breiðir.

Þeir eru algrónir grasi, mosa og lyngi en eru þó heldur grænni en umhverfið.



Mynd 61, horft til suðaustur yfir tóft nr. 89 í Sellág.

### Saurar - 90

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í Sellág tæpa 25m suðaustur af seltóftinni (nr. 88) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 6x6,5m og snýr NA-SV, hún stendur niður í blautu draginu og er að hluta grafin inn í brekkuna til norðausturs. Veggir eru á bilinu 20-50sm háir og um 1m breiðir algrónir grasi. Svo virðist sem tóftin hafi verið tvískipt, þótt einnig geti verið um hrun að ræða. Dyr hafa verið til vesturs úr syðra hólfinu en engar dyr eru á því nyrðra.



Mynd 62, horft til suðurs yfir blautt drag ofarlega í Sellág og tóft nr. 90 neðst á myndinni.

### Saurar - 91

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í Sellág tæpa 25m suðaustur af seltóftinni (nr. 88) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 4x6m að grunnfleti, byggð upp við brekkuna að norðaustan og með dyr til norðvesturs. Veggir eru algrónir og tóftin öll illgreinanleg, veggjæð á bili 20-100sm hæst upp við bakkann að norðaustan. Tóftin stendur í nokkrum halla til suðurs og ekki útilokað að um lítinn matjurtagarð geti verið að ræða.



Mynd 63, horft til norðaustur, tóft nr. 91 sést óljóst í bakkannum fyrir miðri mynd.

### Saurar - 92

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgreftir

**Staðhættir**

Ofarlega (að suðaustan) í Sellág, í blautu dragi neðan við tóftir nr. 90 og 91 eru ummerki um mótekju, nokkrar grafir víðsvegar í draginu einkum meðfram norðurbakkanum. Grafirnar eru grónar og flestar um 1x3m á kant og 30-50sm djúpar.

### Saurar - 93

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Við norðvesturenda svonefndar Draugahylstjarnar er varða.

**Lýsing**

Varðan er um 1m á kant og 30-40sm há. Hleðslan sjálf er ógróin en umhverfis er gróðurryr melur með lyngtorfum.



*Mynd 64, varða (nr. 93) við norðvesturenda Draugahylstjarnar, horft til SA.*

### Saurar - 94

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Varða er á melhól um 70m vestan við lækinn sem rennur úr Selreiðartjörn í Laxá.

**Lýsing**

Varðan er 30-60sm há og um 1m á kant að grunnfleti. Hún er gróni grasi, mosa og lyngi og meltoppurinn sem hún stendur á að mestu lynggróinn.



*Mynd 65, varða nr. 94 norðvestur af Selreiðartjörn.*

### Sel gegnt Tjarnarseli



*Mynd 66, horft til vesturs yfir seltóftir á bökkum Laxár gegnt Tjarnarseli í landi Tjarnar.*

### Saurar - 95

**Hlutverk:** Sel


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á suðurbakka Laxár um 15m suðaustur af ánni, gegnt Tjarnarseli, eru tóftir sels í landi Saura. Þessar tóftir eru í rúmlega 5km fjarlægð í beinni loftlínu frá bæ á Saurum.

**Lýsing**

Tóftin er algróin og veggir þýfðir en þó vel greinanlegir og víða sér í grjót. Tóftin snýr nálega austur-vestur og tekur yfir svæði sem er 10x14,5m á kant. Vegg hæð er á bilinu 40-80sm og breidd á bilinu 1-2m. Tóftin skiptist í 9 eða 10 hólf, en vegna hruns er fyrirkomulagið ekki að fullu ljóst.



### Saurar - 96

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Á árbakkanum um 100m suðvestur af seltóftunum nr. 95 eru mógrafir.

**Lýsing**

Grafirnar eru algrónar og fremur óljósar og standa við bakka lítillar tjarnar eða hyls sem Laxá rennur í gegnum. Grafirnar eru um 6x13m á kant og á bilinu 50-100sm djúpar.

### Saurar – 97 (sama og Kálfshamar – 62)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan frá sjó ræður bein lína úr hamrinum milli Kálfshamarsness og Einarsness í vörðu á Steinholtinu; þaðan í vörðu, sem hlaðin er í Kálfshamarsflóa; [...].“ (ÖJB, 2). Þessi klettur kallast Vogaklettur samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar.

**Lýsing**

Á Vogakletti er grjóthlaðið garðlag, um 1,5m breitt og 7m langt, töluvert hrúnið og nú á bilinu 10-40sm hátt.

### Saurar – 98 (sama og Kálfshamar – 89)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan frá sjó ræður bein lína úr hamrinum milli Kálfshamarsness og Einarsness í vörðu á Steinholtinu; þaðan í vörðu, sem hlaðin er í Kálfshamarsflóa; [...].“ (ÖJB, 2). Varðan fannst ekki við vettvangsskráningu.

**Saurar – 99** (sama og Kálfshamar – 90)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Landamerki Saura og Kálfshamars: frá vörðu í Kálfshamarsflóa í Digruvörðu. (ÖJB, 2). Digravarða fannst ekki við vettvangsskráningu.

**Saurar – 100** (sama og Kálfshamar – 91)

**Hlutverk:** Óþekkt/landamerki?

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Landamerkin voru úr Digruvörðu í vörðu á Leirdalsbrún og þaðan í stein á há-Sviðningsborgunum, sem merktur er L.M. (ÖJB, 2).

**Lýsing**

Varða er á Leirdalsbrún hún er á bilinu 40-60sm há og um 1,5x1,5m að grunnfleti. Varðan sjálf er gróðurlaus en umhverfis er mosa- og lynggróinn hellumelur.



Mynd 67, varða nr. 100 á Leirdalsbrún.

**Saurar – 101** (sama og Kálfshamar – 92)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Landamerkin voru úr Digruvörðu í vörðu á Leirdalsbrún og þaðan í stein á há-Sviðningsborgunum, sem merktur er L.M. (ÖJB, 2). Steinninn fannst ekki við vettvangsskráningu, en hnit voru tekin samkvæmt landamerkjagrunni Nytjaland og má gera ráð fyrir 20m skekkju eða meira.

**Saurar – 102** (sama og Kálfshamar – 93)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Landamerkjavarða var norðanvert í Selhól og þaðan bein lína eins og vörður vísuðu í syðri enda Draughylstjarnar. (ÖJB, 2). Þessi varða fannst ekki á vettvangi en líklega er hér átt við norðanverðan Klaufarhól, en þar liggja merkin samkvæmt landamerkjaþekju Nytjaland og beygja þaðan til austurs í suðurenda Draugahylstjarnar. Hnit voru tekin eftir landamerkjalinu Nytjaland og má gera ráð fyrir skekkju upp að 20m.

**Saurar – 103** (sama og Kálfshamar – 94)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Landamerkjavarða var norðanvert í Selhól og þaðan bein lína eins og vörður vísuðu í syðri enda Draughylstjarnar. (ÖJB, 2). Engar vörður fundust á þessari línu, hins vegar er varða við norðvesturenda Draughylstjarnar (sjá Saurar - 93).

**Saurar – 104** (sama og Kálfshamar – 95)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Frá Draugahylstjörn voru merkin í stein á brún austan tjarnarinnar og var hann merktur L.M. og frá þeim steini í vörðu sem var á milli Saurasundanna. (ÖJB, 2). Þessi steinn fannst ekki á vettvangi.

**Saurar – 105** (sama og Kálfshamar – 96)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Frá Draugahylstjörn voru merkin í stein á brún austan tjarnarinnar og var hann merktur L.M. og frá þeim steini í vörðu sem var á milli Saurasundanna. (ÖJB, 2). Ekki var farið austur fyrir Selreiðartjörn í landi Kálfshamars og þessarar vörðu því ekki leitað á vettvangi.

**Saurar – 106** (sama og Kálfshamar – 97)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Frá Saurasundum lágu merkin eins og vörður vísuðu til Illukeldu við Laxá og var þar hlaðin varða. (ÖJB, 2). Ekki var farið austur fyrir Selreiðartjörn í landi Kálfshamars og þessara varða því ekki leitað á vettvangi.

**Saurar – 107** (sama og Kálfshamar – 98)

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Frá Saurasundum lágu merkin eins og vörður vísuðu til Illukeldu við Laxá og var þar hlaðin varða. (ÖJB, 2). Ekki var farið austur fyrir Selreiðartjörn í landi Kálfshamars og þessarar vörðu því ekki leitað á vettvangi.

**Vöð**

**Saurar – 108** (sama og Ós - 56)

**Sérheiti:** Grafarvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Vað

**Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Upp frá Ósnum er Hylur í Laxá. Rétt neðan hans er Grafarvað en nokkru ofan hans Skjölduvað, beint suður og niður af Ósbænum.“ (ÖKE, 2). Áin rennur í þröngum grafningi í gegnum mölin norðaustur af bæjarstæði Óss.

**Saurar – 109** (sama og Ós - 55)

**Sérheiti:** Skjölduvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Vað

**Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Upp frá Ósnum er Hylur í Laxá. Rétt neðan hans er Grafarvað en nokkru ofan hans Skjölduvað, beint suður og niður af Ósbænum.“ (ÖKE, 2). Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar var vað milli bæjanna Óss og Litla-Óss um svonefnt



Skjölduvað, þar sem er svolítill hólmi í Laxá skammt ofan við ósa hennar, u.þ.b. í beinni línu milli bæjanna tveggja.

**Saurar – 110** (sama og Ós - 54)

**Sérheiti:** Stekkjarvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Vað

**Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Stekkur er rétt norðan við Laxá, alllangt ofan við túnið. Hann stendur á dálítilli flöt, fast vestan við dálítið klettabelti. Rétt norðan hans er Stekkjarvað á Laxá.“ (ÖKE, 2). Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar var vað á Laxá nefnt Stekkjarvað um 180m austur af bæjarstæði Óss, en stekkur frá Ósi er þar á norðurbakkanum um 40m norður af ánni.

**Saurar – 111** (sama og Ós - 53)

**Sérheiti:** Gilvað/Gilsvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Vað

**Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá Óss segir: „Við Gullbrekkuendann syðri var vað á Laxá nefnt Gilvað, en þar ofan við heitir Laxárgil. Nú liggur brúin yfir þar sem Gilvað var.“ (ÖJJ, 3). Í örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar er vaðið nefnt Gilsvað, en sett niður á sama stað.

**Saurar - 112** (sama og Kálfshamar - 79)

**Hlutverk:** Landamerki?

**Tegund:** Hleðsla/varða

**Staðhættir og lýsing**

Vörðunefna er um 360m norðvestur af tóftum býlisins Klaufar, miðað við landamerkiþekju Nyttjalandis þá er þessi varða á merkjum Kálfshamars og Sviðnings. Hleðslan er um 30-40sm há og innan við 1m á kant og stendur á smá gróðurtorfu á annars gróðurryrum leirmel.

**Saurar - 116**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti frá 1921 er sýndur matjurtagarður sunnan við bæinn á Saurum, 84m<sup>2</sup>. Ummerki um hann voru ekki greinileg á vettvangi en hnit voru tekin eftir túnakorti eftir að það hafði verið lagt yfir hnitsetta loftmynd.

**Saurar - 117**

**Hlutverk:** Beðaslétta

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti frá 1921 er merkt „slétta“, líklega beðaslétta, sunnan við fjárhús nr. 7. Ummerki um þessa sléttu sáust ekki á vettvangi í ágúst 2010, þarna er nú að mestu unnið tún.

### *Óstaðsettar minjar*

**Saurar - 113**

**Sérheiti:** Spönskudysjar

**Hlutverk:** Legstaður/þjóðsaga

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

„Merki við sjó – á milli Saura og Kálfshamars eru í Vogklettinn á miðjum Vog. Vogur heitir út frá Vogkletti – að Framnesi. Framnes var áður nefnt Einarsnes. Fremst á Framnesi eru þrjár dysjar sem heita Spönskudysjar. Munnmæli herma að þarna hafi verið dysjaðir Spánverjar sem þar voru drepnir.“ (ÖKE, 1).

**Lýsing**

Engin merki fundust um dysjar við vettvangsskráningu á Einarsnesi 2010.

**Saurar - 114**

**Sérheiti:** Spánskadys

**Hlutverk:** Legstaður/þjóðsaga

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Þessi þrjú býli voru öll tómtús. Þau stóðu öll á holti sem nefnist Steinholt. Beint austur af Steinholti er Leiðarvarða sem er miðuð við innsiglingarmerki á Sauramöl. Suður af vörðunni var Spánskadys, nú horfin.“ (ÖKE, 3).

**Saurar - 115**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Í úttekt frá 1832 segir: „Heytóftir 2 eru til á jörðunni í brúkanlegu standi.“ (úttekt nr. 100). Ekki er ljóst hvar þessar heytóftir hafa verið og því óvíst hvort einhverjar þeirra skráðar hafa verið í skýrslunni kunni að vera leifar þeirra.

(Saurar – 116 er matjurtagarður og 117 beðaslétta, eru á bls. 79)

**Saurar - 118**

**Sérheiti:** Grænatóft

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir : „Á miðjum Rinda er Grænatóft.“ (ÖKE, 3). Engin tóft fannst á Rindanum og hugsanlega hefur hún horfið við vegaframkvæmdir en akvegurinn um Skaga liggur nú efri Rindanum.

## Ós - söguágrip



Mynd 68. Horft er til norðnorðausturs í átt að bæjarhóli Óss sem er fyrir miðri mynd.

Óss er fyrst getið í rekaskrá Þingeyrarklausturs frá 1285 þar nefnt Ósland.<sup>31</sup> Jörðin kemur aftur fyrir Sigurðarregistri frá 1525 þá eign Þingeyrarklausturs.<sup>32</sup> Ós fór í eyði 1973.<sup>33</sup>

Í jarðabók frá 1708 segir: „Þessi jörð segjast menn heyrta hafa, að áður hafi staðið fyrir sunnan Laxá, þar sem nú er kallaður Litliós, og er þetta landspláts milli þeirra takmarka, sem nú er ágreiningum um millum jarðanna.“<sup>34</sup> Þetta land tilheyrir Saurum í dag, sjá nánar um Litlaós í fornleifaskrá Saura hér að framan (sjá Saurar – 19).

### Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðabók frá 1708 segir að beitifjara sé í betra lagi á Ósi meðan ekki leggi ís. Engjar eru sagðar „[...] öngvar nema það lítið sem hent er úr fúa brokflóum, sem þó er valla teljandi“.<sup>35</sup> Réttur til upprekstrar á afrétt enginn, en kvikfé sé á jörðinni hætt fyrir dýjum og holgryfjulækjum og verði oft mein að. Torfrista og stunga eru sögð lök en mósukurður nægur til eldiviðar á þrætupartum milli Saura og Óss við Laxá. Rekavon er sögð mjög lítil en jörðin eigi allan hval- og timburreka sem á fjöruna kemur og hafi leiguliði það eina sem lög leyfa en landsdrottinn allt þar umfram. Lax og silungsveiðivon í Laxá er sögð brúkast lítt, þar eð mönnum þyki veiðin svipul, en hafi áður verið að góðu gagni. Heimræði með sama hætti og á Saurum, þ.e. sæmilegt og lending ein fyrir landi og skip gangi eins og ábúandi fái við komið. Sömuleiðis fylgi jörðinni skip og hvíli á leiguliða að fleyta því meðan aflavon er og hafi hann 40 álnir í formannskaup árlega.<sup>36</sup>

### Ábúð

Árið 1703 voru 5 skráðir til heimilis að Ósi en þegar mest var voru þar 14 manns til heimilis.<sup>37</sup> Ós fór í eyði 1973.<sup>38</sup>

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Ós	1686 <sup>39</sup>	Bændaeign	6 hndr og 160 al	40 álnir	2
Ós	1696 <sup>40</sup>	Þingeyrarklaustur	7,5 hndr	40 álnir	2

<sup>31</sup> Íslenskt Fornbréfasafn II, 250.

<sup>32</sup> Íslenskt Fornbréfasafn IX, 314.

<sup>33</sup> *Húnaþing II*, 103.

<sup>34</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 473.

<sup>35</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 473.

<sup>36</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 472-473.

<sup>37</sup> *Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands*. Skoðaður þann 11.04.2011.

<sup>38</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands*, 2007, 202.

<sup>39</sup> Björn Lárusson (1967), 242.

Ós	1708 <sup>41</sup>		7,5 hndr	20 álnir (var 60)	1 (var 2)
Ós	1847 <sup>42</sup>	Bændaeign	8 hndr	40 álnir	2
Ós	1861 <sup>43</sup>	-	5,4 hndr	-	-

### Eyðibýli?

Jörðin Gullkelda er talin með eyðijörðum í Þingeyrarklaustureign í Sigurðarregistri frá 1525.<sup>44</sup> Jarðarinnar er næst getið í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar þar sem segir að jörðin hafi eyðst af vatnsuppgangi en ekki vitað hvenær það gerðist.<sup>45</sup> Í Föðurtúni Páls Kolka segir: „Suður við Laxá var Gullkelda, sem er talin meðal eyðijarða Þingeyraklausturs og ekki mun hafa verið byggð í margar aldir, en örnefnið lifir þó enn.“<sup>46</sup> Nokkuð er um minjar á þessu svæði en engin augljós bæjartóft og má vera að Skagavegur hafi verið lagður yfir bæjarstæðið (sjá nánar í umfjöllun um minjar í Gullkeldu aftar í skýrslunni).

### Sel

Seltóftir eru á þremur stöðum í landi Saura. Í fyrsta lagi svonefnt Saurasel (Saurar – 79) um 300m austur af Laxárgili. Þá eru ónefndar selrústir í svonefndu Seldragi skammt vestur af bæjartóftum Klaufar (Saurar - 88) og aðrar nafnlausar tóftir sunnan Laxár gegnt Tjarnarseli (Saurar - 95), um 1km ANA af Klauf. Í jarðabókinni frá 1708 segir: „Tóftarústir eru í Sviðningslandi, sem kallað er Ósssel, en ekki vita menn hvort jörðin á hjer selstöðu eður hún hefur áður verið tilkeypt.“<sup>47</sup> Örnefnið Óssel/Ósssel er ekki þekkt í dag og óvíst til hvaða minja er hér vísað.

<sup>40</sup> Björn Lárússon (1967), 242.

<sup>41</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 473.

<sup>42</sup> *Jarðatal á Íslandi*, 243.

<sup>43</sup> *Ný jarðabók*, 90.

<sup>44</sup> *Íslenskt Fornbréfasafn IX*, 314.

<sup>45</sup> Ólafur Ólavíus (1964), 286.

<sup>46</sup> P.V.G. Kolka (1950), 23.

<sup>47</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII*, 473.

## Fornleifaskrá



Mynd 69, túnakort frá 1921 eftir Ágúst B. Jónsson lagt yfir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer minja í skýrslunni, nr. 1 bærinn, 2 fjósið o.s.frv. Samkvæmt upplýsingum á túnakortinu hefur túnið verið 1.9 ha. og matjurtagarður nr. 3 verið 50m<sup>2</sup>.

### Ós - 1

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Bæjarhóllinn er út við sjó og stafar hætta af landbroti og ágangi búfjár.

#### Staðhættir

Á túnakorti frá 1921 er bærinn syðst og vestast í túni og sambyggt honum fjós og kálgarður.

#### Lýsing

Bæjartóftin stendur á töluverðum bæjarhóli, gangabær með fimm húsum og hlaði til vesturs. Göngin eru um 11m löng og hefur baðstofan verið fyrir enda þeirra að austan um 3x7m að innanmáli. Næst baðstofunni að sunnan er minna hús (um 2x4m) með



grónum hleðslum í suðurenda, hugsanlega leifum hlóða og líklegt að þar hafi eldhúsið verið. Gengt því hinu megin ganganna er lítið hús (2x3,5m) með grjótbekk meðfram vesturvegg, hugsanlega stallur eða jata fyrir búpening. Ysta húsið að sunnanverðu er um 2,3x5m en gengt því norðan ganganna er síðasta húsið, 3,1x3,6m, engar greinilegar dyr eru úr því og óvíst hvort innangengt hefur verið í það úr göngunum. Utanmál tóftarinnar er 16,5x17,5, vegg hæð er frá 30-150sm og mesta breidd um 2,5m. Mikið grjót er í veggjum og sjást sumstaðar 5-9 steinaraðir, torf er bæði úr streng og að því er virðist kvíahnaus, að mestu gróið en rof er á nokkrum stöðum vegna ágangs sauðfjár.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1829 eru eftirfarandi hús skráð: baðstofa, búrhús, eldhús, göng frá baðstofu til útityra, fjárhúskofi innan bæjar fyrir 17 eða 18 kindur. Þar segir einnig að heytóftir séu tvær, gamlar og hrörlegar en ekki kemur fram hvort þær hafi verið við bæinn (*Ós í Nesjum*. Skjalasafn umboðanna. Þingeyrarklaustursumboð. Nr. 99).



*Mynd 70, samsett mynd af norðurhluta bæjartóftarinnar á Ósi. Fjós kann að hafa verið í annarri hvorri tóftinni fyrir miðri mynd eða lengst til vinstri. Hluti baðstofunnar sést lengst til hægri.*

#### **Ós - 2**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1921 er bærinn syðst og vestast í túni og við hann fjós og kálgarður.

**Lýsing**

Bæjartóftin stendur á töluverðum bæjarhóli, gangabær með fimm húsum og hlaði til vesturs. Líklegast er að fjósið hafi verið fyrir miðju að norðanverðu. Lítið hús (2x3,5m) með grjótbekk meðfram vesturvegg, hugsanlega stallur eða jata fyrir búpening. Húsið næst vestan við þetta, ysta húsið að norðanverðu, kemur þó einnig til greina en það er að mestu grjóthlaðið að innanverðu.

#### **Ós - 3**

**Hlutverk:** Kálgarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1921 er bærinn syðst og vestast í túni og við hann fjós og kálgarður.

**Lýsing**

Matjurtagarður er fast sunnan við bæinn og liggur í halla mót suðri. Hann liggur í stefnuna NA/SV og er um 9x9m að utanmáli. Veggir eru grasi grónir og hæð þeirra 30-60sm en mesta breidd rúmlega 1m.



Mynd 71, samsett mynd af suðurhluta bæjartóftarinnar á Ósi, lengst til vinstri sést hluti baðstofu. Fyrir miðju leifar hugsanlegs eldhúss og óskilgreinds stæðilegs húss hægra megin þess. Lengst til hægri á myndinni sést óþekkt tóft, nr. 4 gengt bæjardyrum.

#### Ós - 4

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta vegna nálægðar við sjó.

#### Staðhættir

Vestan í bæjarhólnum er tóft sem sýnd er á túnakorti frá 1921 þar merkt hús og hefur að líkindum verið einhverskonar útihús s.s. fyrir skepnur, smiðja eða skemma.

#### Lýsing

Tóftin er 8x9m að utanmáli, veggir eru hæstir um 1,5m og mest um 2,5m á breidd. Hún er grasi gróin en grjóthleðslur eru í vegg til vesturs og hrunið grjót. Engar dyr eru greinanlegar.

#### Aðrar upplýsingar

Í fjörunni vestan við tóftina er bakki, rofinn vegna ágangs sjávar, þar sjást móöskulög, kol, beina- og skeljarusl.



Mynd 72, horft til austurs yfir tóftir fjárhúsa (nr. 5) norðarlega í túninu á Ósi.

#### Ós - 5

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Á túnakorti frá 1921 er bærinn syðst og vestast í túni en í norðaustur horni túnsins er merkt hús, að líkindum útihús. Tóft er í túninu rúmlega 180m norðaustur af bæjartóftinni (nr. 1).

#### Lýsing

Tóftin er 11x13m að utanmáli, tvístæð garðahús með heytóft til austurs og hefur verið innangegnt yfir í hana af görðunum. Tóftin snýr norður/suður og þilstafn hefur verið mót vestri. Grjóthlaðnir útveggir standa sæmilega og eru frá 20-110sm á hæð og mesta breidd þeirra er um 1,5m. Veggir eru grasi grónir þar sem ekki sér í grjóthleðslur en veggir heytóftar eru óverulegir. Garðar eru grjóthlaðnir um 20sm háir.

## Aðrar upplýsingar

Norðvestan við fjárhústóftina er dökkgræn þúst, 4x12m að utanmáli sem gæti verið útmokstur úr fjárhúsunum. Sunnan tóftarinnar er hrúga af nokkuð stóru grjóti um 1x2m á kant og um 30sm há, austan við tóftina er önnur grjóthrúga með fremur flötum steinum um 130sm í þvermál og álíka há og hin. Hugsanlega er um að ræða grjót sem nýtt hefur verið til að fergja hey við húsin. Um 18m suðaustan við fjárhúsin nr. 5 er hrúga eða þúst nr. 21 með greinilegum byggingaleifum, hugsanlega leifar fjárhúsanna nr. 18, eða einhvers annars húss sem jafnað hefur verið við jörðu og leifum þess mokað út fyrir túnið.



Mynd 73. Horft er eftir túngarðinum úr fjörunni til austurs.

Sjást á kafla við suðvestur hluta túnsins, meðfram Laxá. Þar hefur verið hlaðið undir girðingu og eru hleðslurnar sýnilegar á um 75m kafla og eru um 20sm háar og 60sm breiðar.

## Ós - 6

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Garðlagið er í hættu vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Við norðurenda túnsins er garðlag sem liggur frá fjörunni í vestri yfir gróið en stórgrýtt holt til austurs.

**Lýsing**

Garðlagið er grjóthlaðið, rétt rúmlega 100m langt og liggur frá fjörunni í vestri til austurs og við austurendann beygir það til suðausturs. Það er 1-1,4m á breidd og 50-100sm á hæð.

**Aðrar upplýsingar**

Greinilegar hleðslur úr torfi og grjóti

## Ós - 7

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Jarðfundnar minjar (rofabarð)

**Hættumat:** Hætta vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir og lýsing**

Vestan í bæjarhólnum er tóft sem sýnd er á túnakorti frá 1921 þar merkt hús og hefur að líkindum verið einhverskonar útihús s.s. fyrir skepnur, smiðja eða skemma. Fast suðvestan við það er um 1m hár rofabakki. Mikið af fiskibeinum og kúskeljum sjást í lögum þarna í bakkanum, ásamt þykkum lögum af móösku og þynnri kolalögum. Greinilegt er að þarna hefur verið öskuhaugur, en hleðslubrot benda til að mannvirki kunni einnig að leynast þar undir.



Mynd 74, horft í rofabarð suðvestan við bæjarstæðið á Ósi. Þykk lög af móösku, ásamt lögum af fiskibeinum og skeljaleifum.



## Ós - 8

**Hlutverk:** Óþekkt, öskuhóll

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Mikil hætta vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Um 26m suður af bæjartóftinni (nr. 1) er gróinn hóll í lágri aflíðandi brekku sem gengur til austurs frá sjávarkambinum.

**Lýsing**

Hóllinn er nánast hringlaga, um 6,5m að þvermáli, 50-70sm hár og grasi gróinn. Engin mannvirki eru greinanleg á hólnum og hlutverk hans óvíst en mögulegt er að þetta sé öskuhóll.



Mynd 75. Horft er með ströndinni til suðvesturs og í baksýn sér í Kálfshamarsvíta. Grjóthlaðin tóftin er í mikilli hættu vegna nálægðar við sjó og hefur grjóti skolað upp á land við tóftina.

## Ós - 9

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Á grónum sjávarbakka um 15m norðvestur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er grjóthlaðin, 3,5x4,5m að utanmáli og snýr með ströndinni frá suðvestri til norðausturs. Hæð veggja er 40-60sm og breidd mest rúmlega 1m. Grjót sem að skolað hefur á land liggur á dreif um tóftina og umhverfis hana.

## Ós - 10

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:**

Hætta vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Á grónum sjávarbakka um 16m norður af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er algróin grasi og liggur samsíða sjávarbakkanum frá suðvestri til norðausturs. Dyr eru á suðvestur horni og snúa til



Mynd 76. Fyrir miðri mynd er tóft nr. 10 og til vinstri við hana grjótveggir sem eftir standa af tóft nr. 11. Horft er með ströndinni til NNA.

vesturs. Utanmál tóftar er 5x6m, hæð veggja 20-30sm og mesta breidd er rúmlega 1m. Hugsanlega er hér um sjóbúð eða hjall að ræða.

### Ós - 11

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Á grónum sjávarbakka um 16m norður af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft (nr. 10) og við norðvesturhorn hennar er önnur tóft, grjóthlaðin.

**Lýsing**

Tóftin er að hluta farin í sjó en það sem eftir stendur er um 2x5m að utanmáli. Hæð veggja er 40-60sm en ekki er mögulegt að greina hver breidd þeirra hefur verið.

### Ós - 12

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hætta vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Um 24m suðvestur af bæjartóftinni (nr. 1) er grjóthlaðin hleðsla utan í grónum hól fast við fjöruna.

**Lýsing**

Hleðslan er um 5m löng og liggur frá SSA til NNV, 30-50sm há. Engin önnur mannvirki sjást á eða við hólinn og óvíst hvaða hlutverki hleðslan hefur gegnt. Grjóti hefur skolað upp á land umhverfis hleðsluna og er hún því í mikilli hættu vegna landbrots.



Mynd 77. Grjóthleðsla við fjöruna suðvestur af bæjartóftinni. Horft er eftir ströndinni til suðvesturs.

### Ós - 13

**Hlutverk:** Brunnur, brunnhús

**Tegund:** Tóft, niðurgröftur með hleðslu

**Staðhættir**

Um 27m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) u.þ.b. miðja vegu milli bæjartóftarinnar og Laxár er niðurgrafin tóft með með grjóthleðslu. Tóftin er á mörkum gamals árfarvegar Laxár og holtsins sem er þar uppaf (norðan við).

**Lýsing**

Tóftin er næsta hringlaga, með gróna veggum um 1m breiða og 30-50sm háa sem hlaðnir hafa verið umhverfis hringlaga niðurgröft, brunn, sem er grjóthlaðinn að innan. Vatn er í brunnum en hann er þó að mestu fullur af mold og grjóti. Hann er innan við 1m í þvermál en tóftin er um 3,5m að utanmáli og opnast til norðvesturs.



Mynd 78, horft suðaustur yfir leifar brunns/brunnhúss nr. 13.

### Ós - 14

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, þúst

**Staðhættir**

Á norðurbakka Laxár, rúmlega 50m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin eða þústin er grasi gróin, um 4x4m á kant og veggja hæð er 10-20sm. Breidd veggja er um 1m.



Mynd 79. Horft er til norðausturs og ber hólinn við himinn, rétt ofan við miðja mynd.

### Ós - 15

**Hlutverk:** Óþekkt, bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

**Staðhættir**

Á grónu klapparholti á norðurbakka Laxár, rúmlega 60m austur af bæjartóftinni (nr. 1) er hóll.

**Lýsing**

Hóllinn er nokkuð stór eða um 20m í þvermál og 2-3,5m á hæð. Engar greinilegar tóftir sjást á honum en þar eru ójöfnur sem kunna að vera leifar mannvirkja.

### Ós - 16

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Tóft


**Staðhættir**

Í túni, tæplega 95m ANA af bæjartóftinni (nr. 1) er gróinn hóll og á honum tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 4x4m að utanmáli, með dyr sem snúa til norðurs. Hún er algróin grasi og hæð veggja er 10-40sm en breidd þeirra er mest um 1m. Tóftin stendur á svolitlum hól á má vera að þar séu eldri mannvirki undir sverði. Hóllinn er grasi gróinn og um 10m á kant og 40-60sm hár.





### Ós - 17

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Í túni, tæplega 100m norðnorðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er gróinn hóll og á honum tóft.

**Lýsing**

Hóllinn er um 7,5x9m á kant og 50-60sm hár og á honum tóft sem er 4x5m að utanmáli með dyr sem snúið hafa til norðvesturs. Tóftin er grasi gróinn eins og hóllinn og ögn niðurgrafin. Hæð veggja er um 10-30sm og mesta breidd tæplega 1,5m. Hóllinn er tæpa 20m frá fjörinni og hefur grjóti skolað upp á land og nær að hólnum.

### Ós - 18

**Hlutverk:** Fjánhús

**Tegund:** Tóft, dældir

**Staðhættir**



Í túninu um 120m norðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður, líklega tvístæð garðahús með heytóft til austurs, 10x12m að utanmáli. Útveggir eru grasi grónir, lágir og illgreinilegir í túninu, mest um 20sm háir 1,5m breiðir og á milli þeirra dældir sem marka krærnar. Dyr hafa snúið mót vestri en eru aðeins greinanlegar á syðra húsínu.

**Aðrar upplýsingar**

Um 18m suðaustan við fjárhúsin nr. 5 er hrúga eða þúst nr. 21 með greinilegum byggingaleifum, hugsanlega leifar fjárhúsanna nr. 18, eða einhvers annars húss sem jafnað hefur verið við jörðu og leifum þess mokað út fyrir túnið.



### Ós - 19

**Hlutverk:** Óþekkt


**Tegund:** Þúst, tóft?

**Staðhættir**

Í norðvesturhorni túnsins rúmlega 140m norðaustur af bæjartóftinni (nr. 1) er þúst eða illa farin tóft um 10m frá brattri grjótfjöru.

**Lýsing**

Þústin er um 5x5,5m að utanmáli og er dæld ofan í hana miðja. Veggjahæð er 10-20sm og breidd mest 2m. Þústin er grasi gróin og þýfð. Hugsanlega leifar af sjóbúð eða hjalli.



### Ós - 20

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Beint austur af túninu á Ósi er stekkjartóft, rúmlega 170m ANA af bæjartóftinni (nr. 1) og rúma 40m norður af Laxá. Hún liggur við gamlan árfarveg Laxár suður undir u.þ.b. 130sm háum bakka.

#### Lýsing

Tóftin er tvískipt, lambakró til norðvesturs, með hliði til norðausturs, en rétt til suðausturs með hliði til sömu áttar. Tóftin er 4x7,5m að utanmáli, veggir eru grasi grónir, 10-70sm háir og mest um 1,5m á breidd.



Mynd 80, horft til vesturs yfir stekkjartóft (nr. 20) við gamla túnjaðarinn á Ósi.

### Ós - 21

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

#### **Staðhættir og lýsing**

Í jaðri gamla túnsins á Ósi, um 18m suðaustur af fjárhúsunum nr. 5 er hrúga eða þúst með greinilegum byggingaleifum, grjóti og steinsteypu. Hrúgan er að mestu gróin, á bilinu 20-100sm há, sporöskjulaga 9,5x5m á kant.

#### **Aðrar upplýsingar**

Hugsanlega eru þetta leifar fjárhúsanna nr. 18, eða einhvers annars húss sem jafnað hefur verið við jörðu og leifum þess mokað út fyrir túnið. Óvíst erum aldur þessara byggingaleifa og hugsanlegt að þær séu yngri en 100 ára og teljist því ekki í lagalegum skilningi til fornleifa.

### Ós - 22

**Hlutverk:** Náma (mó-/torftaka)

**Tegund:** Niðurgroftur

#### **Staðhættir og lýsing**

Óljós ummerki um mó- eða torftöku eru undir hólnum austan við túnið á Ósi, milli holtsins og Laxár. Um 10-40sm háir manngerður bakki sést á um 130m kafla norðan við ána og bendir til að þar hafi efni verið tekið, torf eða mór.

### Ós - 23

**Hlutverk:** Naust


**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Fyrir norðan bæinn er vík sem nefnist Ósvík, hún endar við Stekkjartanga í norðri (ÖKE, 1-2). Norðarlega í vikinni, sunnan undir Stekkjartanga eru tvö samsíða naust eða hróf við fjöruna.

#### **Lýsing**

Tóftirnar eru bátslaga, opnar til hafs og liggja í stefnuna norðaustur/suðvestur og er nyrðri tóftin heldur stærri 5x9m að utanmáli en syðri tóftin 3,5x6,5m. Veggir eru grasi grónir, 30-60sm háir og mesta breidd um 120sm.



#### Ós - 24

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Fyrir norðan bæinn er vík sem nefnist Ósvík sem endar við Stekkjartanga í norðri (ÖKE, 1-2). Norðarlega í víkinni, sunnan undir Stekkjartanga eru 2 samsíða tóftir nausta við fjöruna.

**Lýsing**

Tóftirnar eru bátslaga, opnar til hafs og liggja í stefnuna norðaustur/suðvesturs og er nyrðri tóftin heldur stærri 5x9m að utanmáli en syðri tóftin 3,5x6,5m. Veggir eru grasi grónir, 30-60sm háir og mesta breidd um 120sm.

#### Ós - 25

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á grænni sléttri grundu, rúmlega 20m austur af tóftum nr. 23 og 24 eru tvennar tóftir.

**Lýsing**

Syðri tóftin snýr NNA/SSV og er 5x6m að utanmáli og hafa dyr snúið mót NNA. Veggir eru grasi grónir, nokkuð rofnir að innan og stendur tóftargólfið um 20-30sm lægra en umhverfið. Mesta hæð veggja er 80sm, en lægstir eru þeir um 10sm, veggbreiddin er á bilinu 1-1,5m .



Mynd 81, horft til austurs yfir tóftir fjárhúss (nr. 26) og hálf niðurgrafinnar tóftar sunnan hennar (nr. 25).

### Ós - 26

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Á grænni sléttri grundu, rúmlega 20m austur af tóftum nr. 23 og 24 eru tvennar tóftir.

**Lýsing**

Nyrðri tóftin er tvískipt, fjárhústóft sem snýr austur/vestur og tekur yfir svæði sem er um 9,5x6,5m á kant, tvennar dyr virðast hafasnúðið mót vestri, í átt til sjávar. Grjóthlaðinn garði er fyrir miðri tóft og að líkindum hefur verið heytóft til austurs en aðeins hluti hennar sést enn. Tóftin er grasi gróin og veggir að nokkru komnir í þúfur, hæð þeirra er 20-60sm og breidd mest um 1,5m.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekkt frá 1829 segir að heytóftir séu tvær, gamlar og hrörlegar (nr. 99). Óvíst er hvaða heytóftir er átt við.

### Ós - 27

**Sérheiti:** Stekkjartangi

**Hlutverk:** Stekkur?

**Tegund:** Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir utan bæinn, Ós, er Ósvík. Tanginn norðan við Ósvík heitir Stekkjartangi. Á honum, uppi á bakkanum, er Stekkur.“ (ÖKE, 2). Fremst á Stekkjartanga er tvískipt tóft, mögulega stekkjartóftin sem nefnd er í örnefnaskrá.



Mynd 82, horft til suðurs yfir stekkjartóft (nr. 27) sem er að brotna í sjó.

**Lýsing**

Tóftin liggur í vinkel og snýr annar hlutinn norður/suður, mögulega lambakró og er hlið á henni til suðurs. Hinn hlutinn, hugsanlega rétt, snýr austur/vestur með hliði til vesturs. Við norðaustur horn tóftarinnar er illgreinanlegt veggjalag, hugsanlega hluti eldri tóftar sem bendir til að stekkurinn hafi verið byggður á eldri minjum. Hæð veggja er 30-50sm og mesta breidd 1,5m. Tóftin stendur fremst á sjávarbakka sem brýtur af og mögulega hefur brotnað af



suðvestur horni tóftar. Hún er grasi gróin, veggir þýfðir en fjörugrjót sem skolað hefur á land liggur í og umhverfis tóftina. Samanlagt ná tóftirnar yfir 6,5x7m svæði.



Mynd 83, óþekkt tóftarbrot (nr. 28) austan Stekkjarness, norðarlega í landi Óss.

### Ós - 28

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Fremst á Stekkjartanga er tvískipt tóft (sjá nr. 27) og á sléttri grund tæpum 30m austar er önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt og liggur austur/vestur, 6x10m að utanmáli. Dyr eða hlið er við SA horn tóftar en ekki eru greinanlegar dyr á vestara hólfi. Veggir eru grasi grónir og hlaupnir í þúfur, þeir eru 30-50sm háir og mesta breidd eru tæpir 2m.

### Ós - 29

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Rúmlega 100m austur af stekkjartóftinni á Stekkjartanga (nr. 27) er tóft (nr. 29).

**Lýsing**

Tóftin snýr NV/SA, 5x7m að utanmáli og opin til suðvesturs. Veggir er 40-50sm háir og mest tæplega 2m á breidd, þeir eru grasi grónir og hlaupnir í þúfur.



Mynd 84, á myndinni til vinstri sést norðurhluti réttarinnar á Réttartanga (nr. 30), til hægri er samsett mynd þar sem horft er til austurs og suðurs.

## Ós - 30

**Sérheiti:** Réttartangi

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta vegna ágangs sjávar.

### Staðhættir

„Fyrir utan bæinn, Ós, er Ósvík. Tanginn norðan við Ósvík heitir Stekkjartangi. [...] U.þ.b. 400 föðmum norðan Stekkjartanga er Réttartangi og eru sker og flúðir fram af honum. (ÖKE, 2). Á fjörुकambinum nyrst í Óslandi er grjóthlaðin rétt, Ósrétt, gömul skilarétt Nesbænda.



### Lýsing

Réttin snýr NV/SA og er 25x25m að utanmáli. Hún samanstendur af 6 dilkum þar sem 3 og 3 dilkar eru samliggjandi og almenningur á milli þeirra. Veggir sem hlaðnir eru úr sjóbörðu grjóti eru 40-120sm háir og mest um 2m á breidd.

Þeir standa víða ágætlega en eru í mikilli hættu vegna ágangs sjávar. Mölin er sífellt að færast lengra uppá landið og eru vesturveggir réttarinnar að mestu komnir á kaf og töluvert af grjóti komið inní dilkana að vestan.

### Aðrar upplýsingar

Á Réttartanga er Ósrétt. Hún var áður fjárrétt sveitarinnar í mörg ár. Hún var byggð í tíð Jóseps, föður Jóhanns. Ósrétt var lögð niður 1926 og í staðinn upp tekin Klittarétt í landi Tjarna.“ (ÖKE, 2).



## Ós - 31

**Sérheiti:** Náttthagi

**Hlutverk:** Náttthagi

**Tegund:** Garðlag

### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Suður og austur af Réttartanga, u.þ.b. mitt á milli hans og Stekkjartanga, eru tvær tjarnir. [...]. Tjarnirnar heita Óstjarnir. Á milli þeirra heitir Náttthagi.“ (ÖKE, 2).

### Lýsing

Óstjarnir liggja samsíða norður/suður og á milli þeirra er gróinn og sléttur bakki. Að sunnan er lágt garðlag, um 20-30sm hátt og 50sm breitt sem lokar um 16m breiðu bili milli tjarnanna. Að norðan er afar óljóst hugsanlegt garðlag um 25m langt. Bæði eru þessi garðlög óveruleg og líklegt að girt hafi verið með vír ofan á þeim. Svæðið innan garðlaganna er um 30x70m á kant.

### Ós - 32

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**



Á norðurbakka Laxár, tæplega 270m austur af túninu á Ósi eru tvennar tóftir, stekkjartóft og líklega rétt.

**Lýsing**

Stekkjartóftin stendur fram á klapparnefi við Laxá. Hún er tvískipt, lambakró til norðurs en rétt til suðurs, tvenn hlið hafa verið og snúa bæði til vesturs. Tóftin er tæplega 6x7m að utanmáli, veggir grasi grónir og þýfðir, 30-50sm háir og mest um 2m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir, „Stekkur er rétt norðan við Laxá, alllangt ofan við túnið. Hann stendur á dálítilli flöt, fast vestan við dálítið klettabelti. Rétt norðan hans er Stekkjarvað á Laxá.“ (ÖKE, 2).



### Ós - 33

**Hlutverk:** Óþekkt, rétt

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Á norðurbakka Laxár, tæplega 270m austur af túninu á Ósi eru tvennar tóftir, stekkjartóft (nr. 32) og 10m norðan hennar er önnur tóft, mögulega rétt.

**Lýsing**

Umhverfis tóftina er stórþýft og votlent og veggir tóftar, sem eru grasi og mosa grónir, komnir í þúfur. Tóftin er 6x7m að utanmáli, vegg hæð er frá 40-70sm og breidd þeirra mest um 2m. Ekki er ljóst hvar dyr /hlið hefur verið á tóftinni.

### Ós - 34

**Hlutverk:** Mógröf


**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Á norðurbakka Laxár, u.þ.b. miðja vegu milli bæjarins og þjóðvegur og um 80m austur af tóftum nr. 32 eru mógrafir.

**Lýsing**

Mógrafarsvæðið er um 55x90m að utanmáli eða tæplega 4500m<sup>2</sup>. Mógrafirnar voru skráðar af loftmynd.



### Ós - 35

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir**

Á norðurbakka Laxár, u.þ.b. miðja vegu milli bæjarins og þjóðvegjar og um 80m austur af tóftum nr. 32 eru mógrafir og um 210-240m suðaustan þeirra eru fleiri mógrafir og mótóftir þar sem heitir Ósmór (ÖKE, 2).

**Lýsing**

Stærstu grafirnar liggja við suðvesturenda skurðar sem liggur frá þjóðvegi og nánast niður að Laxá. Þær eru grasi grónar, 50-140sm djúpar og er svæðið um 1100m<sup>2</sup>. Nokkrar minni grafir eru 50-100m austar og eru allar grafirnar skráðar hér sem ein heild.

Þær eru mun grynri og ógreinilegri, aðeins um 30sm djúpar.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Móhylur heitir í Laxá rétt ofan við Lyngnes í Sauralandi. Norðan hans er Ósmór.“ (ÖKE, 2).



Mynd 85. Horft er til norðausturs yfir mógrafir nr. 35 í Ósmó við Laxá.

### Ós - 36

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við mógrafarsvæði nr. 35 eru þrennar mótóftir. Vestasta tóftin liggur á sléttum árbakka Laxár, aðeins tæpa 7m frá ánni.

**Lýsing**

Tóftin er nokkurn veginn ferhyrnd, 3,5x3,5m á kant. Hún er grasi gróin, veggir að nokkru þýfðir um 20-70sm á hæð og mest um 1m breiðir.

### **Ós - 37**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við mógrafarsvæði nr. 35 eru þrjár mótóftir og tvær þeirra eru sunnan við stærsta mógrafarsvæðið.

**Lýsing**

Nyrðri tóftin er aflöng frá norðri til suðurs, 3x5,5m að utanmáli. Tóftin er grasi gróin, veggir þýfðir og hæð þeirra er frá 10-30sm.

### **Ós - 38**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við mógrafarsvæði nr. 35 eru þrjár mótóftir og tvær þeirra eru sunnan við stærsta mógrafarsvæðið.

**Lýsing**

Syðri tóftin er ferhyrnd, tæplega 4m á kant. Veggir eru 30-40sm háir, grasi grónir og þýfðir en sér í grjót að utanverðu.

### **Ós - 39**

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Í kverkinni milli þjóðvegjar sem liggur til norðurs út Skagann og Laxár eru mógrafir og tvær mótóftir við sinn hvorn endann.

**Lýsing**

Mógrafirnar liggja í mýri fast við gamlan farveg Laxár. Grafirnar eru alls um 1000m<sup>2</sup>, ein samfelld milli mótóftanna nr. 40 og 41 og þrjár minni um 45m suðaustan við þær. Grafirnar eru allar grasi grónar og um 30-100sm á dýpt.

### **Ós - 40**

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Vestur af norðvesturenda mógrafanna (sjá nr. 39) er mótóft.

**Lýsing**

Tóftin er 4,5x5,5m að utanmáli, grasi gróin og um 30sm há. Innbrúnir hennar eru óljósar.

### **Ós - 41**

**Hlutverk:** Mótóft


**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við suðurenda mógrafanna (sjá nr. 39) er mótóft sem liggur í stefnuna norðvestur/suðaustur.

**Lýsing**

Tóftin er 3,5x4,5m að utanmáli, grasi gróin og um 50sm há.



### **Gullkelda**

Jörðin Gullkelda er talin með eyðijörðum í Þingeyrarklaustureign í Sigurðarregistri frá 1525. (Ísl.Fornbréfasafn IX, 314). Jarðarinnar er næst getið í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar þar sem segir að jörðin hafi eyðst af vatnsuppgangi en ekki vitað hvenær það gerðist (Ólafur Olavíus, 286). Í Föðurtúni Páls Kolka segir: „Suður við Laxá var Gullkelda, sem er talin meðal eyðijarða Þingeyrarklausturs og ekki mun hafa verið byggð í margar aldir, en örnefnið lifir þó enn.“ (P.V.G. Kolka, 23). Nokkuð er um minjar á þessu svæði en ekkert augljóst bæjarstaði. Í örnefnaskrá segir „Út og suður, neðan við Gullbrekku, heitir Gullkelda, stórhættuleg skepnum. Þar út af eru Löngudý. Sú sögn er til, að einu sinni hafi staðið kirkja þar sem Gullkelda er nú, en hún hafi sokkið. Eitt sinn á að hafa komið upp eirketill úr Gullkeldu. Fast norðan við Gullkeldu eru tóftir nefndar Gullkeldutóftir. E.t.v. eru það bara brot af gömlum heygörðum.“ (ÖKE, 3). Fleiri þjóðsögur eru til um bæ í Gullkeldu (sjá t.d. Árbók Ferðafélags Íslands, bls. 202).

## Ós - 42

**Hlutverk:** Óþekkt (samgöngubót/túngarður)

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Sitthvoru megin þjóðvegur, um 170-300m norður af merkjum Óss og Saura er garðlag, líkast upphlöðnum vegi yfir mýrina.

**Lýsing**

Garðlagið er í nokkrum hlutum sem virðast mynda heild, þó mögulegt sé að um tvö aðskilin mannvirki sé að ræða. Um 65m austur af þjóðveginum liggur rúmlega 100m langt garðlag frá suðri til norðurs eftir endilegra mýri, greinilegt að sunnan en rofnar og hverfur er norðar dregur. Tæplega 15m norðan þess er annað garðlag rúmlega 60m langt sem liggur frá austri til vesturs. Það er skorið í sundur við vesturendann af skurði. Garðlagið virðist svo halda áfram vestan við þjóðveginn, tæplega 60m frá austri til vesturs en beygir svo til norðvesturs og heldur áfram um 50m. Garðlagið er gróið lyngi, grasi og mýrargróðri og hlaupið í nokkuð stórar þúfur, 20-50sm hátt og um 1m breitt.

**Aðrar upplýsingar**

Þessi garðlög tengjast hugsanlega bænum Gullkeldu sem talin er með eyðijörðum Þingeyrarklausturs á 16. öld, en einnig kann að vera um upphlaðinn veg, eða svokallaða torfbrú, að ræða.

## Ós - 43

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Staðhættir og lýsing**

Við vesturenda garðlagsins (nr. 42) eru mógrafir, 634m<sup>2</sup> að stærð og um 20sm djúpar.

## Ós - 44

**Sérheiti:** Gullkeldutóftir

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Rúmlega 50m norður af garðlagi (nr. 42) og 40m austur af þjóðveginum er heytóft.

**Lýsing**

Tóftin sem liggur í mýri er 5x6m að utanmáli, gróin grasi og mýrargróðri. Tóftin er um 20-60sm há, veggir þýfðir og þýft er innan tóftar. Fáein grjót sjást neðst í veggjum.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Fast norðan við Gullkeldu eru tóftir nefndar Gullkeldutóftir. E.t.v. eru það bara brot af gömlum heygörðum.“ (ÖKE, 3).

## Ós - 45

**Sérheiti:** Gullkeldutóftir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Rúmlega 50m norður af garðlagi (nr. 42) og 40m austur af þjóðveginum er heytóft (nr. 44) og um 10m suðaustan hennar er aflöng þúst.

**Lýsing**

Engin greinileg lögun er á þústinni og engar innbrúnir greinanlegar. Hún er í raun aflangt stórpýft þúfnakraðak í mýri. Þústin er 4x9m að utanmáli, snýr frá norðaustri til suðvesturs. Hugsanlega þurrkvöllur eða heystæði.

### Ós - 46

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Gullbrekka nefnist brekkan vestur undir gamla þjóðveginum (ÖSK, 3) sem liggur nokkru austar og ofar við núverandi þjóðveg. Í lyngi gróinni brekkunni er tóft sem hlaðin er upp í brekkuna til austurs.



Mynd 86, horft til norðurs yfir Gullkeldu, tóft (nr. 46) utan í Gullkeldubrekku, fyrir miðri mynd.


**Lýsing**

Tóftin er aflöng og liggur frá norðri til suðurs 4,5x10m að

utanmáli. Veggir eru þýfðir og sokknir, grónir grasi og lyngi og falla vel inní umhverfið, þó sér í grjót í vesturvegg. Vegg hæð er á bilinu 30-60sm og mesta breidd um 150sm.

**Aðrar upplýsingar**

Götur liggja eftir brekkufætinum meðfram Gullkeldu og virðist hafa verið sléttað á kafla fyrir vegi, hugsanlega er þetta gamall akvegur, mesta breidd um 150sm.



### Ós - 47

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Gilhvammur heitir hvammur sá við Laxá (ÖSK, 3) sem er næstur austan við brúna á þjóðveginum yfir Laxá. Austast í honum, á grónum bala er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er rúma 50m norður af Laxá, tvískipt, 6x9m að utanmáli. Hún er mögulega byggð á eldri tóftum þar sem að óljósar veggjaleifar eru sunnan og vestan tóftarinnar. Veggir eru grasi grónir 30-40sm háir og mest um 2m á breidd. Dyr eða hlið er á tóftinni og snýr til norðurs.





Mynd 87. Grjóthleðsla (nr.48). Horft er yfir Laxá til suðvesturs.



Mynd 88. Ártalið 1898 er klappað á einn stein í vörðunni (nr. 49).

### Ós – 50

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúfa

**Staðhættir og lýsing**

Tvær nokkuð greinilegar stakar þúfur eru á sunnanverðu Tjarnarfjalli, þær eru nokkurn veginn í línu annars vegar við landamerkjaskurðinn milli Tjarnar og Óss sem nær frá Skagavegi og út að sjó og hins vegar norðurenda Brúnkolluhamars. Vestari þúfan, nr. 50 stendur á smá gróðurtorfu á annars uppblásnum mel, hún er um 30sm há og um 50sm í þvm., gróin lyngi og mosa.

**Aðrar upplýsingar**

Í landamerkjaskrá Óss frá 1890 segir: „Að vestan frá Laxárósi út að Ranaskála ræður sjór merkjum; að norðan úr Ranaskála í svo kallaða Merkjapúfu á sunnanverðu Tjarnarfjalli; þaðan beina línu í Brúnkolluhamarsþúfu, norðan til á Brúnkolluhamri.“ Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar er Merkjapúfa í línu við merkjaskurð milli Óss og Tjarnar töluvert vestar en þúfan sem hér er lýst (ISN93: A436675 N616089). Ekki er víst hve mikil skekkja kann að vera á þeirri staðsetningu en ekki er um fullfrágengin gögn að ræða.

### Ós - 48

**Hlutverk:** Óþekkt, varða

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Gilhvammur heitir hvammur sá við Laxá (ÖSK, 3) sem er næstur austan við brúna á þjóðveginum yfir Laxá. Á lítt gróinni hvammbrúninni að norðan er grjóthleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan er tæplega 2m á kant, 10-20sm há, hrúga af grjóti sem mögulega gæti verið hrunin varða.

### Ós - 49

**Hlutverk:** Óþekkt, varða

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Í norðausturhorni jarðarinnar á lítt grónum mel er varða.

**Lýsing**

Varðan er 20-40sm há og stendur á lyngi gróinni gróðurtorfu á annars lítt grónum mel. Hún er ferhyrnd 1,5x1,5m að grunnmáli. Í einn steininn er klappað ártalið 1898.



Mynd 89, horft til austurs yfir þúfu á merkjum Tjarnar og Óss, í baksýn sést önnur þúfa (nr. 51), saman stefna þær á norðurenda Brúnkolluhamars.

Engin hleðsla eða þúfa var skráð á þeim slóðum sumarið 2010. Hvort þúfa nr. 50 er hin rétta landamerkjapúfa skal ekki fullyrt.

### **Ós – 51**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúfa

#### **Staðhættir og lýsing**

Tvær nokkuð greinilegar stakar þúfur eru á sunnanverðu Tjarnarfjalli, þær eru nokkurn veginn í línu annars vegar við landamerkjaskurðinn milli Tjarnar og Óss sem nær frá Skagavegi og út að sjó og hins vegar norðurenda Brúnkolluhamars. Austari þúfan, nr. 51 stendur á hálfgrónum mel, hún er um 30sm há og um 50sm í þvm., gróin lyngi og mosa.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í landamerkjaskrá Óss frá 1890 segir: „Að vestan frá Laxárósi út að Ranaskála ræður sjór merkjum; að norðan úr Ranaskála í svo kallaða Merkjaþúfu á sunnanverðu Tjarnarfjalli; þaðan beina línu í Brúnkolluhamarsþúfu, norðan til á Brúnkolluhamri.“ Umrædd þúfa er um 180m VNV af norðurenda Brúnkolluhamars.

### **Vöð og leiðir**

#### **Ós - 52**

**Sérheiti:** Tjarnarvegur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Götur

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Milli Tjarnarfjalls og Laxárgils heitir Ósmóar. Neðan við Vatnsflóa, neðst í Ósmóunum, er Háabrekka. Í Ósmóunum er Heydalur. Liggur hann frá suðvestri til landnorðurs. Vestur móana liggur heybandsvegur, sem Tjarnarvegur heitir.“ (ÖKE, 4). Þessi leið var ekki skráð á vettvangi en frá Tjarnarfjalli að Laxárgili má á köflum greina skýrar götur á loftmynd. Göturnar sjást vel til suðurs frá Tjarnarfjalli á mörkum Vest- og Austmóa og til suðurs austan við Brúnkolluhamar, til suðvestur eftir melunum að norðurenda Heydals, sem er gróinn vatnsfarvegur. Ekki er hægt að greina göturnar eftir Heydal á loftmyndinni en þær koma aftur í ljós við suðurenda hans þar sem þær fara yfir melana með stefnu á Laxárgil. Göturnar voru teiknaðar upp af loftmynd.

#### **Aðrar upplýsingar**

Greinilegar götur sjást á loftmynd (Loftmyndir ehf: E402-3.jpg) frá Krókhylshvammi (sem er neðan (sunnan) við sumarbústaðinn á Ósi) til norðvesturs þvert yfir Heydal og áfram eftir móunum með stefnu fast norðan við Gullkeldu. Aðrar greinilegar götur liggja frá vegslóð vestan túnanna norðan Laxárvatn í landi Tjarnar að suðurenda Brúnkolluhamars og þaðan áfram í landi Óss til vesturs eftir móunum með stefnu á vegamót gamla og nýja Skagavegar. Engar heimildir fundust um þessar leiðir og óvíst um aldur gatnanna.

### **ÓS - 53 (sama og Saurar – 111)**

**Sérheiti:** Gilvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Vað

#### **Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá Óss segir: „Við Gullbrekkuendann syðri var vað á Laxá nefnt Gilvað, en þar ofan við heitir Laxárgil. Nú liggur brúin yfir þar sem Gilvað var.“ (ÖJJ, 3).



*Mynd 90, fjögur nafngreind vöð eru á Laxá í Nesjum, en hún var mjög vatnslítill þegar vettvangsskráning fór fram í miðjum ágúst 2010 og víða stígvélavæð og gott betur. Hér sést svonefnt Stekkjarvað (nr. 54), um það bil miðja vegu milli tveggja stekkjartófta (nr. 20 og 32).*

**Ós – 54** (sama og Saurar – 110)

**Sérheiti:** Stekkjarvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Vað

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Stekkur er rétt norðan við Laxá, alllangt ofan við túnið. Hann stendur á dálítilli flöt, fast vestan við dálítið klettabelti. Rétt norðan hans er Stekkjarvað á Laxá.“ (ÖKE, 2). Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar var vað á Laxá nefnt Stekkjarvað um 180m austur af bæjarstæði Óss, en stekkur frá Ósi er þar á norðurbakkanum um 40m norður af ánni.

**Ós – 55** (sama og Saurar – 109)

**Sérheiti:** Skjölduvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Vað

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Upp frá Ósnum er Hylur í Laxá. Rétt neðan hans er Grafarvað en nokkru ofan hans Skjölduvað, beint suður og niður af Ósbænum.“ (ÖKE, 2). Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar var vað milli bæjanna Óss og Litla-Óss um svonefnt Skjölduvað, þar sem er svolíttill hólmi í Laxá skammt ofan við ósa hennar, u.þ.b. í beinni línu milli bæjanna tveggja.

**Ós – 56** (sama og Saurar – 108)

**Sérheiti:** Grafarvað

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Upp frá Ósnum er Hylur í Laxá. Rétt neðan hans er Grafarvað en nokkru ofan hans Skjölduvað, beint suður og niður af Ósbænum.“ (ÖKE, 2). Áin rennur í þröngum grafningi í gegnum mölina vestur af bæjarstæði Litla-Óss.

### Ós - 57

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Götur/vegur

#### **Staðhættir**

Gullbrekka nefnist brekkan vestur undir gamla þjóðveginum (ÖSK, 3) sem liggur nokkru austar og ofar við núverandi þjóðveg. Götur og að því er virðist ruddur vegur liggur norður/suður eftir brekkufætinum.

#### **Lýsing**

Götur liggja eftir brekkufætinum meðfram Gullkeldu og virðist hafa verið sléttað á kafla fyrir vegi, hugsanlega er þetta gamall akvegur, mesta breidd um 150sm.

## *Horfnar minjar og óskráðar*

### Ós - 58

**Sérheiti:** Ranaskáli (í landi Tjarnar)

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir og lýsing**

Í landamerkjaskrá Óss frá 1890 segir að merkin liggi: „Að vestan frá Laxárósi út að Ranaskála ræður sjór merkjum; [...]“. (Landamerkjabók A-Hún (1890), skjal nr. 165). Merki milli Óss og Tjarnar eru fyrir miðri vík sem í örnefnaskrá Tjarnar, er kölluð Skálavík (ÖT, 2) og er skurður á merkjum jarðanna. Engar tóftir eru á merkjum, en nokkru norðar í landi Tjarnar eru tóftir býlis sem kallað var Ranaskáli (Sjá fornleifaskráningu Tjarnar frá 2009/90 nr. 24 - 10594). Í örnefnaskrá sem styðst við lýsingu Jóhanns Jósepsonar frá 1943 segir hins vegar: „Að norðan byrjar Ósland við sjó í tóftarþústu sem Ranaskáli heitir.“ (ÖKE, 1).

### Ós - 59

**Sérheiti:** Merkjaþúfa

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Hleðsla/Þúfa

#### **Staðhættir og lýsing**

Í landamerkjaskrá Óss frá 1890 segir: „Að vestan frá Laxárósi út að Ranaskála ræður sjór merkjum; að norðan úr Ranaskála í svo kallaða Merkjaþúfu á sunnanverðu Tjarnarfjalli; þaðan beina línu í Brúnkolluhamarsþúfu, norðan til á Brúnkolluhamri.“ Samkvæmt örnefnaþekju Einars Guðsteinssonar er Merkjaþúfa upp á Tjarnarbrekku austan Skagavegar í línu við merkjaskurð milli Óss og Tjarnar. Landamerkjaþúfa var ekki skráð á vettvangi, en samkvæmt örnefnaþekjunni eru hnitin á henni ISN93: A436675 N616089, óvíst er hve mikil skekkja er á þeim hnitum.

#### **Aðrar upplýsingar**

Hvorki Merkjaþúfa né Brúnkolluhamarsþúfa fundust á vettvangi, hins vegar voru tvær þúfur skráðar á mótunum um það bil í línu á milli þeirra miðað við lýsingar, sjá nr. 50 og 51.

### Ós - 60

**Sérheiti:** Brúnkolluhamarsþúfa

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Hleðsla/Þúfa

#### **Staðhættir og lýsing**

Í landamerkjaskrá Óss frá 1890 segir: „Að vestan frá Laxárósi út að Ranaskála ræður sjór merkjum; að norðan úr Ranaskála í svo kallaða Merkjabúfu á sunnanverðu Tjarnarfjalli; þaðan beina línu í Brúnkolluhamarsþúfu, norðan til á Brúnkolluhamri.“ Þúfan á Brúnkolluhamri fannst ekki en hnitin á norðurhluti Brúnkolluhamars eru ca. ISN93: A437446 N615941.

### Aðrar upplýsingar

Hvorki Merkjabúfa né Brúnkolluhamarsþúfa fundust á vettvangi, hins vegar voru tvær þúfur skráðar á móunum um það bil í línu á milli þeirra miðað við lýsingar, sjá nr. 50 og 51.

### Ós - 61

**Sérheiti:** Óssel (í Sviðningslandi)

**Hlutverk:** Sel


**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í jarðabók frá 1708 segir: „Tóftarústir eru í Sviðningslandi, sem kallað er Óssel, en ekki vita menn hvort jörðin á hjer selstöðu eður hún hefur áður verið til keypt“ (JÁM, 473). Sjá fornleifaskrá Sviðnings.

## Viðbætur – áður óskráðar minjar í landi Tjarnar

Minjar sem fundust óvænt í landi Tjarnar við fornleifaskráningu Saura sumarið 2010, minjarnar eru norðan og austan Laxár gengt býlinu Klauf í landi Saura.



Mynd 91, númerin á myndinni vísa til ónotaðra númera í fornleifaskráningu Tjarnar, Tjörn-73 til 77.



Mynd 92, horft til suðurs yfir umfangsmiklar tóftir í landi Tjarnar (Tjörn – 73), Klaufarhóll í baksýn og Draughylsflói á milli. Undir Klaufarhól austanverðum, efst til vinstri á myndinni má greina tóftir býlisins Klauf (Kálfshamar 80-85).

### Tjörn-73

**Hlutverk:** Óþekkt/Sel?/Bær?

**Tegund:** Tóftir

#### Staðhættir

Minjarnar eru norðan og austan Laxár gengt býlinu Klauf í landi Saura, syðsta og umfangsmesta tóftin er um 360m norður af Klauf (sjá Kálfshamar 80-85), á grösugum mólendis bakka norðan svonefnds Draughylsflóa. Syðst er allstór tóftasamstæða (nr. 73) önnur smærri norðan hennar (nr. 75) og einföld tóft á milli þeirra (nr. 74).

#### Lýsing

Syðsta tóftin samanstendur af 6-7 húsum eða herbergjum, og er að utanmáli u.þ.b. 11x18m. Þessi tóft virðist eldri en hinar og er er verr farin, veggir útflattir og hlaupnir í þúfur, 30-60sm háir og um 1m breiðir.

#### Aðrar upplýsingar

Umfang þessara minja er meira en almennt gengur og gerist um sel, en þar er gjarnan að finna þrískipta tóft, sjálft selið og einhver ummerki um aðhald, rétt eða kvíar í grennd. Umfang þessara minja vekur því upp spurningar um hvort hér kunni að hafa verið búið um lengra eða skemmra skeið.

### Tjörn-74

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Tóftin er rúma 2m vestan við norðurhluta tóftar nr. 73, á móabakka norðan Draughylsflóa.

#### Lýsing

Tóftin er einföld, um 5x5m að utanmáli og snýr næsta rétt við áttum með dyr til vesturs. Veggir eru á bilinu 30-50sm háir og um 1m breiðir, vaxnir grasi og mosa. Grjót sést í útvegg að sunnan.



Mynd 93, horft til austurs yfir tóft nr. 74 í landi Tjarnar.

#### Aðrar upplýsingar

Tóftin gæti verið yngri en tóft nr. 73 en gróður og ástand mjög svipað og á tóft nr. 75.



Mynd 94, horft til norðvesturs yfir hugsanlegar seltóftir (nr. 75) í landi Tjarnar.

### Tjörn-75

**Hlutverk:** Óþekkt/Sel?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Tóftin er um 150sm norðan við tóft nr. 74 og stendur á grónum móabakka norðan Draughylsflóa.

**Lýsing**

Tóftin er þrí- eða fjórskipt. Syðst er aflangt hólf, hugsanlega kvíar og tví- eða þrískipt tóft áföst henni að norðan. Veggir eru grónir grasi og mosa 30-60sm háir og um 1m breiðir, grjót sést á stökustað.

**Aðrar upplýsingar**

Tóftin gæti verið yngri en tóft nr. 73 en gróður og ástand mjög svipað og á tóft nr. 74.

### Tjörn-76

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir og lýsing**

Um 114m norðvestur af tóftum (nr. 75) er stök þúst á gróðurryrum mel sem sker sig vel úr umhverfinu og ljóst er að um mannvirki af einhverju tagi er að ræða. Þústin er sporöskjulaga og snýr SV-NA, 4,5x6m að utanmáli og er um 20-40sm hærri en umhverfið, algróin grasi mosa og lyngi. Dæld er í suðvesturhluta þústarinnar en engin greinileg dyr eða veggir.

### Tjörn-77

**Hlutverk:** Óþekkt/sel?

**Tegund:** Tóftir

**Staðhættir**

Um 70m norðvestur af tóft nr. 76 og um 300m austur af selminjum í svonefndri Sellág eru fornar tóftaleifar (nr. 77).

**Lýsing**

Götur liggja þvert yfir tóftirnar sem eru fornlegar, lyngi og mosa vaxnar og hlaupnar í þúfur. Veggir eru á bilinu 40-60sm háir og sést grjót á stökustað. Innra fyrirkomulag tóftarinnar er fremur óljóst og hjálpar ekki að götur liggja þvert yfir tóftina, hún virðist þó hafa verið a.m.k. þrískipt.



Mynd 95, horft til suðvesturs yfir óljósa forna tóft (nr. 77) í landi Tjarnar

## Samantekt og niðurstöður

Samkvæmt samningi Skagahrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast fornleifaskráning jarða í hreppnum við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir skráðar sem sjálfstæðar heildir.

Minjarnar sem hér eru til umfjöllunar tilheyra löndum jarðanna Kálfshamars, Saura og Óss. Að auki fundust fjórar tóftir í landi Tjarnar sem skrásetjurum hafði yfirsétt við skráningu jarðarinnar árinu áður og engar heimildir voru um, fjallað er um þær í sérstökum kafla hér að framan en þær ekki hafðar með í samantektinni.

### Fjöldi og ástand minja

Alls voru skráðar 287 minjar í landi Kálfshamars, Saura og Óss, þar af voru 11 sem ekki reyndist unnt að staðsetja með viðunandi nákvæmni. Af þeim 276 minjum sem skráðar voru á vettvangi voru 260 sýnilegar á yfirborði en 16 voru staðsettar með hjálp heimildamanna, túnakorta eða annarra traustra heimilda. Þar sem svo ber undir er staðsetning gefin upp í hnitatóflum en tegund minja er skráð sem heimild og má gera ráð fyrir allt að 20-50m skekkju.

Jörð	Fjöldi fornleifa*	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar minjar	Hlutfall horfinna/óstaðsettra
Kálfshamar	106	12	2	13%
Saurar	113	4	5	8%
Ós	57	0	4	7%
Alls	276*	16	11	10%

\*Hér er átt við minjar sem unnt var að staðsetja.

### Minjar í landi Kálfshamars

Sýnilegar minjar í landi Kálfshamars eru mest búsetuminjar frá 19. og 20. öld í nágrenni gamla bæjarstæðisins () auk fjölda smábýla og þurrabúða á vesturhluta jarðarinnar einkum niður við Kálfshamarsvík þar sem byggðist upp lítið sjávarpláss á fyrri hluta 20. aldar. Austur í landinu eru minjar um býlið Klauf frá 18.-19. öld og eldri minjar í nágrenni þess, hugsanlega hefur býlið verið byggt á gömlu selstæði frá Kálfshamri.

Lítið er eftir af minjum á sjálfu bæjarstæðinu á Kálfshamri, bærinn og öll útihús utan eitt (**nr. 9**) hafa verið sléttuð eða horfið vegna bygginga. Þó má greina nokkrar misfellur og vísbendingar um minjar undir sverði á bæjarhólnum (**nr. 1**) og í nágrenni hans. Óljósar tóftaleifar eru einnig út við sjávarbakkann suðvestur af bæjarstæðinu (**nr. 10-11**) og ummerki um torftekju sunnan túns og umfangsmiklar minjar um mótekju, sunnar í flóanum (**nr. 13-20**). Umfangsmesta minjasvæðið í landi Kálfshamars er eins og áður segir við Kálfshamarsvík, þurrabúðir og smábýli auk útgerðarminja frá 19. og 20. öld (**nr. 43-62**). Mikið af keimlíkum minjum að eðli og aldri er einnig að finna norðar með sjónum í landi Saura. Þá eru sjóbúðir á mölinni austan við Kálfshamarstjörn (**nr. 39-40**) og hugsanlegar útgerðarminjar ofan Steinholtubrekku (**nr. 27-33**). Þrjú smábýli hafa að auki verið norðan og austan bæjar á Kálfshamri frá sama tíma, Nýibær austur við Rinda, en Jaðar og Blómsturvellir norðan bæjar og umfangsmiklar menjar um mótekju í flóanum austan þeirra. Austan Skagavegar hækkar landið og taka við lynggrónir hellumelar og ásar með daldrögum og mýrarflóm á milli og er nokkuð um vörður og hleðslur (**nr. 66-73, 91-92 og 101**) á því svæði austur að Klaufarhóli. Ummerki um mótekju og þrennar tóftir eru vestan Klaufarhóls en austan hans eru leifar býlisins Klaufar, bæjar og fjárhústóftir (**nr. 80 og 82**) frá 18.-19. öld,



auk fleiri tófta sem kunna að vera eldri, m.a. hugsanlegrar seltóftar (**nr. 84**) þá er fornleg tóft (**nr. 86**) austan flóans gengt bæjartófunum. (Þessi listi er ekki tæmandi

Minjar í landi Kálfshamars eru eins og verða vill í misgóðu ástandi af þeim 105 sem voru skráðar á vettvangi reyndust fjórar flokkast undir það að vera „heillegar“ samkvæmt stöðlum Fornleifaverndar Ríkisins frá 2008 (sjá heimasíðu fornleifaverndar <http://www.fornleifavernd.is/files/8/20080609105155104.pdf>). 26 minjar töldust „vel greinanlegar“, 32 „greinanlegar“ og 22 „illgreinanlegar“ en 13 minjar sáust ekki á yfirborði og ástand 16 minja var ekki metið. Óápreifanlegar minjar eins og álagablettir, þjóðsagnastaðir, vöð og lendingar er sjaldan hægt að meta með þessum hætti og voru tveir slíkri staðir skráðir (**nr. 102** og **105**). Þá voru nokkrar landamerkjavörður að auki skráðar eftir landamerkjapækju Nyttjaland og ástand þeirra ekki metið, sem og mótófta sem staðsettar voru með loftmynd eftir að vettvangsskráningu lauk (**nr. 106**).

### **Minjar í hættu**

*Minjar í landi Kálfshamars eru almennt ekki í mikilli hættu, þó eru fjórar minjar sem liggja undir skemmdum af völdum ágangs sjávar og 10 til viðbótar í fyrirsjáanlegri hættu. Flestar vegna landbrots og ágangs sjávar.*

NR	Fvr Nr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök
39	13593	Bárubúð/-tóftir	tóft	híbyli	mikil hætta	ágangur sjávar
40	13594	Malarland	tóft	híbyli	mikil hætta	ágangur sjávar
50	13604		hóll	öskuhaugur	mikil hætta	landbrot
62	13616		garðlag	landamerki	mikil hætta	landbrot
16	13570		tóft	óþekkt	hætta	landbrot
43	13597	Salthús	steinsteypa	híbyli	hætta	landbrot
44	13598	Carlsbúð	tóft	verbúð	hætta	landbrot
45	13599		þúst	óþekkt	hætta	landbrot
46	13600	Benediktshús, Ásbyrgi, Gróttu	niðurgröftur/hleðsla	óþekkt	hætta	landbrot
47	13601		niðurgröftur/hleðsla	brunnur	hætta	landbrot
48	13602		tóft	fjárhús	hætta	landbrot
52	13606		tóft	híbyli	hætta	rof
55	13609	Miðhús	tóft	híbyli	hætta	rask
58	13612		þúst	öskuhaugur	hætta	landbrot
88	13826		tóft	óþekkt	hætta	landbrot

*Minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær verði fyrir skemmdum.*

### **Áhugaverðar minjar í landi Kálfshamars**

Minjar sjávarþorpsins skammlífa í Kálfshamarsvík eru áhugaverðar í samhengi útgerðar- og byggðasögu svæðisins og hefur vel verið staðið að merkingu og kynningu þeirra með gerð yfirlitsskiltis og merkingum við hverja tóft með upplýsingum um nafn og aldur. Áhugavert væri að kanna með fornleifarannsókn hvort hægt væri að finna eldri minjar á nesinu, en í

